# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

300. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 21. DESEMBER 2016




**Í GÓÐUM HÖNDUM** Sjúkraflutningamenn aðstoðuðu farþega smárútu sem fór út af á Mosfellsheiði í gær. Tæplega tuttugu farþegar voru um borð og hlutu nokkrir minniháttar meiðsl. Ýmsum fjallvegum var lokað eftir að færð spilltist skyndilega þegar djúp lægð gekk yfir landið í gær. Gekk á með stormi á suðurhluta landsins en veður lægði þegar leið á nóttina. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR


## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Kolbrún Baldursdóttir skrifar um óviðunandi aðstæður barna. 24

**MENNING** Guðrún Eva Mínervudóttir ætlaði sér alltaf að skrifa kerlingabók. 40

**LÍFIÐ** Framsetningin skiptir jafn mikilu máli og sjálf gjöfin. 56

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **LÍFIÐ**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







# Kæra á hendur Öldu felld niður

**Ekki eru líkur á sakfellingu að mati Lúðvíks Bergvinssonar, setts héraðssaksóknara í máli aðallögfræðings lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðingu. Verður áfrýjað segir Garðar Steinn Ólafsson, lögmaður kæranda.**

**LÖGREGLUMÁL** Mál á hendur Öldu Hrönn Jóhannsdóttur, aðallögfræðingi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, vegna svokallaðs LÖKE-máls hefur verið fellt niður. Lúðvík Bergvinsson, settur héraðssaksóknari í málinu, telur eftir rannsókn málsins litlar líkur á sakfellingu.



**Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðallögfræðingur lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.**

Gunnar Scheving Thorsteinsson lögreglumaður og starfsmaður Nova kærðu Öldu Hrönn fyrir brot á friðhelgi einkalífs þeirra, aðdróttanir í þeirra garð og hvernig rannsókn hennar á LÖKE-málinu sem snerist um að dreift hefði verið myndum úr lokuðu kerfi lögreglunnar. Deilt er um hvort Alda Hrönn hafi haft vald til þess að hefja rannsókn á samskiptum lögreglumannsins. Málið hafi fyrst verið skráð í apríl 2014 en rannsókn Öldu Hrannar hófst hins vegar í október árið áður. Samkvæmt lögreglulögum hafi hún ekki haft vald til að rannsaka störf lögreglumanns. Aðeins ríkissaksóknari hafi haft það vald.

Samkvæmt gögnum setts héraðssaksóknara var Öldu Hrönn gefin munnleg heimild til rannsóknar málsins.

Garðar Steinn Ólafsson, lögfræðingur Gunnars Scheving Thorsteinssonar, segist ætla að áfrýja niðurstöðunni til setts ríkissaksóknara, Boga Nilssonar. Það sé eftiráskýring að Alda Hrönn hafi fengið munnleg heimild.

„Það vantar að skýrsla sé tekin af brotaþolum sjálfum sem og að settur héraðssaksóknari fékk lögreglumann til aðstoðar seint og um síðir og því margt skrýtið við þessa niðurstöðu,“ segir Garðar Steinn.

„Ríkissaksóknari getur ekki sett fram nein skjöl um að hann feli sakborningi rannsókn. Ástæðan er sú að þessi fyrirmæli voru ekki gefin fyrr en í apríl 2014, þegar málið er loks skráð. Frekari rannsókn mun vonandi leiða í ljós að Alda Hrönn hafði lagalega ábyrgð á óeðlilegum aðgerðum. **– sa**

**visir.is** Nánar er fjallað um málið á vísir.is.




## Mikil uppsveifla í fasteignsölu

**VIÐSKIPTI** Á fyrstu ellefu mánuðum ársins var heildarvelta á fasteignamarkaði rúmir 415 milljarðar króna samkvæmt Þjóðskrá Íslands. Hún hefur aukist um 25 prósent milli ára en fjöldi samninga aðeins um 8 prósent.

Mest hefur veltan aukist hlutfallslega á Reykjanesi, úr 15 milljörðum í 27, eða um 80 prósent.

**– sg /** **sjá Markaðinn**

## Segir leikhúsið vera karlaheim

**LÍFIÐ** „Við erum vonandi að stíga mikilvægt skref í því að normalísera hvort konur eða menn séu ráðnir til að leika góð hlutverk sem henta báðum kynjum. Jagó er leikinn af Nínu Dögg hjá okkur,“ segir Gísli Örn Garðarsson leikstjóri sem með félögum sínum í Vesturporti frumsýnir Óþelló í sam-



starfi við Þjóðleikhúsið á annan í jólum.

Æfingaferlið fer vel á stað og hópurinn í heild er vel stemmdur fyrir eitt tilfinningaþrungnasta verk Shakespeares. Þetta mun vera í fyrsta skipti í leikhússögunni sem karlhlutverkið Jagó er leikið af konu.

**– gjs /** **sjá síðu 52**







## Veður




Breytileg átt, 3-10 og él, einkum um landið sunnanvert. Frost 0 til 8 stig, kaldast inn til landsins á Norðausturlandi. **SJÁ SÍÐU 36**



**Neftóbak er löglegt.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# 40 tonn seld af neftóbaki í ár

**VERSLUN** Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leggur til að tóbaksgjald hækki um allt að 69 prósent á hvert gramm tóbaks. Þetta kemur fram í athugasemdum ÁTVR við fjárlagafrumvarp það sem nú liggur fyrir þinginu.

Í athugasemdunum segir að áætlað sé að rúmlega fjörutíu tonn af neftóbaki seljist á árinu. Það er tæplega fjórföldun frá aldamótum og tvöföldun frá árinu 2008.

„ÁTVR treystir sér ekki lengur til að greina milli munntóbaks og neftóbaks og hefur leitað leiðbeininga hjá heilbrigðisráðuneytinu um hvernig skuli greina á milli,“ segir í umsögninni. Neftóbak er löglegt á Íslandi en munntóbak ekki. **– jóe**

# Pakkað inn pökkum fyrir þá sem þurfa



**Hjálpræðisherinn var á fullu að pakka gjöfum fyrir jólagleðina í Ráðhúsinu á aðfangadag þegar Fréttablaðið bar að garði í gær. Alls var búið að pakka yfir 200 pökkum. „Í ár vorum við heppin því að við fengum góðan styrk. Oftast höfum við þurft að kaupa vörur en í ár fengum við fjögur bretti af vörum sem komu sér afar vel,“ sögðu glaðir sjálfboðaliðar. Laufey Erla Sófusdóttir lét ekki sitt eftir liggja við að gleðja þá sem þurfa.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Jólasveinar þéna vel á aðfangadag

**FINNLAND** Jólasveinarnir í Finnlandi græða á tá og fingri á aðfangadag. Sá sem er iðinn við jólagjafaúthlutun getur þénað nær 1.800 evrur eða um 216 þúsund íslenskra króna, samkvæmt útreikningum FNB.

Gengið er út frá því að fjölskyldur greiði 50 til 90 evrur fyrir heimsókn frá jólasveini sem venjulega stendur yfir í 15 mínútur í mesta lagi. Talið er að duglegur jólasveinn geti farið í um 20 heimsóknir.

Jólasveinarnir í Helsinki græða mest og svo í Lapplandi. Á skíðastöðunum þar getur verðið fyrir heimsókn frá sveinka verið 250 evrur. Kostnaðurinn er hár vegna langra vegalengda.



Haft er eftir jólasveini að nú þegar sé farið að bóka heimsóknir á jólunum 2017. **– ibs**

# 700 milljónir skorti til lyfjakaupa

**ALÞINGI** Útgjöld fjárlagafrumvarpsins til lyfjamála eru vanáætluð í það minnsta um 700 milljónir að mati Félags atvinnurekenda, Samtaka verslunar og þjónustu og Frumtaka. Þetta kemur fram í athugasemd félaganna til fjárlaganefndar þar sem þau lýsa yfir þungum áhyggjum vegna þessa.

Í athugasemdinni kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum sé gert ráð fyrir að útgjöld vegna S-merktra lyfja fari níu prósent fram yfir fjárheimildir ársins í ár. Verði ekki gerðar breytingar á frumvarpinu liggi ljóst fyrir að fé til kaupa á sjúkrahúslyfjum verði uppurið á haustmánuðum.

„Hjá heilbrigðisstarfsmönnum eru skiljanlega áhyggjur af því að sjúklingar fái ekki sambærilega lyfjameðferð og tíðkast í löndum sem við kjósum að bera okkur saman við,“ segir í athugasemdunum. **– jóe**

**Þráðlaus kjöthitamælir**

*Fyrir grill og ofna*



VERÐ ÁÐUR 7.990
JÓLATILBOÐ
**4.990**

*Stilltu á tegund og steikingu*
*Mælirinn lætur þig vita þegar maturinn er tilbúinn*

*Opið alla daga til jóla*

grillbudin.is **Grillbúðin**

Smiðjuvegi 2, Kópavogi - (við hliðina á Bónus) - Sími 554 0400

# Minni verslun vegna breytts kortatímabils

**Kaupmenn finna fyrir minni verslun vegna nýs fyrirkomulags greiðslukortatímabila. Ekki eru lengur auglýst ný tímabil snemma í desember líkt og áður. Gamla fyrirkomulagið er barn síns tíma að sögn forstöðumanns hjá Borgun.**

**VIÐSKIPTI** Ekki eru lengur auglýst ný greiðslukortatímabil snemma í desember líkt og tíðkaðist áður. Í dag eru það bankarnir sem ráða kortatímabilum.

Jón Björnsson, forstjóri Festar sem rekur meðal annars Krónuna, segir fyrirtækið finna fyrir minni verslun þessa dagana þar sem nýtt greiðslukortatímabil hefst 22. þessa mánaðar fyrir viðskiptavini Arion banka og Íslandsbanka og 27. desember fyrir viðskiptavini Landsbankans. Áður fyrr hófust ný kortatímabil fyrr í mánuðinum.

Sökum þessa halda viðskiptavinir að sér höndum í jólainnkaupum og vilja frekar freista þess að kaupa inn á nýju kortatímabili.

„Við finnum það eðlilega að fólkið okkar er spurt hvenær nýtt kortatímabil hefjist. Ég álít að það sé að einhverju leyti af því að fólk vill vita hvenær það gæti borgað reikninginn fyrsta febrúar í stað fyrsta janúar,“ segir Jón. Áhrifin séu þó ekki stórkostleg.

Þannig segir Jón að fólk hafi áður fyrr haft rýmra greiðslufyrirkomulag. Nú hafi bankarnir það í sínu valdi að ákveða fyrirkomulagið.

„Þú þarft að snúa þér til bankans núna og bankarnir hafa greinilega ekki hugsað út í þetta eins og Borgun og Valitor hafa gert í gegnum árin. Þau hafa verið að rýmka um fyrir greiðslufyrirkomulagi hjá neytendum,“ segir Jón. Hann segir gamla fyrirkomulagið betra fyrir kaupmenn og neytendur. „Það sem er betra fyrir neytendur er yfirleitt betra fyrir kaupmanninn. Það fer eiginlega alltaf saman,“ segir hann.

Í viðtali við Bítið á Bylgjunni í gær sagði Bergþóra Karen Ketilsdóttir, forstöðumaður viðskiptavers hjá Borgun, að áður fyrr hafi bara verið eitt ákveðið kortatímabil. Frá átjánda degi mánaðar til sautjánda dags þess næsta. Þetta hafi hins vegar breyst smám saman og nú séu mismunandi kortatímabil.

„Þetta er barn síns tíma. Það eru aðrar lausnir sem koma í staðinn,“ sagði Bergþóra Karen og nefndi hún til að mynda jólalán Borgunar, greiðsludreifingu og tímabundna hækkun á heimildum korthafa. „Það eru alltaf til leiðir til að auðvelda viðskipti.“ **thorgnyr@frettabladid.is**



**Ef til vill liggur þetta kjöt í kæli þar til nýtt greiðslukortatímabil hefst.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Við finnum það eðlilega að fólkið okkar er spurt hvenær nýtt kortatímabil hefjist.**



Jón Björnsson, forstjóri Festar



ALLAR SÆNGUR
20-40%
AFSLÁTTUR
Gleðileg jól
ALLAR ÁBREIÐUR
30%
AFSLÁTTUR
ÖLL SÆNGURVER
20-50%
AFSLÁTTUR
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rfl.is
Gildir 21.12. - 24.12.

# Rannsókn á amfetamínsmygli teygir sig til Hollands

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn eru enn í gæsluvarðhaldi grunaðir um innflutning á fjórum kílóum af amfetamíni og töluverðu magni stera fyrr í þessum mánuði. Búið er að sleppa þremur öðrum sem þó eru enn taldir tengjast málinu.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að fjórir menn væru í gæsluvarðhaldi grunaðir um smyglið. Þá var búið að sleppa einum manni í málinu en upphaflega voru fimm handteknir.

Tveir mannanna starfa hjá lífeindafyrirtæki í Reykjavík, sá þriðji er fasteignasali, sá fjórði selur fæðubótarefni og sá fimmti vinnur hjá póstinnflutningsfyrirtæki sem talið er að hafi verið notað til að flytja efnin inn.

**Er sendingin barst til landsins skipti lögregla efnunum út fyrir gerviefni og kom fyrir upptökutæki.**

Sölumaður fæðubótarefnanna og starfsmaður póstinnflutningsfyrirtækisins eru enn í haldi lögreglu. Gæsluvarðhald yfir þeim var framlengt og gildir fram á Þorláksmessu. Mennirnir eru báðir fæddir árið 1993.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði rannsókn á innflutningi efnanna staðið yfir í þó nokkurn tíma. Er sendingin barst til landsins skipti lögregla efnunum út fyrir gerviefni og kom fyrir upptökutæki til að fylgjast með og ná öllum málsaðilum.

Rannsókn lögreglu á málinu miðar ágætlega en hún er umfangsmikil og er meðal annars unnin í samstarfi við lögregluyfirvöld í Hollandi.

Holland hefur komið mikið við sögu í innflutningi fíkniefna undanfarin ár. Hald var lagt á mjög stóra sendingu í Norrænu í september í fyrra en þá voru handteknir tveir Íslendingar og tveir Hollendingar. Málið vakti mikla athygli vegna greindarskerðingar annars Hollendingsins í málinu sem var í hálfgerðum vergangi í Reykjavík um síðustu jól enda í farbanni.

Þá vakti athygli mál hollenskra mæðgna sem komu hingað til lands með mikið magn fíkniefna. Móðirin í því máli veitti lögreglu ítarlegar upplýsingar um skipuleggjendur smyglsins en hlaut eftir sem áður þyngsta dóm sem fallið hefur í fíkniefnamáli hér á landi. – snæ



Rannsókn lögreglu beinist meðal annars út fyrir landsteinana, til Hollands. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


Í borgarstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Vilja bæta stöðu nemenda í PISA

**MENNTAMÁL** „Niðurstöðurnar úr PISA eru sláandi og mikið áhyggjuefni," bókuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks á borgarstjórnarfundi í gær.

„Til að bæta stöðu reykvískra nemenda í PISA-könnuninni verði efnt til víðtæks samstarfs og greiningarvinnu til að styrkja kennsluhætti í þeim þremur námsgreinum sem könnunin nær til. Í því skyni verði hafnar viðræður við menntamálaráðuneytið, menntastofnanir sem sinna rannsóknum á þessu sviði sem og alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins; kennara, skólastjórnendur, foreldra og foreldrasamtök um leiðir til úrbóta," segir í tillögunni sem vísað var til umfjöllunar í skóla- og frístundaráði.

„Við verðum að taka þessar niðurstöður alvarlega og bregðast strax við og fara í úrbætur í stað þess að vísa henni í ráð og nefndir eins og meirihlutinn leggur til að gert verði með þessa tillögu okkar. Við eigum ekki að sætta okkur við að íslenskir nemendur séu heilu skólaári á eftir jafnöldrum sínum í þeim löndum sem við berum okkur saman við," bókuðu Sjálfstæðismenn sem kváðust telja að með sameiginlegu átaki allra sem sinna menntamálum og kennslu og með samvinnu nemenda og foreldra megi bæta frammistöðuna. – gar

# Sálfræðingur telur PISA-prófið gallað vegna hugtakaruglings

**Grunur leikur á að þýðingarrammi PISA-prófsins, sem börn innan OECD taka á fjögurra ára fresti, hafi verið brotinn í síðustu þýðingu. Hugtökum ekki haldið aðskildum í íslensku útgáfunni eins og gert er í þeirri ensku segir sálfræðingur. Forstjóri Menntamálastofnunar segir aðrar niðurstöður styrkja réttmæti PISA.**

**MENNTAMÁL** Vafi leikur á að þýðingar á PISA-prófinu séu það góðar að hægt sé að bera niðurstöður íslenskra skólabarna saman við skólabörn annars staðar innan OECD-landa. Þetta er mat Ásdísar Bergþórsdóttur sálfræðings á þýðingum PISA-prófsins út frá þýðingarramma OECD um það hvernig prófið eigi að vera uppsett.

„Við getum ekki fullyrt um hvaða afleiðingar það hefur, við vitum ekki hvort þetta er búið að vera svona lengi. Ég skoðaði prófið ekki orð fyrir orð enda tæki það mun lengri tíma," segir Ásdís.

„Hins vegar get ég sagt að setningabyggingin er að einhverju leyti flóknari hér en annars staðar og að einhverju leyti verður ruglingur þar sem hugtökum er ekki haldið aðskildum á íslensku en það er gert í enska textanum. Þýðingarrammi PISA kveður á um að þýðendur skuli halda texta á sama erfiðleikastigi en það er ekki gert að öllu leyti nú."

Að mati Ásdísar þarf að kafa betur ofan í það hvaða áhrif þetta gæti haft. Tveir einstaklingar eru fengnir til að þýða textann og sá þriðji ráðinn til að samhæfa þýðingarnar. Að því loknu er fjórði aðilinn fenginn frá PISA til að skoða hvort þýðingin falli að markmiðum PISA.

„Þetta er eitthvað sem eftirlitsaðili PISA verður að taka afstöðu til. Það eru þeir sem bera ábyrgð á prófinu að lokum," segir Ásdís.

Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar, sem stýrði PISA-próftökunni hér á landi, segist fagna því að þýðingin sé skoðuð ofan í kjölinn.



> Ég sé ekki í fljótu bragði neitt sem dregur úr réttmæti prófsins.
>
> Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar

PISA-prófið þreyta grunnskólabörn og eru niðurstöður notaðar til að greina menntakerfi OECD-landanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við höfum líka velt fyrir okkur að senda þetta til OECD og láta þá fara gaumgæfilega yfir þetta. Ég hef skoðað álit Ásdísar og ég sé ekki í fljótu bragði neitt sem dregur úr réttmæti prófsins," segir Arnór.

Arnór telur útkomu PISA-prófsins nægilega réttmæta til þess að bera hana saman við aðrar þjóðir. „Til að mynda höfum við aðrar rannsóknir hér á landi sem við berum ábyrgð á sem eru að sýna sömu þróunina. Sú vissa skýtur stoðum undir réttmæti PISA-prófsins. sveinn@frettabladid.is





1. PRENTUN UPPSELD
2. PRENTUN KOMIN

Arnaldur Máni Finnsson / DV

Gripdeild.is

„... flinkastur ..."
Sunna Dís Másdóttir / Kiljan

„Rosaleg bók!"
Þorgeir Tryggvason / Kiljan

„Brjálæðislega flott"
Egill Helgason / Kiljan




Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla daga fram að jólum 10–19 | Lokað á aðfangadag | www.forlagid.is



**0kr. Nova í alla**
fylgir í 12 mánuði

**iPhone 7** 32GB

**109.990 kr.** stgr.

128GB **119.990 kr.**
256GB **134.990 kr.**



**0kr. Nova í alla**
fylgir í 12 mánuði

**iPhone 7 Plus** 32GB

**119.990 kr.** stgr.

128GB **139.990 kr.**



**0kr. Nova í alla**
fylgir í 12 mánuði

**iPhone SE** 16GB

**69.990 kr.** stgr.

64GB **89.990 kr.**



# 0kr. Nova í alla

## fylgir farsímum í 12 mánuði

**Ótakmarkaðar mínútur og SMS í alla farsíma og heimasíma á Íslandi.**




**Bíókort** 5x í bíó

**3.790 kr.** stgr




**Urbanista Berlin** Bluetooth

**5.990 kr.** stgr.




**JBL Go** Hátalari

**2.990 kr.** stgr.

**2 fyrir 1**



**Urbanista Seattle**

**8.990 kr.** stgr.

Borgar fyrir 1 stk. en færð 2 stk.

**Apple TV** 32GB

**19.990 kr.** stgr.

64GB **29.990 kr.**



**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

**NOVA**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**



**Þjónusta við aldraða þykir ódýr í Taílandi.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Eyði ævikvöldi sínu í Taílandi

**TAÍLAND** Stjórnvöld í ýmsum löndum, þar á meðal í Þýskalandi og Bretlandi, kanna nú möguleika á að semja um öldrunarþjónustu fyrir eigin þegna í láglaunalöndum til að draga úr kostnaði.

Á vef Göteborgsposten er haft eftir Peter Brown, sem er í umönnunariðnaðinum í Taílandi, að hann myndi ekki semja við útlensk stjórnvöld sem vilja senda aldraða úr landi. Brown, sem áður rak hótel, bendir þó á að í Evrópu hafi aðstandendur Alzheimers-sjúklinga ekki efni á þeirri umönnun sem þeir vilja veita foreldrum sínum. Í Taílandi fái þeir tvöfalt meiri þjónustu en í heimalandinu.

Skammt frá Care Resort sem Brown rekur er verið að reisa þorp fyrir þúsundir aldraðra Japana. Þar verður japanskt sjúkrahús og taílenskir starfsmenn á svæðinu þurfa að læra japönsku. **– ibs**

# Síðasta heimför sendiherrans



**Tyrkneskir hermenn sjást hér bera kistu Andreis Karlov, fyrrverandi sendiherra Rússlands í Tyrklandi, upp í flugvél sem flutti lík Karlovs til Moskvu. Sendiherrann var myrtur á listasýningu í Ankara, höfuðborg Tyrklands, í fyrradag.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fjórtán ára leita aðstoðar við klámfíkn

## Börn eru mörg hver í kringum átta ára aldur þegar þau sjá klám í fyrsta skipti. Klámfíkn getur haft í för með sér mikla einangrun og áhugaleysi á eðlilegu kynlífi sem verður ekki jafn spennandi. Erfiðar gengur að meðhöndla vandann eftir því sem unglingarnir eldast.

**SAMFÉLAG** Dæmi eru um að fjórtán ára unglingar hafi þurft að leita sálfræðiaðstoðar við klámfíkn þegar notkun þeirra á efninu er farin að hafa veruleg áhrif á daglegt líf þeirra. Börnin mynda þol fyrir því sem þau sjá og sækja í sífellt grófara klámefni.

Áður hefur ítrekað komið fram að hér á landi sjái börn fyrst klám í kringum ellefu ára aldurinn. Vísbendingar eru þó um að aldursmörkin séu jafnvel að lækka.

„Fyrir tíu árum vorum við að tala um að ellefu ára væru krakkar fyrst að sjá klámfengið efni á netinu. Við erum farin að tala um svona sjö til átta ára núna,“ segir Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur, sem hefur sérhæft sig í netfíkn.

Eyjólfur segir ekki mikið um að foreldrar leiti til sín með þær áhyggjur einar að börn þeirra sjái klámefni. Oftast sé leitað til hans þegar vandamálin hafa hlaðist upp, og notkun klámsins er orðið að fíkn. Hann hefur meðhöndlað drengi niður í fjórtán ára aldur við klámfíkn.

„Við erum sjöundu stærstu notendur í heimi hjá Pornhub. Það er engin spurning að þar er stór hluti krakkar og unglingar að smella og horfa á ókeypis klámmyndbönd.“

Eyjólfur segir að börnin byrji sakleysislega en myndi fljótlega þol gagnvart efninu.

„Á internetinu eru engin takmörk á því hversu gróft efnið getur orðið. Ég hef verið með stráka í meðferð sem hafa allt í einu áttað sig þegar þeir eru búnir að hlaða niður grófu barnaklámi eða dýraklámi.“

> **Það er engin spurning að þar er stór hluti krakkar og unglingar að smella og horfa á ókeypis klámmyndbönd.**
>
> Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur



Klámfíknin getur svo haft alvarleg áhrif á áhuga barna til að kynnast öðrum seinna meir og stofna til sambanda.

„Þegar svoleiðis byrjar þá eru þau með mjög brenglaðar og skringilegar væntingar um hvað kynlíf eigi að vera. Við sjáum alls konar pælingar um munnmök eða endaþarmsmök sem standast ekki raunskoðun en er í þeirra huga mjög eðlilegt því það rímar við það sem þau eru búin að skoða í langan tíma. Margir missa jafnvel áhugann eða finna ekki áhuga á eðlilegu kynlífi eða því að kynnast einhverjum. Það verður aldrei jafn spennandi.“

Því geti fylgt skömm að leita til sálfræðings með vandann.

„En á meðan þau eru í þessum heimi þá fer lítið fyrir skömminni. Og eftir því sem þetta verður lengra og krakkarnir eru orðnir átján eða nítján ára þá eru þau orðin harðsvíraðri og orðið nokk sama. Þá eru þau komin á þann stað að vera hætt að leita eftir einhverju kynferðislegu eða samskiptum við hitt kynið og eru bara á internetinu. Þá er þetta orðið stórt vandamál, þau farin að einangra sig mikið og orðið mjög erfitt að vinna með þetta,“ segir Eyjólfur.

Mun betur gangi að ná tökum á klámfíkninni hjá yngri krökkum.

„Þeim má ekki líða eins og það sé verið að dæma þau hart. Ef þú nærð að fá þau til að hlusta á þig þá yfirleitt tekur ekki mikið á að fá þau til að breyta. Þau breyta kannski ekki mjög hratt eða alveg hundrað prósent en þau taka yfirleitt breytingum og það er mjög ánægjulegt.“ **snaeros@frettabladid.is**





★★★★★

„... frábært verk ... Sóley á heiður skilið fyrir að hafa tekið saman sögur fólksins sem lenti í flóðinu.“
Reynir Traustason / Stundin

★★★★

„Falleg og áhrifamikil bók sem engin leið er að leggja frá sér og á erindi við alla.“
Brynhildur Björnsdóttir / Fréttablaðið

„Bókin er skrifuð af mikilli yfirvegun og vel er vandað til verka.“
Guðríður Haraldsdóttir / Vikan





Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla daga fram að jólum 10–19 | Lokað á aðfangadag | www.forlagid.is



# JÓLAGJAFIR HANDA ÖLLUM!





**VITRA Toolbox**
Verð: 4.900.-

**VITRA Rotary Tray**
Verð: 6.900.-








**Hnattlíkan**
**á standi 11 cm**
**VILDARVERÐ: 2.799.-**
Verð: 3.999.-

**Lampadýr**
Verð: 11.999.-

**VITRA House Bird**
Verð: 19.900.-











**Bréfapressa með mynd**
**VILDARVERÐ: 1.424.-**
Verð: 1.899.-

**Cubebot**
Verð frá: 1.599.-

**Kertastjaki Distortion**
Verð: 4.999.-

**Töskuhleðsla**
**VILDARVERÐ: 2.729.-**
Verð: 3.899.-










**Skipulagstaska**
**VILDARVERÐ: 6.999.-**
Verð: 9.999.-

**Vönduð tréaskja**
**Fáanleg í nokkrum útgáfum**
**VILDARVERÐ: 6.749.-**
Verð: 8.999.-

**Veggskreytingar - myndakubbar**
**VILDARVERÐ FRÁ: 7.499.-**
Verð frá: 9.999.-



**MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!**

**VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON**

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er 21. desember, til og með 24. desember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Forsætisráðuneytið vill fá bakhjarla vindorkuvers fram í dagsljósið

**ORKUMÁL** Forsætisráðuneytið mun ekki taka afstöðu til áforma um vindorkuver á Mosfellsheiði fyrr en væntanlegt rannsóknarsvæði hefur verið afmarkað betur en nú þegar hefur verið gert.

„Þá telur ráðuneytið að koma þurfi fram hvaða aðilar það eru sem standa að baki þessu verkefni,“ bætir forsætisráðuneytið við í svari til Ketils Sigurjónssonar, lögfræðings og bloggara um orkumál. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í síðustu viku vill Ketill ekki gefa upp að svo stöddu hverjir það



**Ketill Sigurjónsson lögfræðingur**

eru sem standa að baki verkefninu sem hann segir umbjóðendur sína ætla að fjárfesta í.

Rannsóknarsvæðið sem horft er til er á Mosfellsheiði og nær til þriggja sveitarfélaga; Mosfellsbæjar, Ölfuss og Grímsness- og Grafningshrepps. Sá hluti svæðisins sem er innan tveggja síðarnefndu sveitarfélaganna er í þjóðlendu og fer forsætisráðuneytið með eignarhald á því þótt skipulagsvaldið sé hjá sveitarfélögunum.

Í bréfi sínu bendir forsætisráðuneytið Katli á að í skýrslu verkefnastjórnar um rammaáætlun séu bæði hugtökin vindorkuver og vindlundur notuð til að lýsa svæði þar sem ætlunin sé að koma saman mörgum vindmyllum á sama svæði.

„Ráðuneytið telur heppilegast að notað sé hugtakið vindorkuver þar sem það er hliðstætt orðum á borð við raforkuver, vatnsorkuver, kjarnorkuver og sólarorkuver,“ segir í svarinu þar sem enn fremur kemur fram að ráðuneytið hafi haft samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna við afgreiðslu erindisins.

Ekkert sveitarfélaganna þriggja hefur afgreitt erindi Ketils. Skipulagsnefnd Ölfuss vill fá frekari kynningu á verkefninu. Í Mosfellsbæ hefur bæjarstjórnin vísað málinu til skipulagsnefndar bæjarins til umsagnar. **– gar**



**Vindorkuver óþekktra aðila á Mosfellsheiði er á frumstigi en Landsvirkjun framleiðir nú þegar rafmagn með vindorku við Búrfellsvirkjun.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Lögreglumenn og stjórnmálaleiðtogar í Svíþjóð sammála.** NORDICPHOTOS/AFP

## Höfuð lögreglu í Svíþjóð víki

**SVÍÞJÓÐ** Anna Kinberg Batra, leiðtogi sænska Hægriflokksins, krefst afsagnar ríkislögreglustjórans í Svíþjóð. Litið er á kröfu Batra sem gagnrýni á Stefan Löfven forsætisráðherra, sem hún telur bera ábyrgð á því að lögreglan geti ekki sinnt starfi sínu.

Áður höfðu Frjálslyndi flokkurinn og Svíþjóðardemókratar krafist afsagnar ríkislögreglustjórans, Dans Eliasson, sem hafði reyndar lýst því yfir að hann gæti ælt á Jimmie Åkesson, leiðtoga Svíþjóðardemókrata.

Allt þetta ár hafa lögreglumenn víða um Svíþjóð lýst yfir óánægju með ríkislögreglustjórann og krafist þess að hann verði látinn víkja. Í fyrra var 21 lögregluumdæmi sameinað í eitt í því skyni að efla starf lögreglunnar og færa hana nær borgurunum. Lögreglumenn segja breytinguna hafa haft þveröfug áhrif. **– ibs**

## Lokað í sænska ríkinu um jólin

**SVÍÞJÓÐ** Áfengisverslanir sænska ríkisins eru lokaðar á aðfangadag.

Talið er að um 450 þúsund einstaklingar í Svíþjóð séu háðir áfengi eða misnoti það. Þetta hafi ekki bara áhrif á þann sem drekkur, heldur einnig börn, maka og vini.

Sænska þingið ákveður afgreiðslutíma áfengisverslananna. Hlutverk þeirra er að selja áfengi og veita góða þjónustu án þess að selja eins mikið og hægt er eða að hámarka gróðann, segir á heimasíðu vínbúðanna. **– ibs**

# Augljós ágreiningur á Alþingi um fjárlagafrumvarpið 2017

**Enn er stefnt að því að afgreiða fjárlagafrumvarp næsta árs fyrir jól. Oddný Harðardóttir, fulltrúi Samfylkingar í fjárlaganefnd, segist ekki myndu samþykkja frumvarpið að óbreyttu. Þorsteinn Víglundsson, fulltrúi Viðreisnar í nefndinni, gagnrýnir útgjaldaaukningu í frumvarpinu sem hann kveður vera mjög bólgið.**

**FJÁRLÖG** Oddný G. Harðardóttir, 1. varaformaður fjárlaganefndar Alþingis, telur alls óvíst að það náist að afgreiða fjárlagafrumvarpið fyrir aðfangadag. „En ég er þokkalega bjartsýn á að við klárum þetta fyrir áramót. En við sjáum til. Við höldum samt áfram að reyna að ná því fyrir jól,“ segir Oddný.

Í viðtali við RÚV fyrr í mánuðinum sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra að hlustað yrði á gagnrýni og ábendingar sem snertu fjárlagafrumvarpið. Það myndi hins vegar ekki taka grundvallarbreytingum í fjárlaganefnd. Við vinnslu fjárlagafrumvarpsins í nefnd hefur enginn skýr meirihluti myndast. Núverandi starfsstjórn tapaði meirihluta í nefndinni þegar Alþingi kom saman og skipað var í nefndina á ný.

Innan fjárlaganefndar er augljós ágreiningur. Oddný segir að hún myndi greiða atkvæði gegn frumvarpinu að óbreyttu. Það sé byggt á stefnu ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins og hún hafi margt við það að athuga.

„Til þess að bjarga málunum þurfum við fyrst og fremst að setja heilbrigðismál, menntamál og samgöngumál á oddinn. Það er algert lágmark að horft sé á þessa þætti,“ segir Oddný.

Í gær samþykkti Íslandsbanki, á aðalfundi bankans, 27 milljarða arðgreiðslu til íslenska ríkisins. Haraldur Benediktsson, formaður fjárlaganefndar, segir að greiðslan muni ekki hafa áhrif á svigrúm fjárlaganefndar. Arðgreiðslan sé



**Stefnt er að því að klára afgreiðslu fjárlaga fyrir jól. Ágreiningur er innan fjárlaganefndar um frumvarpið og ekki allir vissir um að markmiðið náist.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Oddný G. Harðardóttir segist ekki myndu samþykkja frumvarpið að því óbreyttu.**



**Þorsteinn Víglundsson segir frumvarpið valda sér vonbrigðum og gagnrýnir aukin útgjöld í því.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hins vegar eyrnamerkt til þess að greiða niður skuldir ríkissjóðs og muni því hafa þau áhrif að vaxtabyrði ríkissjóðs minnkar.

Gagnrýni Þorsteins Víglundssonar, fulltrúa Viðreisnar í fjárlaganefnd, er af allt öðrum toga en Oddnýjar.

„Ég held að það sé ekki hægt að segja annað út frá hagstjórnarlegum áherslum en að frumvarpið er mjög bólgið,“ segir Þorsteinn. Hann telur að verði fjárlagafrumvarpið samþykkt í upprunalegri mynd auki það útgjöld ríkisins um 60 milljarða á milli ára, sem sé mesta aukning á ríkisútgjöldum frá árinu 2008.

„Þá var nú, sérstaklega eftir á, höfð uppi gagnrýni um lítið aðhald í ríkisfjármálum í mikilli þenslu í hagkerfinu. Það má segja að hið sama eigi fyllilega við núna,“ segir Þorsteinn en hann segir frumvarpið hafa valdið sér vonbrigðum. Hann viðurkennir þó að hluti af skýringu útgjaldaaukningarinnar felist í þáttum sem sátt var um að ráðist var í, til dæmis vegna nýrra laga um almannatryggingar.

Samkvæmt áætlun þingsins er stefnt að því að klára afgreiðslu fjárlaga fyrir jól. Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, sagði við Stöð 2 í fyrrakvöld að tíminn væri naumur en unnið væri eftir þeirri áætlun.

„Ég held að það sé eindreginn vilji í nefndinni að reyna að ljúka málum fyrir jólin. Hins vegar er ljóst að tíminn er að hlaupa frá okkur en það er ekki ástæða til að halda annað en að við getum lokið stað hjá nefndinni um breytingartillögur,“ segir Þorsteinn.

jonhakon@frettabladid.is og thorgeirh@frettabladid.is




„… þar sem engum er treyst og jafnvel frelsið er ógnvekjandi tilfinning …“
STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Þvílík spenna! Þvílíkur galdravefur!“
VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR

„Æsilegur aksjónþriller …“
FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Þetta er hraður og klókur krimmi æsispennandi og vel skrifuð.“
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN



Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla daga fram að jólum 10–19 | Lokað á aðfangadag | www.forlagid.is










LEIÐISSKREYTINGAR
VERÐ FRÁ 990KR

GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Engar afskriftir í nýju samkomulagi lánveitenda og Reykjanesbæjar

**REYKJANESBÆR** Viðræður Reykjanesbæjar og helstu kröfuhafa hafa skilað árangri. Fjárhagsáætlun bæjarins fyrir 2017-2020 var samþykkt einróma á bæjarstjórnarfundi í gær.

Fjárhagsstaða sveitarfélagsins hefur verið grafalvarleg en það skuldar rúmlega fjórutíu milljarða króna. Halli hefur verið á rekstri bæjarins í þrettán af síðustu fimmtán árum og munar þar mest um lífeyrisskuldbindingar og ábyrgð bæjarsjóðs á skuldum Reykjaneshafnar. Ekki hefur enn náðst samkomulag við lánveitendur Reykjaneshafnar.

Fyrr á þessu ári, í apríl nánar tiltekið, slitnaði upp úr viðræðum um skeið eftir að kröfuhafar féllust ekki á



**Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar**

að rúmlega 6,3 milljarðar króna yrðu afskrifaðir. Bæjarráð óskaði í kjölfarið eftir því að sveitarfélaginu yrði skipuð fjárhagsstjórn af eftirlitsnefnd sveitarfélaga. Í júní óskaði bæjarstjórn eftir fresti til að ná sáttum við kröfuhafa en það samkomulag liggur nú fyrir.

„Þetta er mjög stórt skref í rétta átt eftir að hafa átt í samningaviðræðum nú í tvö og hálft ár. Það er gott að sjá nú fyrir endann á því,“ segir Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar.

Ekki er gert ráð fyrir niðurfellingum eða afskriftum í samkomulagi aðila heldur skilmálabreytingu gagnvart lánveitendum Eignarhaldsfélagsins Fasteignar. Þá mun koma til sölu eigna en ekki verða seldar eignir sem nýttar eru til lögbundinnar grunnþjónustu sveitarfélagsins.

„Við þurfum áfram að sýna mikið og strangt aðhald en niðurskurðarhnífurinn fer ekki á loft ef allt gengur vel,“ segir Kjartan. „Ég lýsi yfir ánægju minni og óska íbúum Reykjanesbæjar til hamingju með þetta.“ **- jóe**



**Mest munar um ábyrgð Reykjanesbæjar á skuldbindingum Reykjaneshafnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Kaþólikkar fáliðaðri en upp var gefið.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Kaþólskir neita að borga sekt

**NOREGUR** Kaþólska biskupsdæmið í Ósló í Noregi neitar að greiða sekt upp á milljón norskar krónur fyrir að hafa gefið rangar upplýsingar um fjölda safnaðarmeðlima. Málið fer þess vegna fyrir rétt.

Fyrir tveimur árum greindu norskir fjölmiðlar frá því að kaþólska kirkjan hefði leitað í símaskránni að þeim sem mögulega gætu verið kaþólikkar. Aflað var upplýsinga um kennitölur þeirra og þeir skráðir sem safnaðarmeðlimir að þeim forspurðum.

Norska ríkið hefur nú krafist endurgreiðslu upp á 40 milljónir norskra króna sem veittar voru í styrk á grundvelli rangra upplýsinga um fjölda safnaðarmeðlima. **– ibs**



**Afganskur lögreglumaður varnar því að einhver forði efnunum frá því að fuðra upp.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## 98 tonn af dópi hurfu í eldhafi

**AFGANISTAN** Yfirvöld í Kabúl lögðu í gær eld að 98 tonnum af vímuefnum. Í hrúgunni mátti meðal annars finna morfín, ópíum, heróín, hass og ólöglega áfenga drykki. Hald hafði verið lagt á efnin í aðgerðum þarlendra lögreglumanna á síðustu mánuðum. Slíkar vímuefnabrennur eru árlegur viðburður í landinu þótt bálkösturinn fari stækkandi ár frá ári. Óvíst er hvort það má rekja til aukinna afkasta í framleiðslu, röggsemi laganna varða eða löngunar stjórnvalda til að hafa brennuna sem stærsta.

Afganistan er þekkt ópíumræktarland en efnið er afar ódýrt í landinu. Ef við miðum við ópíumverð þar í landi, og gefum okkur að eldsmaturinn hafi eingöngu verið ópíum, var þarna kveikt í rúmum milljarði íslenskra króna. Sé hins vegar miðað við verð á gramminu í Þýskalandi er upphæðin sex hundruð sinnum hærri. **– jóe**




**Þó að Jón og Gunna séu langalgengustu eiginnöfn Íslendinga í dag gætu Emilía og Aron, Sara og Alexander eða Ísabella og Viktor tekið við af þeim í framtíðinni þegar vísað er til hinna hefðbundnu Íslendinga.**

# Emilía Rós og Aron Þór eru vinsælust nafna á íslensk börn

**Hagstofa Íslands gaf í gær út tölfræði um íslensk mannanöfn. Jón og Guðrún eru enn langalgengustu nöfn Íslendinga. Baltasörum landsins fjölgar hratt. Hjá stúlkum er nafnið Emilía hástökkvarinn. Fór í fyrsta sætið úr níunda árið áður. Tvínefni voru undantekning á nítjándu öld en það breyttist fyrir áhrif frá Danmörku.**

**SAMFÉLAG** Aron var vinsælasta nafngift íslenskra sveinbarna á síðasta ári, sjötta árið í röð, en vinsælasta nafnið sem foreldrar völdu nýfæddum stúlkubörnum var Emilía.

Síðustu þrjú ár hafa Aron, Alexander og Viktor skipað þrjú efstu sætin yfir vinsælustu nöfn nýfæddra drengja. Hjá stúlkum fór nafnið Emilía úr því að vera níunda vinsælasta nafnið árið 2014 í það að vera vinsælast í fyrra.

Þetta kemur fram í nýrri samantekt Hagstofu Íslands. Úr tölunum má lesa að meiri fjölbreytni gætir í nafngiftum stúlkna en drengja og eru vinsældarlistar milli ára mun fjölbreyttari þegar kemur að nöfnum stúlkna. Til að mynda voru nöfnin Sara, Ísabella og Elísabet meðal fimm algengustu nafngifta stúlkubarna í fyrra en komust ekki á topp tíu listann árið á undan.

Langflest börn sem fæðast hér á landi hljóta tvö nöfn.

Langvinsælasta millinafn drengja er nafnið Þór en það hefur lengi verið vinsælt millinafn. Rúmlega hundrað drengir hlutu nafnið eða um fimm prósent af fæddum drengjum í fyrra.

Vinsælasta millinafn stúlkubarna var nafnið Rós en 53 stúlkubörnum var gefið nafnið í fyrra.

Á 19. öld heyrði til undantekninga að íslenskum börnum væru gefin tvö nöfn. Tvínefnasiðurinn er tiltölulega ung bylgja en talið er að hann sé dönsk tíska sem hafi borist hingað til lands snemma á átjándu öld.

Í íslenskum manntölum eru fyrstu tvö dæmin um tvínefni nöfn danskra systkina í manntali frá árinu 1703, þau Axel Friðrik Jónsson og Sesselja Kristín Jónsdóttir.

Algengustu samsetningar landsmanna í ársbyrjun 2016 voru eins og í fyrra. Hjá körlum voru þær Jón Þór, Gunnar Þór og Jón Ingi. Hjá konum voru þrjár algengustu samsetningarnar Anna María, Anna Margrét og Anna Kristín.

Eins og síðustu ár er að sjá snarpa fjölgun í stökum „nýjum“ nöfnum. Eitt athyglisvert dæmi er nafnið Baltasar. Nafnið var áttunda vinsælasta eiginnafn drengja í fyrra en 24 sveinbörn hlutu nafnið. Fyrir aldamótin árið 2000 báru aðeins fjórir nafnið, þar á meðal leikstjórinn Baltasar Kormákur, faðir hans og sonur. Árið 2012 hétu 52 karlar Baltasar en í dag eru þeir rúmlega 150 talsins.

Nöfnin Jón og Guðrún hafa um aldir verið langalgengustu mannanöfnin á Íslandi og hafa tískustraumar í nafngiftum ekki enn slegið hinum klassísku, íslensku eiginnöfnum við. Samkvæmt manntalinu frá 1703 hétu 23,5 prósent allra íslenskra karla Jón og 19,7 prósent kvenna báru nafnið Guðrún.

Talsvert hefur dregið úr tíðni þessara nafna síðan þá en um þrjú prósent karla og þrjú prósent kvenna bera nafnið. Tæplega 5.200 karlar svara nafninu Jón og um 4.700 konur nafninu Guðrún. Annað sætið verma Sigurðar og Önnur landsins, en þeir eru um 4.200 talsins og þær um 4.500.

Ekki er að sjá að Jón og Gunna láti í minni pokann fyrir öðrum nöfnum í fljótlega en ef fram heldur sem horfir gætu Aron og Emilía tekið við af þeim sem hinir dæmigerðu Íslendingar í framtíðinni.

**thorgeirh@frettabladid.is**



**Tískusveiflur eru í nafngiftum eins og öðru í mannheimum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Algengustu eiginnöfn barna árið 2015

*Innan sviga er sætið sem nafnið var í árið 2014*

| | |
|---|---|
| Aron (1) | Emilía (9) |
| Alexander (2) | Sara (12) |
| Viktor (3) | Ísabella (4) |
| Guðmundur (6) | Anna (2) |
| Jón (5) | Elísabet (21) |
| Óliver (13) | Emma (3) |
| Sigurður (14) | Embla (30) |
| Baltasar (24) | Katrín (9) |
| Jóhann (22) | Júlía (13) |
| Daníel (15) | Sigrún (31) |

# HIÐ EINA SANNA




## Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Undanfarinn áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.




## Hagkaups hangikjötið

Tað og birkireykt fyrsta flokks íslenskt lambakjöt. Í hangikjötið er notað 45% minna salt en notað er við hefðbundna hangikjötsframleiðslu. Engu að síður hefur tekist að framleiða hangikjöt með sama bragði.




## Maltgrís hamborgarhryggur

Sérvalinn og séralinn fyrir Hagkaup af svínabóndanum á Vallá Kjalarnesi. Grísinn er fóðraður á soðnu maltbyggi, humlum og öðru úrvals góðgæti frá bruggmeisturum Ölgerðarinnar. Grísinn er í góðu yfirlæti við kjöraðstæður sem gerir kjötið einstaklega meyrt og bragðgott.

## LES CHOCOLATS DE PAULINE

Lífrænt gæða súkkulaði unnið úr hreinu kakósmjöri. Án lesitíns og viðbættrar olíu.






Takmark mitt er að bjóða þér og öðrum súkkulaðiunnendum upp á stórkostlega upplifun.
Kveðja,
JM Mortreau

Fæst í verslunum á höfuðborgarsvæðinu.

**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

Jólin vaxtalaus

Netgíró

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Kínverskt fé leitar til Noregs

**NOREGUR** Sérfræðingur í sænska stórbankanum SEB spáir miklum fjárfestingum Kínverja í Noregi eftir að stjórnvöld í Noregi og Kína tóku upp opinber pólitísk samskipti á ný.

Kínverjar hættu nær öllum eðlilegum samskiptum við Norðmenn eftir að þeir veittu kínverska andófsmanninum Liu Xiabo friðarverðlaun Nóbels árið 2010.

Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs, sagði ástandið hafa verið erfitt, bæði í alþjóðlegu samhengi og í einstaka málum. Það hafi líka verið erfitt fyrir norskt viðskiptalíf. Nú á að hefja viðræður við Kína um fríverslunarsamning við Noreg. – **ibs**

## Nefnd greinir styrkingu krónu

**EFNAHAGSMÁL** Ráðherranefnd um efnahagsmál hyggst fela sérfræðingum úr forsætisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti að greina styrkingu krónunnar og vaxandi hættu af ójafnvægi í hagkerfinu.

Þetta kemur fram í frétt frá forsætisráðuneytinu. Þar segir að styrking krónunnar sé til marks um bætta stöðu Íslands en geri landið að dýrari kosti. Þessu fylgi gamalkunnar hættur sem krefjist mikils aga í hagstjórn.

„Styrking krónunnar og veruleg hækkun launa setur útflutningsatvinnuvegi í vanda og rýrir samkeppnishæfni hagkerfisins. Hin jákvæðu skilyrði sem leika nú um efnahagslífið geta því fljótt snúist upp í andhverfu sína," segir í fréttinni. – **hh**


FUDGE
Mættu og taktu númer
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010


# Umdeildur iðnjöfur kaupir land

**Jarðakaup breska iðnjöfursins Jims Ratcliffe vekja spurningar um undirliggjandi ástæður þeirra. Vernd villta laxastofnsins á Íslandi segir hann sjálfur. Utan Íslands er fyrirtæki hans gagnrýnt vegna umhverfismála.**

**VIÐSKIPTI** Kaup breska milljarðamæringsins Jims Ratcliffe á Grímsstöðum á Fjöllum, ásamt jörðum í Vopnafirði, hafa vakið nokkra athygli – en kannski minni en von var á. Umhverfismál og varðveisla villta laxins í Norður-Atlantshafi er uppgefin ástæða Ratcliffes á kaupunum. Umfjöllun erlendra fjölmiðla um iðnjöfurinn og fyrirtæki hans Ineos, eða það litla sem hefur birst, bendir ekki til þess að umhverfismál séu honum sérstaklega hugleikin þegar kemur að rekstri fyrirtækja í hans eigu.

Austurfrétt sagði fyrst frá því í byrjun mánaðarins að fimmti ríkasti maður Bretlandseyja væri orðinn umsvifamikill landeigandi í Vopnafirði – hafi keypt þrjár jarðir í Vopnafirði en ætti hlutdeild í átta öðrum í gegnum Veiðifélagið Streng. Á mánudag greindi RÚV frá kaupum Ratcliffes á 50% af Grímsstöðum á Fjöllum, og í tilkynningu hans sagði að það væri gert með verndunarsjónarmið í huga. Þess má geta að vatnasvið Selár í Vopnafirði nær inn á umrætt land. Kaupin hafa vakið spurningar vegna augljósrar tengingar við hugmyndir kínverska auðmannsins Huang Nubo fyrir nokkrum árum – sem vöktu hörð viðbrögð. Síðar lögðu þau Ögmundur Jónasson og Svandís Svavarsdóttir, þingmenn Vinstri grænna, fram þingsályktunartillögu um kaup ríkisins á jörðinni – sem þegar á fjórðung hennar. Gekk málið til nefndar og virðist hafa dagað þar uppi.

Jim Ratcliffe virðist vera hálfgerður huldumaður í alþjóðlegu viðskiptalífi – lítið ber á honum persónulega öfugt við umsvif viðskiptaveldis hans. Ineos Group Limited er efnaframleiðslurisi með umsvif í öllum heimshlutum. Velta fyrirtækisins og persónulegur auður Ratcliffes er allur talinn í milljörðum punda, en erfitt er að festa hendur á því hversu efnaður hann er.




Fyrirtækið komst í hámæli vegna deilu starfsmanna í olíuhreinsunarstöð í Skotlandi árið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**800** milljarðar króna er tala sem hefur verið nefnd um eignir iðnjöfursins.

Í umfjöllun Financial Times um Ratcliffe segir að hann sé hlédrægur og dulur, en hafi verið kallaður JR eftir þekktri persónu úr sápuóperunni Dallas. Eins hefur nafn Dr. No verið tengt við Ratcliffe, og vísað til eins þekktasta illmennis kvikmyndasögunnar. FT nefnir þó ekki í hvaða samhengi þessi viðurnefni voru tengd eiganda Grímsstaða á Fjöllum. Þar segir að nafn fyrirtækis hans, Ineos, sé hins vegar ekki almenningi tamt, þrátt fyrir að framleiðsluvörur þess séu óbeint inni á heimilum milljóna manna – hvort sem það er tappi á flösku, tannkrem, tölvur eða bíllinn fyrir utan. Orkugeirinn tengist fyrirtækinu einnig beint, bæði í vinnslu á olíu og kolum.

Breska stórblaðið Guardian fjallaði um fyrirtækið í september síðastliðnum og áform þess um að hefja vinnslu á jarðgasi í Bretlandi með svokölluðu bergbroti (eða fracking) sem hefur vægast sagt verið umdeild aðferð við orkuöflun víða um heim.

Snertir það umhverfismál í víðu samhengi og hefur ekki síst verið í umræðunni vegna aukinnar athygli heimsbyggðarinnar á loftslagsbreytingum sem stærsta hagsmunamáls samtíðarinnar. **svavar@frettabladid.is**



**Jim Ratcliffe virðist vera hálfgerður huldumaður í alþjóðlegu viðskiptalífi**

# Öll brosum við á sama tungumáli segir formaður VR

**SAMFÉLAG** „Það þarf að virða störf verslunarfólks. Hrós og kurteisi kostar ekkert og öll brosum við á sama tungumáli," segir Ólafía Rafnsdóttir, formaður VR, en nú fer í hönd sá tími sem álag er hvað mest á fólk sem vinnur verslunarstörf.

Á hverjum sólarhring á starfsmaður rétt á ellefu klukkustunda hvíld. Hjá verslunarmönnum getur reynt á þessa reglu þegar atgangurinn er sem mestur fyrir jólin.

Óheimilt er samkvæmt lögum að skipuleggja vinnu á þann hátt að vinnudagurinn sé lengri en þrettán klukkustundir. Ef ellefu klukkustunda hvíld næst ekki skal vinnuveitandi veita hana síðar.

Þannig safnast svokallaður frítökuréttur upp. Fyrir hverja klukkustund sem ellefu tíma hvíldin skerðist um öðlast starfsmaður 1,5 klukkustund í dagvinnu í frítökurétt.

Ólafía segir að VR sé vel á verði fyrir sitt fólk en kvörtunum til félagsins um vinnutíma hefur farið fækkandi á undanförnum árum.

**Það heyrist yfirleitt í okkar fólki í janúar þegar það er búið að fara yfir launaseðilinn sinn.**

Ólafía Rafnsdóttir, formaður VR



„Það heyrist yfirleitt í okkar fólki í janúar þegar það er búið að fara yfir launaseðilinn sinn," segir Ólafía sem kveður breytinguna undanfarin ár vera þá að miklu fleiri séu farnir að sinna afgreiðslustörfum en áður.

„Í gamla daga var stundum bara einn að vinna og kannski myrkranna á milli. Við höfum síðustu árin fengið minna af þessum kvörtunum en minnum að sjálfsögðu okkar félagsmenn á það að virða hvíldartímann," segir Ólafía. – **bb**


HAMBORGARHRYGGUR Á VEISLUBORÐIÐ
Veldu jólasteikina hjá okkur – Við gerum meira fyrir þig
VIÐ SÖGUM HRYGGINN TIL OG SNYRTUM
OPNUNARTÍMI UM JÓLIN
21. des. 08:00 - 20:00
22. des. 08:00 - 22:00
23. des. 08:00 - 22:00
24. des. 08:00 - 14:00
25. des. LOKAÐ
26. des. 11:00 - 20:00
Alla daga 8-20
Nóatún Austurveri – www.noatun.is
NÓATÚN



# OPNUNARTÍMI

## UM HÁTÍÐIRNAR

### Vínbúðirnar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Reykjanesbæ og Selfossi

| | |
|---|---|
| Miðvikudagur 21. desember | 11.00 - 18.00 |
| *Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 10.00 - 20.00 |
| Fimmtudagur 22. desember | 11.00 - 19.00 |
| *Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 10.00 - 20.00 |
| Föstudagur 23. desember | 10.00 - 22.00 |
| Laugardagur 24. desember | 10.00 - 13.00 |
| Sunnudagur 25. desember – jóladagur | Lokað |
| Mánudagur 26. desember – annar í jólum | Lokað |
| Þriðjudagur 27. desember | 11.00 - 18.00 |
| *Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 10.00 - 20.00 |

| | |
|---|---|
| Miðvikudagur 28. desember | 11.00 - 18.00 |
| *Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 10.00 - 20.00 |
| Fimmtudagur 29. desember | 11.00 - 18.00 |
| *Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 10.00 - 20.00 |
| Föstudagur 30. desember | 10.00 - 20.00 |
| Laugardagur 31. desember | 10.00 - 14.00 |
| Sunnudagur 1. janúar – nýársdagur | Lokað |
| Mánudagur 2. janúar | 11.00 - 18.00 |
| *Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 10.00 - 20.00 |

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á **vinbudin.is**

VÍNBÚÐIN

ENNEMM / SIA / NM78807




## TEMPUR-KODDI Í JÓLAPAKKANN




### TEMPUR TRADITIONAL

Fáanlegur mjúkur, miðlungs og stífur – sígild þægindi fyrir alla.

Jólatilboð: 15.920 kr.

Fullt verð: 19.900 kr.



### TVENNUTILBOÐ

Dúnsæng og dúnkoddi
60% dúnn, 40% smáfiður.

19.900 kr.

Fullt verð: 29.800 kr.



### TEMPRAKON ADVANCE SÆNG

Stærð: 135 x 200 cm. Einnig fáanleg 135 x 220 cm og 200 x 220 cm.
Fylling: 90% hvítur gæsadúnn.
Þyngd: 600 g.

44.115 kr.

Fullt verð: 51.900 kr.

Mundu að snúa virku hlið sængurinnar að líkamanum. Virka hliðin er með miða sem á stendur „Certified Space Technology“





### TEMPRAKON ADVANCE KODDI

Stærð: 50 x 70 cm
Fylling: 90% hvítur gæsadúnn
**Með Temprakon dúnsæng færðu Advance koddann með 50% afslætti.**

22.865 kr.

Fullt verð: 26.900 kr.

**Betri rakastýring.** Temprakon Advance tæknin og FRESH áklæðið viðhalda jöfnu hitastigi og um leið stýrir raka-jafnvægi milli líkama og sængur. Dregur úr nætursvita.




### TEMPRAKON DÚNSOKKAR



Fyrir kaldar tær. Ótrúlega vinsæl jólagjöf.

Jólaverð: 4.990 kr.

Fullt verð: 5.990 kr.

**Jafn hiti** gefur betri svefn. Temprakon var þróað til að halda jöfnum 37°C hita á milli líkama og sængur alla nóttina. Það gefur þér rólegri og dýpri svefn.






### BELLA DONNA ALOE VERA LÖK

Dúnmjúk og slitsterk lök sem allir elska, fáanleg í öllum stæðum og ótal litum.

Verð frá 9.500 kr.







BAÐSLOPPAR, VERÐ FRÁ: 25.990 KR.

### NÝJUNG Í BETRA BAKI

### SLÖKUN OG VELLÍÐAN

UNDRI heilsuinniskór með fimmsvæða nuddinnleggi. Draga úr spennu og örva blóðflæði. Skórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgrárri eða ljósri Merino-ull.
**Komdu og prófaðu!**

5 reflex zones
BYLTINGAKENNT 5 SVÆÐA NUDDINNLEGG



7.900 KR.

### ÖRVUN MEÐ SVÆÐANUDDS-INNLEGGI MIÐAR AÐ ÞVÍ AÐ:



- Auka blóðflæði í höfði;
- Slaka á vöðvum í hnakka;
- Bæta öndun með því að slaka á axlasvæði;
- Samhæfa ósjálfráða taugakerfið;
- Slaka á vöðvum í efri hluta kviðar;
- Bæta virkni meltingarkerfisins;
- Bæta blóðflæði í nára.

**FAXAFENI 5**
Reykjavík
588 8477

**DALSBRAUT 1**
Akureyri
588 1100

**SKEIÐI 1**
Ísafirði
456 4566

**AFGREIÐSLUTÍMI**
21. og 22. des. 10–20 | 23. des. 10–22
Aðfangadagur 10–13 | www.betrabak.is

VERÖLD HVÍLDAR – BETRA BAK LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ




JOOP!

elegante
bed-linen fashion

Calvin Klein
home

KENZO
MAISON

**JOOP RÚMFÖT**

22.015 kr.

Verð fyrir: 25.900 kr.



**ELEGANTE RÚMFÖT**

31.365 kr.

Verð fyrir: 36.900 kr.



**CALVIN KLEIN RÚMFÖT**

38.080 kr.

Verð fyrir: 44.800 kr.



**KENZO RÚMFÖT**

27.880 kr.

Verð fyrir: 32.800 kr.



Betra BAK



Vöruflutningabifreiðin, sem ekið var inn í mannfjöldann á jólamarkaði í Berlín, var enn í gær þar sem hún stöðvaðist kvöldið áður. NORDICPHOTOS/AFP

# Árásarmaðurinn slapp jafnvel

Árásirnar í Berlín, Ankara og Zürich eiga fátt sameiginlegt þótt aðeins fáeinar klukkustundir hafi liðið á milli. Allar hafa þær þó vakið mikinn óhug hver í sínu landi, aðeins fáeinum dögum fyrir jólahátíðina.

**ÞÝSKALAND** Þrjár árásir með stuttu millibili sama kvöldið kostuðu á annan tug manna lífið. Mannskæðust var sú í Berlín, þar sem tólf manns létu lífið og nærri 50 særðust.

Efnt var til minningarathafnar á árásarstaðnum í gær. Þangað komu Angela Merkel kanslari, Frank-Walter Steinmeier utanríkisráðherra og Michael Müller, borgarstjóri Berlínar, til að minnast hinna látnu.

Merkel sagði þennan dag hafa verið afskaplega erfiðan: „Tólf manns, sem voru enn á meðal okkar í gær, hlökkuðu til jólanna og höfðu gert áætlanir, eru ekki lengur á meðal okkar.“

Joachim Gauck, forseti Þýskalands, sagði árásina vera árás á lífsmáta landsmanna sinna. Hins vegar sagði hann þennan verknað ekki grafa undan sannfæringu þeirra: „Hatur árásarmannsins mun ekki snúa okkur til haturs. Það mun ekki kljúfa samfélag okkar.“

Lögreglan í Berlín segir hugsanlegt að árásarmaðurinn, sem ók stórri vöruflutningabifreið inn í mannfjöldann á jólamarkaði á Breitscheidtorgi, hafi komist undan. Hann sé þá væntanlega vopnaður og geti enn valdið fólki tjóni.

Þá vildi lögreglan ekki útiloka að árásarmaðurinn hafi haft aðra með sér í ráðum, sem hafi þá einnig sloppið.

Einn maður var handtekinn stuttu eftir árásina, en á blaðamannafundi í gær sagðist lögreglan ekki hafa getað fengið staðfestingu á því að þar hafi í raun verið um árásarmanninn að ræða.

Handtakan kom þannig til að vegfarandi sá mann hlaupa frá bifreiðinni, gerði sér lítið fyrir og elti hann þangað til lögreglan gat handtekið hann. Sá sem elti var í stöðugu símasambandi við lögregluna á meðan hann fór í humátt á eftir hinum manninum, sem síðan var svo handtekinn í tveggja kílómetra fjarlægð frá jólamarkaðnum, við Sigursúluna á breiðgötunni sem heitir Stræti hins 17. júní.

> **Hatur árásarmannsins mun ekki snúa okkur til haturs. Það mun ekki kljúfa samfélag okkar.**
>
> Joachim Gauck, forseti Þýskalands

Hinn handtekni er hælisleitandi frá Pakistan sem kom til Þýskalands. Þótt lögreglan hafi opinberlega ekki viljað staðfesta að rangur maður hafi verið handtekinn, þá fullyrti ónafngreindur lögreglumaður í viðtali við þýska dagblaðið Die Welt að sá maður sé ekki árásarmaðurinn.

Maðurinn sem ók bifreiðinni inn í mannfjöldann virðist hafa rænt henni og myrt hinn rétta bílstjóra, sem var pólskur, en lík hans fannst í bílnum. gudsteinn@frettabladid.is



Borgarstjóri Berlínar, kanslari Þýskalands og utanríkisráðherrann, þau Michael Müller, Angela Merkel og Frank-Walter Steinmeier, taka þátt í minningarathöfn á árásarstaðnum í Berlín í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Árásin í Nice á þjóðhátíðardegi Frakka

Árásin á jólamarkaðinn í Berlín minnir mjög á árásina í Nice í Frakklandi 14. júlí síðastliðinn, að kvöldi franska þjóðhátíðardagsins þegar fjöldi fólks var þar samankominn.

Árásarmaðurinn í Nice ók stórri flutningabifreið inn í mannfjöldann, myrti 86 og særði 434. Hann féll fyrir byssuskotum frá frönsku lögreglunni.

Árásarmaðurinn hét Mohamed Lahouaiej-Bouhlel, var fráskilinn þriggja barna faðir, 31 árs gamall, ættaður frá Túnis en franskur ríkisborgari.

Einhverjar getgátur voru um tengsl hans við vígasamtök í Mið-Austurlöndum, en fátt virtist hæft í því annað en að hann hafði sýnt voðaverkum slíkra samtaka áhuga.

Þeir sem þekktu til hans sögðu hann hafa lítinn sem engan áhuga á trúarbrögðum. Hins vegar hafi hann átt erfitt með að hafa stjórn á skapi sínu og stundum verið fullur heiftar út í allt og alla.



Árásin í Nice á þjóðhátíðardegi Frakka síðastliðið sumar var framin með svipuðum hætti og árásin á jólamarkaðinn í Berlín á mánudag. NORDICPHOTOS/AFP



Lögreglumaðurinn sem myrti rússneska sendiherrann í Ankara hrópaði til fólks að gleyma ekki Sýrlandi. NORDICPHOTOS/AFP

## Rússneskur sendiherra myrtur í Tyrklandi

Í Tyrklandi var Andrei Karlov, sendiherra Rússlands, myrtur á mánudagskvöldið.

Óeinkennisklæddur lögreglumaður, Mevlut Mert Altintas að nafni, skaut sendiherrann á opnun myndlistarsýningar, meðan hann var að halda þar ræðu. Sjálfur féll hann fyrir skotum lögreglu, en þrír aðrir særðust.

Lögreglumaðurinn var ekki á vakt en komst inn á sýninguna með því að sýna skilríki sín frá lögreglunni.

Eftir að hafa skotið sendiherrann tók árásarmaðurinn að hrópa: „Gleymið ekki Aleppo. Gleymið ekki Sýrlandi. Þið verðið ekki örugg nema bæir okkar séu öruggir.“ Hann sagði alla sem tekið hafa þátt í þessum þjáningum þurfa að gjalda fyrir.

Vladimír Pútín Rússlandsforseti og Recep Tayyip Erdogan Tyrklandsforseti ræddu saman í síma stuttu eftir árásina. Það gerðu einnig utanríkisráðherrar landanna, þeir Sergei Lavrov og Mevlut Cavusgolu.

Allir voru þessir ráðamenn sammála um að láta þetta voðaverk ekki eyðileggja samskipti ríkjanna, sem hafa skánað verulega undanfarið eftir kuldatímabil í kjölfar þess að tyrkneskir hermenn skutu niður rússneska herþotu við landamæri Sýrlands í fyrra.




Lögreglan vann í gær að rannsókn á árás á bænamiðstöð múslima í Zürich á mánudag, þar sem þrír særðust, þar af tveir alvarlega. NORDICPHOTOS/AFP

## Ráðist á menningarmiðstöð múslima í Zürich

Þriðja árásin á mánudag var gerð í Zürich í Sviss, þar sem maður hóf skothríð í miðstöð sómalískra múslima skammt frá aðallestarstöðinni.

Þar særði hann þrjá menn, þar af tvo alvarlega, en fannst nokkru síðar látinn undir brú í nágrenninu.

Lögreglan sagðist ekki vita til þess að maðurinn hefði haft nein tengsl við miðstöðina, en hann var sagður vera um þrítugt.

Rúmlega tíu manns voru í miðstöðinni þegar hann óð þar inn með byssuna á lofti.

# Vinsælasti smábíllinn!




## FORD FIESTA

Fiesta er geysivinsæll á Íslandi, og sá allra vinsælasti í Evrópu. Fiesta er margverðlaunaður, sparneytinn og fáanlegur með magnaðri vél sem valin hefur verið „International Engine Of The Year“ þrjú ár í röð. Enginn gerir betur.

Staðalbúnaður er ríkulegur, hann fékk fimm stjörnur í öryggisprófi EURO NCAP og auðvitað er Fiesta sítengdur með Bluetooth. Nú hefur hinn sportlegi Ford Fiesta ST-Line bæst í Fiesta fjölskylduna.
Þú færð framúrskarandi þjónustu hjá Brimborg og við tökum gamla bílinn upp í nýjan Fiesta.

**FORD FIESTA**

FRÁ **2.290.000** KR.

**NÝ NOKIAN VETRARDEKK FYLGJA MEÐ ÖLLUM NÝJUM FORD FIESTA**
(TIL ÁRAMÓTA)

**Komdu og tryggðu þér**
**Ford Fiesta fyrir áramótin**

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga 12-16 (lokað laugardagana 24. og 31. desember)

# Þorlákshöfn tengist Rotterdam beint

**Smyril Line Cargo mun hefja vikulegar siglingar milli Þorlákshafnar og Rotterdam. Skip keypt sérstaklega til verkefnisins. Kallar á mikla uppbyggingu í Þorlákshöfn og ruðningsáhrifin talin margvísleg. Nýjung í vöruflutningum sem keppir við gámaflutninga.**

**VIÐSKIPTI** „Þetta verkefni er mögulegt vegna endurbóta á höfninni á síðastliðnum tveimur árum og þær eru yfirstandandi. Verið er að skipuleggja svæðið í kringum höfnina með tilliti til hafsækinnar starfsemi. Þetta kallar á töluverða umferð og breytingar hérna hjá okkur,“ segir Gunnsteinn R. Ómarsson, bæjarstjóri sveitarfélagsins Ölfuss, en færeyska skipafélagið Smyril Line Cargo hefur ákveðið að hefja beinar vikulegar siglingar milli Þorlákshafnar og Rotterdam strax í byrjun apríl. Ferjusiglingarnar munu stórauka umsvif í Þorlákshöfn og væntingar eru um að þær stuðli að vexti og atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu.

Gunnsteinn segir alla á tánum varðandi verkefnið og gott samstarf hafi tekist við Smyril Line og Vegagerðina síðustu mánuði. Byggja þarf ramp til að þjóna ferjunni en hún er nítján þúsund tonna skip sem tekur 90 tengivagna og 500 bíla í hverri ferð. Höfnin hefur m.a. verið dýpkuð til muna og fullbúin frystigeymsla stendur við höfnina og þar er mikið landrými og lausar byggingalóðir fyrir atvinnustarfsemi.

Smyril Line keypti skipið sérstaklega vegna þessa verkefnis sem hefur sérstöðu í vöruflutningum frá Íslandi. Um svokallaða Ro/Ro (eða Roll on-Roll off) vöruflutninga er að ræða, þar sem varan er flutt í tengivögnum sem keyrðir eru um borð í skip. Það telja aðstandendur verkefnisins að tryggi örugga vörumeðhöndlun þar sem ekki þarf að hífa vöruna um borð, eins og tíðkast í hefðbundnum gámaflutningum.

> Það opnar margar dyr að fá svona stórt skip hingað.
>
> Gunnsteinn R. Ómarsson, bæjarstjóri Ölfuss



Gunnsteinn telur að ruðningsáhrif þessa verkefnis geti orðið víðtæk, en það velti á því hvernig verkefnið gengur. Stefnt hefur verið á að byggja Þorlákshöfn upp með tilliti til flutninga og stórskipaumferðar, og í því felst viss framtíðarsýn eftir að útgerð og fiskvinnsla gaf eftir.

„Það opnar margar dyr að fá svona stórt skip hingað. Í framhaldinu vænti ég þess að fleiri aðilar horfi til svæðisins í framhaldinu. Við teljum jafnframt að þetta opni möguleika fyrir félög í sjávarútvegi að beina sinni starfsemi hingað. Þetta er þjónustubót sem aðilar í þeim geira geta ekki horft fram hjá,“ segir Gunnsteinn og bætir við að ef vel gengur þá sé vel hugsanlegt að fjölga ferðum. Þá skapist gjörbreytt landslag til flutninga frá svæðinu.

Eins og kunnugt er rekur fyrirtækið farþega- og vöruflutningaferjuna Norrænu sem á sér heimahöfn hérlendis á Seyðisfirði. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á rekstri Norrænu og einungis verður boðið upp á vöruflutninga á nýju siglingaleiðinni.

Linda Björk Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Smyril Line Cargo á Íslandi, segir í tilkynningu að nýja siglingaleiðin skapi tengimöguleika við markaðssvæði, s.s. Pólland og Eystrasaltslöndin, með vöruumskipun í Færeyjum þaðan sem Smyril Line Cargo er með tvær vöruflutningaferjur í áætlunarsiglingum til St. Pétursborgar og Eystrasaltslanda. Flutningstíminn mun verða sá stysti sem boðið er upp á í sjóflutningum til og frá landinu. svavar@frettabladid.is

**Ný siglingaleið Smyril Line Cargo tengir Ísland við Rotterdam og St. Pétursborg**







Ferjan er ríflega 138 metra löng, tæplega 23 metra breið og getur flutt 90 tengivagna og 500 bíla í hverri ferð.




# HOLA, HELLO, HOI, HALLARMÚLI!

## ALLAR FERÐATÖSKUR

# 40% VILDARAFSLÁTTUR




## AÐEINS Í HALLARMÚLA!

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn | Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Gildistími vildarverða er til og með 23. desember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.


VERTU ÚTI
MEÐ SALEWA
PRIMALOFT
DURASTRETCH
PRIMALOFT
GORETEX


SALEWA
KOMDU TIL OKKAR!
GLÆSILEG NÝ VERSLUN
ICEWEAR MAGASÍN
**Icewear Magasín** hefur nú opnað nýja glæsilega verslun með hinum þekkta og vandaða **Salewa** fatnaði á Laugavegi 91. **Salewa** var stofnað **1935** og eru höfuðstöðvar þess í bænum **Bolzano** á **Ítalíu**. Þú finnur allt til útivistar hjá **Icewear Magasín**. Komdu til okkar í dag og kíktu á úrvalið.
VERSLUN SALEWA | **LAUGAVEGI 91**
SALEWA
ICEWEAR ICELAND

# Sprotar spretta af menntun



Hafliði Helgason
hafliði@frettabladid.is

Horft til lengri tíma mun það ráða úrslitum um hvernig okkur vegnar í efnahagslegu tilliti hvernig til tekst að byggja upp ný fyrirtæki byggð á þekkingu og hugviti. Í Markaðnum í dag er viðtal við þrjá stjórnendur Nýsköpunarsjóðs sem nú róa á ný mið með stofnun fjárfestingasjóðs sem hyggst fjárfesta í sprotafyrirtækjum.

Í Fréttablaðinu í gær var fjallað um skýrslu KPMG þar sem lagt er til að skapa vettvang fyrir sprotafyrirtæki til að sækja sér fé til uppbyggingar. Sem betur fer eru margir tilbúnir til að taka áhættu með því að byggja upp eigið fyrirtæki og leggja á sig mikla vinnu og áhættu til að gera slík ævintýri að veruleika.

Fullyrða má að bæði fjárfestar og fjármálafyrirtæki hafa áhuga á að skapa skilyrði til að svo megi verða. Stjórnvöld eru jákvæð í garð slíkrar þróunar, en mikilvægt er að átta sig á hvert er hlutverk hvers í því samhengi.

Þegar kemur að fjárfestingu og áhættu er almennt skynsamlegt að frumkvöðlar og fjárfestar beri þá áhættu. Hlutverk opinberra aðila felst í að skapa umhverfi og jarðveg. Umhverfi sem hvetur til uppbyggingar fyrirtækja getur falist í almennu rekstrar- og skattaumhverfi fyrirtækja, auk sérstakra skattaívilnana og styrkja til frumkvöðlaverkefna. Ríkið fær sitt til baka í formi skatta þegar fram í sækir. Þegar eru ýmsar slíkar ívilnanir og styrkir í gangi.

Hitt sem opinberir aðilar þurfa að tryggja er grunnurinn. Við lifum á tímum hraðra tæknibreytinga og ekkert okkar getur í raun ímyndað sér þær breytingar sem verða á einni mannsævi héðan í frá. Menntun og frumrannsóknir munu skipta öllu máli um það hvers konar fyrirtæki geta sprottið upp í framtíðinni. Frá sjónarhóli ríkisins er menntun langmikilvægasta fjárfestingin og líklegust til að skila mestu þegar til lengri tíma er horft.

**Menntun og frumrannsóknir munu skipta öllu máli um það hvers konar fyrirtæki geta sprottið upp í framtíðinni. Frá sjónarhóli ríkisins er menntun langmikilvægasta fjárfestingin og líklegust til að skila mestu þegar til lengri tíma er horft.**

Þarna erum við því miður eftirbátar þjóða sem við viljum bera okkur saman við. Grunnrannsóknir eru vanræktar og háskólasamfélagið er í svelti. Með vanrækslu grunnþáttanna erum við að éta útsæðið okkar.

Það er ánægjulegt að sjá að fjármálageirinn og frumkvöðlar eru á fleygiferð að leita leiða til að efla uppbygginguna sprotafyrirtækja. Í því umhverfi þarf líka að vanda sig. Við þekkjum dæmi um lofandi fyrirtæki sem almenningur setti fjármuni í og urðu síðan að engu. Nú þegar rætt er um nýjan vettvang fyrir aðkomu fjárfesta að sprotafyrirtækjum er gott að muna að ekki er allt gull sem glóir og áhættufjárfestingar eiga best heima hjá sérhæfðum fjárfestum.

Sjóðir sem sérhæfa sig í sprotafyrirtækjum eru mikilvægir og vonandi tekst vel til við uppbygginguna þeirra. Viljinn og umhverfið er fyrir hendi og samhliða því þurfum við að styrkja grunn menntunar og rannsókna.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Viðræður í jólafríi**

**„Það er andskotann ekkert“ að frétta af stjórnarmyndunarviðræðum að sögn Benedikts Jóhannessonar formanns Viðreisnar. Viðreisn fundaði með Sjálfstæðisflokki og Bjartri framtíð um síðustu helgi án þess að í því fælust mikil formlegheit. Eldri þingmenn sjá tækifæri í því að þingstörf séu í gangi því nú fæst reynsla á allan þann fjölda nýrra þingmanna sem kominn er til starfa. Búist er við því að blokkir myndist í fjárlagafrumvarpsvinnunni sem geti skýrt hvaða samstarfsfleti flokkarnir hafa. Þó er það sameiginlegur skilningur allra að hér verði að minnsta kosti ekki mynduð ríkisstjórn áður en kveikt verður í áramótabrennunum.**

**Einn á báti**

**Varaformaður Vinstri grænna, Björn Valur Gíslason, er spenntur fyrir ríkisstjórn Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks. Björn hefur farið mikinn á netinu í gagnrýni sinni á miðjuflokkana og ýft upp mikla óánægju í garð flokksins hjá öðrum flokkum á Alþingi. En Björn hefur ýft fleiri fjaðrir en utan flokks. Innan Vinstri grænna eru margir flokksmenn sammála um að varaformannsskipti verði að eiga sér stað á næsta landsfundi. Björn er gamall og reyndur skipstjóri en nú er kallinn í brúnni orðinn einn á báti.**

**snaeros@frettabladid.is**

# Takk fyrir, borgarstjórn



Ellert B. Schram
varaformaður stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Yfirleitt er það nú þannig að maður drepur niður penna og tjáir sig opinberlega, þegar manni mislíkar eða mótmælir einhverju sem er að gerast samfélaginu. Maður gleymir að láta í sér heyra þegar vel er gert. Þegar ástæða er til að þakka fyrir sig og sína. Þegar ákvarðanir eru teknar sem manni líkar við.

Í þetta skiptið ætla ég að breyta út frá vananum og hrósa stjórnvöldum. Stjórnvöldum í Reykjavíkurborg. Sem varða eldri borgara og aldursvæna höfuðborg.

Fyrir rúmlega ári var mér falið að stýra hópi sem hafði það verkefni að leggja fram tillögur um heilsueflingu eldri borgara og úrræði þar að lútandi. Við lögðum fram tuttugu og sex tillögur fyrir borgarstjórn, sem innihéldu lagfæringar og aðgerðir um heilsu og hreyfingu fullorðinna. Þar með lauk mínum afskiptum af málinu. Innst inni datt mér það helst í hug að þessar tillögur dagaði uppi einhvers staðar í kerfinu.

En viti menn, nú hef ég verið kallaður aftur til og mér kynnt það starf sem síðan hefur farið fram á vegum borgarstjórnar til útfærslu á tillögunum tuttugu og sex. Og það sem gert hefur verið eða stendur til að gera. Það er of langt mál að telja upp og rekja þau verkefni sem stefna í átt til aukinnar þjónustu fyrir eldri borgara á þessu sviði. Það verður gert úr ráðhúsinu. Hagræðingar og aðbúnaður sem snýr að hreyfingu, mataræði, þjónustu, eflingu og valkostum margvíslegum er og verður í boði af hálfu borgarinnar. Ég hef lagt áherslu á að framhaldið og viðbrögð borgarinnar verði rækilega kynnt. Auglýst. Tilkynnt. Upplýst með aðgengilegum hætti. Og það stendur til.

**Í byrjun næsta árs munu útfærslur á heilsuvæðingu eldra fólks verða kynntar og nýttar.**

Takk fyrir þetta, Dagur, og þið öll í lýðheilsunni, velferðinni, íþrótta- og tómstundasviði og fólkið sem annast þjónustu aldraðra í hverfum borgarinnar. Í aldursvænni höfuðborg. Hér verið að tala um alvörumál, þjónustu og hvatningu, til okkar, eldri borgara, um að búa svo um, að eldra fólk njóti lífsins, sé áfram virkt og glatt og heilsugott. Um þetta snýst málið. Elli er eitt, aldur er annað. Í byrjun næsta árs munu útfærslur á heilsuvæðingu eldra fólks verða kynntar og nýttar. Sem vonandi bæta og lengja líf eldri borgara, kynslóð eftir kynslóð.

***Gleðileg jól.***

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ljóstýra í Aleppo



Lilja Alfreðsdóttir
utanríkisráðherra



Fréttamyndir sem bárust frá borginni Aleppo í Sýrlandi í síðustu viku voru óhugnanlegar. Stjórnarher Sýrlands, með stuðningi rússneska flughersins og stjórnvalda í Íran, tókst með vægðarlausum hætti að ná borginni úr höndum uppreisnarmanna og skeytti engu um afdrif óbreyttra borgara. Fréttir hafa borist um skipulagðar aftökur á almenningi og við blasir að stríðsglæpir hafi verið framdir í borginni.

Tilgangurinn virðist ekki eingöngu vera sá að ná borginni, heldur senda í leiðinni skilaboð til annarra borga og svæða um hernaðarmátt og grimmd stjórnvalda. Að sýna óbreyttum borgurum að þeir geti ekki staðið á hliðarlínunni og refsingin fyrir beinan eða óbeinan stuðning við uppreisnarmenn sé hörð. Að fá almenning til að þrýsta á uppreisnarmenn í sínum röðum til að leggja niður vopn, enda sé gjaldið fyrir áframhaldandi átök óbærilega hátt.

> **Hér í landi allsnægtanna styttist í jólin – hátíð ljóss og friðar. Í Aleppo blasa hins vegar við húsarústir, mannvonska og myrkur. Ljóstýra kann þó að hafa kviknað með þeim aðgerðum sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur loksins ákveðið að grípa til, þótt þær séu aðeins hænuskref á langri leið.**

Íslensk stjórnvöld hafa í félagi við aðrar Norðurlandaþjóðir ítrekað kallað eftir því að alþjóðalög séu virt og mannúðarsamtök komist á átakasvæði til að veita aðstoð og hjúkra. Það er því mikið fagnaðarefni, að ályktun þar að lútandi skyldi vera samþykkt í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna á mánudaginn. Að auki er í henni kallað eftir vernd á hjúkrunarfólki og veitendum mannúðaraðstoðar og að eftirlitssveit á vegum Sameinuðu þjóðanna fari til Aleppo og fylgist þar með málum. Hitt er grátlegt, að öryggisráðið hafi ekki ályktað miklu fyrr í þessa veru því ástandið hefur lengið verið hræðilegt í Aleppo. Það er einlæg von mín, að ályktun mánudagsins marki tímamót og viðbrögð öryggisráðsins verði framvegis skilvirkari en hingað til.

**Þörfin geigvænleg**

Fjárstuðningur íslenskra stjórnvalda við mannúðarstarf Sameinuðu þjóðanna, Rauða krossins og annarra hjálparsamtaka sem aðstoða Sýrlendinga nemur um 600 milljónum króna á þessu ári, sem er tvöföldun frá síðasta ári. Þörfin fyrir aðstoð er geigvænleg, enda er landið sundurtætt eftir fimm ára stríð. Um hálf milljón manna hefur dáið, ríflega 11 milljónir manna hafa flúið heimili sitt og 13,5 milljónir þurfa á brýnni aðstoð að halda. Aðstæður þessa fólks eru slæmar, sérstaklega á köldum vetri þar sem börn og fullorðnir þurfa hlý föt, mat, húsaskjól og öryggi. Ekkert af þessu er auðvelt að tryggja við núverandi aðstæður og þess vegna er svo mikilvægt að mannúðarsamtök fái að athafna sig.

Ísland er í hópi þeirra ríkja sem hefur með milligöngu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna boðið Sýrlendingum alþjóðlega vernd og fasta búsetu. 70 manns eru þegar komnir til landsins og í janúar bætast 47 einstaklingar í hópinn, sem þá mun alls telja 117 manns. Í flestum tilvikum er um að ræða barnmargar fjölskyldur sem hafa ríka þörf fyrir vernd. Þá eru ótaldir þeir sem hingað hafa ferðast á eigin vegum og fengið alþjóðlega vernd á grundvelli útlendingalaga. Alls hafa íslensk stjórnvöld varið tveimur milljörðum króna til að mæta flóttamannavandanum sem á upptök sín í átökunum í Sýrlandi.

Hér í landi allsnægtanna styttist í jólin – hátíð ljóss og friðar. Í Aleppo blasa hins vegar við húsarústir, mannvonska og myrkur. Ljóstýra kann þó að hafa kviknað með þeim aðgerðum sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur loksins ákveðið að grípa til, þótt þær séu aðeins hænuskref á langri leið.















# Þegar heimilið er ekki griðastaður



Kolbrún Baldursdóttir
sálfræðingur

Ekkert barn velur sér foreldra. Flest eru sem betur fer heppin. Þau fæðast til foreldra sem hafa færni og getu til að hlúa að þeim og sinna þeim til fullorðinsára.

En víkjum að börnunum sem ekki auðnast sú gæfa að fæðast til heilbrigðra og ábyrgra foreldra. Þetta eru börn foreldra sem af einhverjum ástæðum eru ekki færir um að sinna foreldrahlutverkinu. Við þessar aðstæður grípur stórfjölskyldan oft inn í og aðstoðar. Amma og afi lýsa sig reiðubúin til að taka að sér og annast barnabarn/börn sín, eða frændi og frænka. Þannig alast mörg börn upp í hlýjum og traustum faðmi fjölskyldumeðlima þegar mamma eða pabbi geta ekki verið til staðar.

Í öðrum tilfellum, þar sem hvorki foreldra né stórfjölskyldu nýtur við, koma til skjalanna fósturforeldrar sem staðist hafa könnun barnaverndaryfirvalda til að annast umönnun þeirra til fullorðinsára.

Þrátt fyrir samheldni fjölskyldna og vöktun yfir börnum þessa samfélags er á hverjum tíma hópur barna sem býr við óviðunandi og ótryggar aðstæður. Þessi börn búa á heimilum sem ekki er hægt að segja að sé griðastaður þeirra.

**Börn óttaslegin á eigin heimili**

Á aðventu og um jólahátíðina er vandinn jafnvel meira íþyngjandi en að öllu jöfnu, jafnvel þótt grunnvandi foreldranna sé í raun hinn sami. Það er vegna þess að um jólahátíðina er hvarvetna gerð sú krafa að allir eigi að vera kátir, glaðir og góðir hver við annan. Á jólum er í okkar samfélagi ekkert rými fyrir ótta, ógn eða óöryggi. Jól í okkar menningu er hátíð barnanna og því skýtur það skökku við að barn þurfi að vera hrætt og óttaslegið á eigin heimili.

**Stundum er vitað um vanda sem þennan í fjölskyldum en ákveðið að blanda sér ekki í hann af ótta við reiðiviðbrögð. Aðrir óttast að fari þeir að blanda sér í málið taki það á sig enn verri mynd, jafnvel fyrir barnið.**

Börn sem búa við erfiðar aðstæður velta vöngum yfir og óttast hvort mamma/pabbi verði í lagi um þessi jól. Verður ofbeldi, neysla, öskur og rifrildi?

Vandamál foreldra, einkum þau sem einkennast af stjórnleysi, taka iðulega á sig alvarlega mynd um hátíðir eins og jól. Aðventunni getur fylgt meiri streita eða hömluleysi af einhverju tagi. Meira er um mannfagnaði og félagslegar uppákomur eru gjarnan tíðari. Hegðun þeirra sem eru óstöðugir fyrir og glíma t.a.m. við fíkn nær oft hæstu hæðum á þessum árstíma. Þetta vita börnin sem búa við þessar aðstæður af eigin reynslu.

Óhjákvæmilega bera börnin sem hér um ræðir heimilislíf sitt saman við heimilislíf t.d. vina sinna þar sem sambærilegur vandi er ekki til staðar. Þau horfa á fölskvalausa gleði og tilhlökkun á þeim heimilum og óska þess að aðstæður væru svona heima hjá þeim. Af hverju eru hlutirnir ekki bara í lagi heima hjá mér?

Börnin sem kvíða jólahátíðinni langar að hlakka til jólanna. Sum þora ekki að leyfa sér það ef allt skyldi síðan bregðast. Einhver kunna að hugsa „vonandi sleppur þetta, þótt ekki væri nema rétt á meðan við borðum og opnum pakkana“.

**Meðvirknin festir rætur**

Börn í þessum aðstæðum eiga iðulega mjög erfitt með að ræða þessi mál utan heimilis. Þeim hefur jafnvel verið kennt og þau áminnt um að þetta sé leyndarmál sem enginn annar má vita um. Segi þau frá geti eitthvað hræðilegt gerst. Þau kjósa því e.t.v. að bera þessa byrði ein og óstudd. Sjúkdómurinn meðvirkni nær oft að festa rætur í hjörtum barnanna eins og hjá öðrum aðstandendum. Allt verður að líta eðlilega út á yfirborðinu og gildir þá einu þótt innviðirnir séu rústir einar.

Vandi af þessu tagi sem hér hefur verið lýst getur verið afar dulinn. Það reynir á okkur öll að vera vakandi ekki bara yfir okkar börnum heldur einnig yfir öðrum börnum í fjölskyldum okkar, vinum barna okkar og þeim börnum sem við mætum daglega eða verða á vegi okkar.

Stundum er vitað um vanda sem þennan í fjölskyldum en ákveðið að blanda sér ekki í hann af ótta við reiðiviðbrögð. Aðrir óttast að fari þeir að blanda sér í málið taki það á sig enn verri mynd, jafnvel fyrir barnið.

En það er ekki einungis skyldan sem knýr fólk til að láta sig málefni barna varða heldur einnig samviskan og færni fólks að setja sig í spor barna. Að láta kyrrt liggja gegn eigin samvisku kallar auk þess síðar meir á ítrekaðar vangaveltur um hvort það hefði verið hægt að gera eitthvað til að aðstoða.

Í vafamálum eru tvö megingildi sem styðjast má við í þessu sambandi: Í fyrsta lagi, leyfum börnum ávallt að njóta vafans og í öðru lagi, það versta sem hægt er að gera er að gera ekki neitt. Með því að vera meðvitaður, láta sig málin varða, grípa inn í, skipta sér af, getum við hugsanlega tryggt barni öruggt skjól þessi jól og jafnvel stuðlað að breytingum til framtíðar.

Þess má geta að í hugum margra barna er Kvennaathvarfið frekar griðastaður þeirra en heimilið. Í hugum sumra barna eru minningarnar um bestu jólin einmitt þegar dvalið var í Kvennaathvarfinu eða á öðrum öruggum stað. Þar var í það minnsta hægt að leggja höfuðið á koddann í þeirri vissu að svefni þeirra yrði ekki raskað, alla vega ekki þessa nótt.

# Tómbólujól á útsöluprís 6. janúar fyrir öryrkja og aldraða!



Helga Björk Magnúsd. Grétudóttir
hæstvirtur formaður aðgerðahóps háttvirtra öryrkja og aldraðra

Í Taílandi ganga menn í lörfum á jólum til minnast eins mesta meistara veraldarsögunnar, Jesú Krists sem var meinlætamaður.

Ég velti því fyrir mér hvort prestar, biskupar, alþingismenn, hæstaréttardómarar og ríkisforstjórar muni ganga í lörfum um þessi jól, til að sýna samhygð sína gagnvart þeim sem minna mega sín og dansa í kringum gullkálfinn.

Mér þótti Bjarni Benediktsson hafa himin höndum tekið, þegar hann áttaði sig á að hið norska kjararáð tæki hinu íslenska fram. Því Norðmönnum þykir sjálfsagt og eðlilegt að öryrkjar og aldraðir séu undir verndarvæng hins norska kjararáðs.

**Mér þótti Bjarni Benediktsson hafa himin höndum tekið, þegar hann áttaði sig á að hið norska kjararáð, tæki hinu íslenska fram. Því Norðmönnum þykir sjálfsagt og eðlilegt að öryrkjar og aldraðir séu undir verndarvæng hins norska kjararáðs.**

Trölli hefur margsinnis stolið jólunum frá þeim er minna mega sín.

En hver er Tröllí? Er það Alþingi Íslendinga eða bankakerfið?

Ég hvet alla öryrkja og aldraða til að sleppa þessu jólafári, sem er ímynduð vitleysa í höndum kaupahéðna.

Höldum jól á útsöluprís 6. janúar 2017. Þó svo við vitum að Jesú Kristur fæddist á annarri árstíð. Látum ekki blekkjast.

Undirrituð er að dunda sér við að hringja í alþingismenn og bjóða þeim að gefa háttvirtum öryrkjum og öldruðum kjararáðshækkun sína, að fyrirmynd forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar.

Mun forseti vor einnig nýta forsetabílinn R 1 til að færa þeim mat, árið um kring sem bágstaddir eru?

Mér er mjög vel tekið af þeim flestum. Það er verulega spennandi að vita hvaða stjórnmálaflokkur verður gjafmildastur.

Munu prestar, sveitarstjórnarmenn, embættismenn og forstjórar ríkisfyrirtækja sem þiggja laun frá Kjaranefnd ánafna hækkun sinni til þeirra er minna mega sín? Eða eru þetta eigingjarnir sjálfselskupúkar og síngjarnir?

Sárt er til að vita að umboðsmaður Alþingis, sem hefur rúmlega 1,7 milljónir á mánuði, kvarti undan því að hafa ekki nema 18 milljónir á ársgrundvelli til að sinna frumkvæðismálum.

Hjálparstofnana er þörf á tímum náttúruhamfara.

Leggjum niður hjálparstofnanir og förum að 76. gr. stjórnarskrárinnar. En þar segir að allir Íslendingar eigi rétt á fæði, klæði, húsnæði og menntun við hæfi.

# Iceland Tyres

## Hönnuð fyrir íslenskar aðstæður



## 25% kynningarafsláttur af öllum dekkjum

### Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu og á flutningamiðstöðvar um land allt

Iceland Tyres Snow og Ice eru norræn gæða vetrardekk sem eru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður. Dekkin eru sérlega stöðug og hljóðlát og gefa gott grip í hvernig veðri sem er. Iceland Snow er **óneglt** vetrardekk sem er sérlega mjúkt og gripmikið dekk. Iceland Ice er **neglt** gæða vetrardekk fyrir allra hörðustu aðstæður.

Pöntunarsími: **578-8210**. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir og pantanir á tölvupóstfangið **info@tyresdirect.is.** Iceland Tyres er einnig fáanlegt á **www.tyresdirect.is** (afsláttarkóði **#25OFFICELAND**).



ICELAND TYRES

ICELAND TYRES EHF

Suðurhella 10, 221 Hafnafjörður – Ísland
+354 578 8210 info@tyresdirect.is

netto

# Jólakjötið færðu í Nettó

**Hangiframpartur**
úrbeinaður - Kjötsel
**2.294 KR/KG**
Áður: 2.798 kr/kg



**Hangilæri**
úrbeinað - Kjötsel
**2.962 KR/KG**
Áður: 3.798 kr/kg

22%



*Viltu hafa það hefðbundið um jólin...*

**Kalkúnn heill**
Frosinn - Allar stærðir
**998 KR/KG** ❄



40%



**Hamborgarhryggur**
snyrtur og úrbeinaður - Kjötsel
**1.739 KR/KG**
Áður: 2.898 kr/kg

40%



**Rjúpubringur**
400 gr.
**1.998 KR/PK**



**Hangilæri**
með beini - Kjötsel
**2.146 KR/KG**
Áður: 2.384 kr/kg



**Bayonneskinka**
Kjötsel
**1.198 KR/KG**
Áður: 1.996 kr/kg




**Humar**
Askja - 2 kg.
**9.998 KR/PK** ❄

40%



**Humar**
án skeljar 800 gr. poki.
**2.999 KR/PK** ❄
Áður: 4.998 kr/pk



**HS Skelbrot**
blandað - 1 kg
**3.469 KR/KG** ❄
Áður: 3.895 kr/kg



**Hamborgarhryggur**
KEA
**1.798 KR/KG**



**Dádýralundir**
frá Nýja Sjálandi
**5.838 KR/KG**
Áður: 7.298 kr/kg

20%



**Kálfalundir**
frá Holland
**3.998 KR/KG**
Áður: 4.998 kr/kg

20%

## ...eða viltu hafa það framandi



20%

**Nautalundir**
Danish Crown 1,2 - 1,5 kg
**3.438 KR/KG**
Áður: 4.298 kr/kg



**Hreindýralundir**
**7.910 KR/KG**
Áður: 8.989 kr/kg



20%

**Dádýravöðvar**
frá Nýja Sjálandi
**3.198 KR/KG**
Áður: 3.998 kr/kg



**Kalkúnabringur**
Erlendar
**2.098 KR/KG**
Áður: 2.498 kr/kg



20%

**Kengúru fille**
Frosið
**3.198 KR/KG**
Áður: 3.998 kr/kg



**Nautalundir**
frá Nyja-Sjálandi, 1,8 - 2,2 kg.
**3.998 KR/KG**



**Nauta T-bone steik**
1 stk.
**3.993 KR/KG**
Áður: 4.698 kr/kg



**Nautamjaðmasteik**
Roastbeef 600 - 800 gr.
**2.998 KR/KG**

# Stjórnarmyndun, stéttabarátta og málamiðlanir



Torfi H. Tulinius
prófessor í íslenskum miðaldafræðum við HÍ

Þau sem fara fyrir flokkunum fimm sem hafa reynt að mynda starfhæfa ríkisstjórn frá miðju til vinstri eru geðþekkar manneskjur. Enginn efast um einlægan vilja þeirra til að finna samstarfsflöt án þess að fórna of miklu af stefnumálum sínum. Samt hefur ekki gengið saman með þeim.

Gæti skýringin verið að menn hafi misst sjónar á því hvar hagsmunir fjöldans liggja? Á það til dæmis við um Pírata og Bjarta framtíð sem hafna skiptingu milli vinstri og hægri og kalla eftir nýjum vinnubrögðum í stjórnmálum? Auðvelt er að samsinna því að gott sé að festast ekki í skotgröfum og að starfshætti megi ávallt bæta. Það breytir ekki því að mikill meirihluti verðmæta landsmanna er í höndum fámenns hóps eignamanna og að bilið milli þeirra og hinna er að aukast. Ekki bætir úr skák að þau kerfi samfélagsins sem hafa gert misskiptinguna bærilega hafa veikst.

Það er hagur meginþorra landsmanna að snúa þessari þróun við. Miðjustjórn í þágu almennings hlýtur að taka mið af því. Annars halda helstu stoðir samfélagsins áfram að drabbast niður: heilbrigðiskerfið, velferðin, samgöngurnar, skólarnir, rannsóknir og nýsköpun, m.ö.o. allt sem gerir samfélag okkar manneskjulegt og býr það undir framtíðina. Það verður að sækja fjármunina þangað sem þeir eru.

Á Norðurlöndum og víða í Vestur-Evrópu eru hærri skattþrep fyrir þá tekjumeiri og skattar á stóreignafólk. Þetta er viðurkenning á því að það er samfélagið sem gerir þessu fólki kleift að auðgast og því sé eðlilegt að það taki þátt í að halda því við. Þetta á íslensk efnastétt erfitt með að viðurkenna.

**Einn af flokkunum sem komu að umræddum viðræðum, Viðreisn, á rætur hjá stóreignafólki og þeim sem starfa fyrir það. Það er því ekki von að hann vilji efla tekjuöflun ríkisins með þessum hætti. Þótt geðþekkir séu, virðast forystumenn flokksins ekki hafa verið tilbúnir að gefa neitt eftir að þessu leyti.**

### Óbilgjörn auðmannastétt

Fréttir herma að stjórnarmyndun hafi siglt í strand vegna þess að ekki var samkomulag um tekjuhlið ríkisfjármála, m.ö.o. um að skattleggja þá efnameiri. Einn af flokkunum sem komu að umræddum viðræðum, Viðreisn, á rætur hjá stóreignafólki og þeim sem starfa fyrir það. Það er því ekki von að hann vilji efla tekjuöflun ríkisins með þessum hætti. Þótt geðþekkir séu, virðast forystumenn flokksins ekki hafa verið tilbúnir að gefa neitt eftir að þessu leyti. Þeir hafa staðið með hagsmunum fámennrar stéttar gegn fjöldanum. Í viðleitni sinni til að ná saman virðast hinir flokkarnir fjórir hafa verið misjafnlega meðvitaðir um að í gangi væri stéttabarátta. Nú er eins og línur hafi skýrst.

Framsóknarflokkurinn er að uppruna og upplagi félagslega sinnaður og hefur nú skákað auðmanninum sem var formaður um skeið út í horn. Í ljósi þess að nauðsynlegt er að styrkja tekjuhlið ríkisfjármála og Viðreisn virðist ekki vilja málamiðlanir er rétt að Píratar, Samfylking, Björt framtíð og Vinstri græn kanni samstarf við Framsókn. Þá þarf aðrar málamiðlanir en þær eru líklega skárri en að óbilgjörn og skammsýn auðmannastétt setji öðrum skilyrði sem eru óásættanleg ef endurreisa á velferð, menntun og nýsköpun á Íslandi.




Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT

# Margbreytileikinn – allra ávinningur



Jóhanna Harpa Árnadóttir
í stjórn Festu og verkefnastjóri hjá Landsvirkjun

Um þessar mundir fagna Landssamtökin Þroskahjálp fjörutíu ára starfsafmæli en samtökin hafa barist fyrir réttindum, og unnið að málefnum fólks með þroskahömlun og annarra fatlaðra – barna og fullorðinna til að tryggja þeim fulla jafnréttisstöðu á við aðra þjóðfélagsþegna. Á þessum tíma hafa orðið miklar framfarir í löggjöf og framkvæmd þjónustu í átt til aukinna mannréttinda fatlaðs fólks á Íslandi. Því miður eru þó enn of mörg dæmi um að raunverulegur réttur sé bara í orði, en ekki á borði, og réttindi og tækifæri fatlaðs fólks eru langan veg frá því að vera til jafns við aðra.

Í 27. grein Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er fjallað um þær ráðstafanir sem aðildarríkin skulu gera til að tryggja og stuðla að því að rétturinn til vinnu verði að veruleika. Til að stuðla að því að fatlað fólk verði ráðið til starfa innan einkageirans eiga ríkin að marka sér stefnu við hæfi, gera áætlun um sértækar aðgerðir, skapa hvatningu og grípa til viðeigandi aðgerða til að auka þátttöku fatlaðs fólks á vinnumarkaðnum.

Það eru einstaka íslensk fyrirtæki sem hafa gengið á undan með góðu fordæmi og ráðið til sín starfsfólk úr röðum þeirra sem ekki hafa sömu möguleika til starfa á almennum vinnumarkaði og flestir hafa. Vert er að vekja athygli á þessu framtaki fyrirtækjanna og það gefur neytendum kost á að velja að eiga viðskipti við þau fyrirtæki umfram önnur sem bjóða upp á sambærilega vöru eða þjónustu.

### Hvernig er hægt að ná til fleiri fyrirtækja?

Það er ekki mjög langt síðan í árum talið að upplýsingagjöf um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja kom fram á sjónarsviðið undir þeim formerkjum. Ýmsar leiðir eru fyrirtækjum færar í að koma upplýsingunum á framfæri og mörg hver kjósa að gera það í ársskýrslum sínum. Á alþjóðavísu er annar vettvangur eins og Global Compact verkefni Sameinuðu þjóðanna. Með þátttöku sinni í verkefninu skuldbinda fyrirtæki eða stofnanir sig til þess að vinna að þeim grundvallarviðmiðum sem sett eru fram er varða samfélagslega ábyrgð og styðja markmið Sameinuðu þjóðanna varðandi: Mannréttindi, vinnumarkaðinn, umhverfið og vinnu gegn spillingu. Í verkefninu felst að skila árlega inn skýrslu og gera grein fyrir framvindunni. Á þessu ári skiluðu 20 íslensk fyrirtæki inn Global Compact framvinduskýrslu til Sameinuðu þjóðanna.

Málaflokkurinn samfélagsábyrgð fyrirtækja er undir stöðugum breytingum og svigrúm er til staðar fyrir fyrirtæki varðandi hvaða upplýsingar það setur fram um frammistöðu sína. Það gæti einnig átt við um frammistöðu í ráðningum. En til þess að hafa frá einhverju að segja þarf ávinningurinn af því að auka margbreytileika í ráðningum starfsfólks að ná athygli fyrirtækjanna. Fyrirtæki er ekki annað en fólkið sem þar starfar. Og hluti af þeim hópi eru stjórnendur (og stjórnarmenn) fyrirtækjanna sem þurfa að setja málið á dagskrá ef starfsmannahópurinn er einsleitur.

Samkeppnin um áherslur í fyrirtækjarekstri er mikil en til grundvallar er alltaf traustur efnahagur – öðruvísi geta fyrirtæki ekki staðið við skuldbindingar sínar. Það hlýtur því að vera stjórnvalda og íslenska ríkisins að veita málaflokknum viðeigandi athygli. Að marka stefnu og hvetja fyrirtæki til að gera betur í ráðningum fatlaðs fólks. Það þarf að auka sýnileika fatlaðra einstaklinga í atvinnulífinu og skapa hvatningu fyrir fyrirtæki til að skoða sína starfsemi og sjá hvort það sé ekki tækifæri til að auka margbreytileikann.

Frá því Landsvirkjun hóf að reka sína fyrstu aflstöð hefur það ráðið ungmenni til sumarstarfa við gróðursetningu og sáningu. Eitt af þeim markmiðum sem Landsvirkjun setti sér fyrir árið 2016, á sviði samfélagsábyrgðar, var að sinna betur hlutverki sínu í atvinnusköpun fyrir fötluð ungmenni á aldrinum 16-20 ára. Hafinn er undirbúningur fyrir ráðningar sumarstarfsfólks komandi árs með það að markmiði að störfin höfði til breiðari hóps.

**Það hlýtur því að vera stjórnvalda og íslenska ríkisins að veita málaflokknum viðeigandi athygli. Að marka stefnu og hvetja fyrirtæki til að gera betur í ráðningum fatlaðs fólks.**

Í upplýsingagjöf fyrirtækja, um frammistöðu sína á sviði samfélagsábyrgðar, felast tækifæri til að fjalla um störf fatlaðs fólks á almennum vinnumarkaði og auka sýnileikann. Hvort sem það er með sérstökum skýrslum fyrirtækja um samfélagsábyrgð, eða á öðrum vettvangi, tel ég að þar geti almenningur og hagsmunasamtök fengið í hendurnar verkfæri til breytinga. Að veita frammistöðu fyrirtækjanna athygli, og skapa aðhald, getur orðið það hreyfiafl sem flytur atvinnulífið á annan og betri stað. Við hljótum öll að vilja sjá fyrirtækin í landinu leitast við að endurspegla þá fjölbreyttu samfélagsgerð sem við búum við.

Í mínum huga liggja í flestum fyrirtækjum vannýtt tækifæri til að skoða starfsemina og með athöfnum auka margbreytileika í röðum starfsmanna. Að ráða einstakling sem annars hefði verið án atvinnu er beggja hagur því vinnustaðurinn verður ríkari. Ríkari af samkennd, skilningi og stolti. Ávinningurinn er allra.

# Ef ekki væri fyrir Hljóðbókasafnið myndi ég aldrei kaupa bækur



Snævar Ívarsson
Félagi lesblindra

Þessi fyrirsögn er kannski skrýtin, en ég skal útskýra hana. Ég er lesblindur og hefðbundinn bóklestur hefur alltaf verið mér gríðarlega erfiður. Ég var kominn yfir þrítugt þegar ég fékk greiningu á lesblindunni og í kjölfarið fékk ég aðgang að Blindrabókasafni Íslands, sem nú heitir Hljóðbókasafn Íslands. Fram að því höfðu bækur verið mér lokaður heimur, en smátt og smátt opnuðu hljóðbækur mér áður hulda veröld.

Framan af ævinni las ég ekki bækur, það var hreinlega of erfitt og ég var allt að því búinn að sætta mig við að heimur bókanna yrði mér lokaður. Lesblindugreiningin breytti þessu til hins betra. Það tók mig smá tíma að manna mig upp í að fara að nota hljóðbækur, en ég komst á bragðið og hef ekki litið til baka síðan. Fyrst um sinn voru þetta bækur á snældum, þeim fylgdi nokkurt umstang og utanumhald sem nú er blessunarlega að baki. Nú hef ég aðgang að öllu Hljóðbókasafninu hvar og hvenær sem mig lystir, þökk sé framförum í tækni.

Tæknin hefur einnig gert það að verkum að ekki þarf lengur að bíða eftir að einhver annar skili bókinni sem mig langar að lesa. Með því að nota streymisþjónustu safnsins, annaðhvort í tölvunni minni eða símanum, er bókin alltaf á lausu fyrir mig. Allt er þetta til bóta í daglegu lífi, orðaforðinn hefur aukist, ég tek fullan þátt í umræðum um jólabækurnar í fjölskylduboðum og ekki sá ég fyrir sem ungur maður að einhvern daginn hefði ég sterkar skoðanir á hvað sé góður texti og hvað ekki.

Nú hef ég um langt skeið verið í forsvari fyrir Félag lesblindra á Íslandi og sú vinna hefur gefið mér mikið. Ég get sagt stutta sögu því til staðfestingar. Fyrir nokkrum árum var ég staddur í Kringlunni fyrir jólin. Ég var að selja jólakort til stuðnings félaginu, ung lesblind kona kom til mín og við tókum tal saman. Talið barst að Hljóðbókasafninu og þeirri staðreynd að stór hluti jólabókanna væri þegar kominn inn í útlán. Við vorum bæði búin að hlusta á bækur sem mikið voru í umræðunni á þeim tímapunkti og þá segir hún við mig þessa setningu sem hefur setið í mér síðan: „Við erum ekkert smá heppin að vera lesblind.“ Þetta viðhorf hennar fannst mér alveg til fyrirmyndar og þegar ég hugsa um það finn ég að þetta er alveg satt. Við erum heppin að fá góða þjónustu.

Sjálfur hef ég sérstaklega gaman af ferðasögum og þar komum við að bókakaupunum. Þegar ég er að lesa ferðasögur sem heilla mig kaupi ég iðulega prentaða útgáfu af bókinni til að geta flett öllum staðarnöfnum upp á korti og fundið myndir frá viðkomandi stöðum á netinu til að skoða jafnhliða lestrinum.

Ég kaupi einnig bækur sem ég heillast af til að gefa öðrum, sumar bækur eru einfaldlega þannig að ég vil að allir lesi þær. Þetta kemur mörgum til góða, bókaútgefendur og höfundar fá sitt, vinir mínir og ættingjar njóta góðs af gjöfunum og allir fá þannig eitthvað fyrir sinn snúð.

Þannig stendur nú á því í stuttu máli að ef ekki væri fyrir Hljóðbókasafnið myndi ég aldrei kaupa bækur.

AFLAUSN EFTIR YRSU SIGURÐARDÓTTUR

# „MEÐ ALLRA BESTU SPENNUSÖGUM!“




„EINN FREMSTI RITHÖFUNDUR NORÐURLANDA.“
THE TIMES 26.11.2016

Tilnefnd til BLÓÐDROPANS íslensku glæpasagna verðlaunanna

★★★★

*„Þessi bók finnst mér eiga heima* ***með allra bestu spennusögum*** *... Einkar góð glæpasaga þar sem efnistök, plott og persónusköpun koma saman í sögu sem* ***heldur lesandanum fram á rauðanótt.****“*

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐINU

**BESTA GLÆPASAGAN Í BRETLANDI**

SUNDAY TIMES (UM LYGI) 27.11.2016

★★★★

*„Vel uppbyggð, fléttan góð og þræðirnir falla saman í lokin. ... spennandi saga.“*

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON, MORGUNBLAÐINU

*„Yrsa er gríðarlega fær glæpasagnahöfundur.“*

VERA KNÚTSDÓTTIR, BOKMENNTIR.IS

VERÖLD

## Átta fuglar hjá Valdísi Þóru á fjórða deginum og LET í sjónmáli



Valdís Þóra Jónsdóttir gat brosað eftir frábæran fjórða dag á lokaúrtökumótinu fyrir sterkustu atvinnumótaröð Evrópu í golfi kvenna sem fram fer í Marokkó. Valdís lék á sjö höggum undir pari í gær og hefur þar með bætt skorið sitt á öllum dögunum. Valdís Þóra er á 11 höggum undir pari og í 4. sæti fyrir síðustu 18 holurnar en 30 efstu kylfingarnir tryggja sér fullan keppnisrétt á LET. FRÉTTABLAÐIÐ/LET/TRISTAN JONES

### GARY MARTIN LÍKLEGA Á LEIÐINNI TIL LOKEREN

Stuttu stoppi enska framherjans Gary Martin í Víkinni virðist vera að ljúka en Pepsi-deildarfélagið er komið í viðræður við Lokeren í Belgíu um kaup þess síðarnefnda á markahróknum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Lokeren búið að gera Víkingum tilboð sem verið er að skoða. Búist er við að þetta klárist á næstu dögum. Tilboðið er búið að vera lengi á leiðinni en íþróttadeild 365 greindi fyrst frá því í byrjun nóvember að Rúnar Kristinsson ætlaði sér að gera tilboð í sinn gamla lærisvein sem hann fékk til Lilleström í sumar. Rúnar fékk Gary að láni frá Víkingum á miðju sumri og hjálpuðu fjögur mörk hans Lilleström að halda sæti sínu í norsku úrvalsdeildinni. Norska liðið er einnig mjög áhugasamt um að fá enska framherjann í sínar raðir en Lilleström er búið að vera í fjárhagserfiðleikum um nokkurt skeið og stendur Lokeren því betur að vígi. Gary Martin varð tvisvar sinnum Íslandsmeistari og þrisvar sinnum bikarmeistari undir stjórn Rúnars hjá KR en hann spilaði aðeins þrettán leiki fyrir Víking í Pepsi-deildinni og skoraði fimm mörk. Víkingar fara nú í framherjaleit.



# Toppslagur sem á engan sinn líka

**Bayern München, langsigursælasta knattspyrnufélag Þýskalands, tekur í kvöld á móti moldríku nýliðunum í RB Leipzig sem hafa náð ótrúlegum árangri á undanförnum árum. Leikurinn í kvöld verður þó langstærsta prófraun hins unga félags til þessa.**

**FÓTBOLTI** Í kvöld fer fram alvöru toppslagur í einni stærstu deild Evrópu – slagur tveggja liða sem hafa stungið af á toppi deildarinnar. En þó að liðin sem um ræðir, Bayern München og RB Leipzig, séu jöfn að stigum eru þau afar ólík að nánast öllu leyti. Til að undirstrika hversu ólík liðin eru þá er þetta í fyrsta sinn í sögunni sem þau mætast. Slíkt er nánast óþekkt í toppslag jafn sterkrar deildar og þeirrar þýsku.

Leipzig er nýliði í deildinni. Það er aðeins sjö ára gamalt en það var stofnað af eigendum orkudrykkjarisans Red Bull eftir að hann keypti keppnisrétt SSV Markranstädt í fimmtu efstu deild þýsku deildakeppninnar. Það er skemmst frá því að segja að liðið rauk upp hverja deildina á fætur annarri.

Liðið hóf tímabilið af gríðarlegum krafti og tapaði ekki fyrstu þrettán leikjum sínum, sem er met hjá nýliða og þegar liðið komst í toppsæti deildarinnar eftir elleftu umferð var það í fyrsta sinn síðan í lok ágústmánaðar 1991 að lið frá gamla Austur-Þýskalandi var á toppnum. Einna helst mætti líkja ævintýri Leipzig við Leicester, sem varð öllum að óvörum Englandsmeistari í vor. Það virðist reyndar vera þema í nokkrum deildum Evrópu, eins og sjá má hér til hliðar.

Það þarf vart að fjölyrða um sögu Bayern München, sem er langsigursælasta lið Þýskalands og í hópi allra stærstu liða Evrópu. Það er 109 árum eldra en Leipzig. Það ætti að vera öllum ljóst að ekkert lið nær jafn skjótum frama í einni bestu deild Evrópu án þess að hafa djúpa vasa. En Carlo Ancelotti, stjóri Bayern, segir að peningar séu ekki eina ástæðan fyrir velgengni Leipzig.

„Þeir hafa náð að byggja upp ungt lið sem býr yfir miklum eldmóði. Peningarnir skipta ekki öllu máli. Það skiptir máli að vera vel skipulagðir og andrúmsloftið innan félagsins þarf að vera rétt,“ sagði hann. Ralph Hasenhüttl, þjálfari Leipzig, lítur á þennan leik sem bónusviðureign, ekki lykilleik. „Við viljum nýta þennan leik til að sjá hversu langt við erum komnir í að þróa okkar leik. Það þykir okkur afar spennandi. En þessi leikur mun engu breyta um áætlanir okkar fyrir seinni hluta tímabilsins.“

Leikur liðanna hefst klukkan 19.00 og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. eirikur@frettabladid.is




### Leicester-ævintýrin í evrópsku deildunum í vetur

| RB Leipzig | OGC Nice | Istanbul Basaksehir |
|---|---|---|
| Þýskaland | Frakkland | Tyrkland |
| Ásamt Bayern M. á toppi Bundesligunnar | 4 stiga forysta á toppi Ligue 1 | 3 stiga forysta á toppi Süper Lig |
| 11 sigrar \| 3 jafntefli \| 1 tap | 13 sigrar \| 4 jafntefli \| 1 tap | 10 sigrar \| 5 jafntefli \| 0 töp |
| Markatala: +19 (31-12) | Markatala: +21 (34-13) | Markatala: +20 (30-10) |
| 2015-16 Þýska B-deildin (2. sæti) | 2015-16 4. sæti | 2015-16 4. sæti |
| 2014-15 Þýska B-deildin (5. sæti) | 2014-15 11. sæti | 2014-15 4. sæti |
| 2013-14 Þýska C-deildin (2. sæti) | 2013-14 17. sæti | 2013-14 Tyrkneska B-deildin (1. sæti) |
| Stofnað: 19. maí 2009 (7 ára) | Stofnað: 9. júlí 1904 (112 ára) | Stofnað: 15. ágúst 1990 (26 ára) |
| Meistaratitlar: 0 | Meistaratitlar: 4 (Síðast 1959) | Meistaratitlar: 0 |
| Bikarmeistaratitlar: 0 | Bikarmeistaratitlar: 3 (Síðast 1997) | Bikarmeistaratitlar: 0 |
| Kom upp í deildina 2016 | Kom upp í deildina 2002 | Kom upp í deildina 2014 |




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 21. desember 2016 | 49. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



## Nýsköpun er boðhlaup

Lykilstarfsmenn Nýsköpunarsjóðs hafa stofnað nýjan sjóð, Crowberry Capital, til að fjárfesta í sprotafyrirtækjum. Fjárfestingartækifærin eru þegar fyrir hendi og mikilvægt að nýta þau fyrir framtíðaratvinnu- og efnahagslíf þjóðarinnar. »4

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK





Innan skamms gætu símar Samsung verið búnir rafhlöðum frá LG. NORDICPHOTOS/AFP

# Samsung vill nota rafhlöður frá LG

Samsung Electronics reynir nú að komast að samkomulagi við LG Chem, dótturfélag LG Electronics, um að fá að nota rafhlöður síðarnefnds fyrirtækis í snjallsíma sína. Frá þessu er greint í Chosun Ilbo, einu stærsta dagblaði Suður-Kóreu. Með þessu er Samsung sagt vilja koma í veg fyrir galla líkt og komu upp í farsímanum Galaxy Note 7 sem átti það til að springa vegna rafhlöðugalla.

Til þessa hafa rafhlöður í Note-símum Samsung komið frá bæði dótturfélaginu Samsung SDI og hinu kínverska Amperex Technology.

Chosun Ilbo vitnaði í heimildarmann sem sagði meira en níutíu prósent líkur á að fyrirtækin komist að samkomulagi og Samsung muni nota rafhlöður LG Chem frá og með miðju næsta ári.

Hvorki talsmenn Samsung né LG Chem vildu tjá sig um samkomulagið þegar Chosun Ilbo innti þá eftir svörum.

Þess er skemmst að minnast að Samsung innkallaði tvær og hálfa milljón Galaxy Note 7 síma snemma í september þessa árs. Var það gert vegna áðurnefnds rafhlöðugalla í rafhlöðu frá Samsung SDI.

Í október hætti Samsung öllum stuðningi við notendur Galaxy Note 7 en þá hafði fyrirtækið reynt að laga gallann með því að skipta út rafhlöðunni fyrir rafhlöðu frá Amperex Technology. Í henni kviknaði einnig.

LG Chem framleiðir nú rafhlöður fyrir LG Electronics og Apple. – þea

## Vikan sem leið

**3.000**
**sendingar**

Flutningsfyrirtækið TVG-Zimsen áætlar að það muni taka við hátt í 3.000 sendingum frá bresku netversluninni ASOS nú fyrir jólin. Til samanburðar tók TVG-Zimsen við hátt í 2.000 sendingum í nóvember en búist var við 300 sendingum í hverjum mánuði þegar fyrirtækið byrjaði að taka við sendingunum í haust.

**9,6**
**milljarðar**

Kreditkortavelta Íslendinga erlendis í nóvember síðastliðnum var 25 prósentum meiri en í nóvember í fyrra og nam 9,6 milljörðum króna samkvæmt tölum Rannsóknaseturs verslunarinnar. Spurst hefur að innkaupaferðir Íslendinga til útlanda hafi aukist töluvert fyrir jólin vegna sterkrar stöðu krónunnar og hluti af jólainnkaupunum fer líklega þar fram.

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Hafliði Helgason** **haflidi@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is






Velta á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu jókst um 23 prósent á fyrstu 11 mánuðum ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Veltan aukist um rúmlega 80 milljarða

**Það sem af er ári hefur velta á fasteignamarkaði aukist um 25 prósent en fjöldi samninga um einungis 8 prósent. Mest er aukning í veltu á Reykjanesi. Sérfræðingur hjá Arion banka segir aukninguna skýrast af hækkun húsnæðisverðs.**

Heildarvelta á fasteignamarkaði á fyrstu ellefu mánuðum ársins nam rúmum 415 milljörðum króna samanborið við rúmlega 330 milljarða veltu á sama tímabili í fyrra samkvæmt tölum Þjóðskrár Íslands. Um fjórðungs veltuaukningu er að ræða milli ára, en samningar á tímabilinu eru um 11 þúsund og hefur þeim fjölgað um átta prósent milli ára. Því er ljóst að verðgildi hvers samnings hefur aukist töluvert milli ára.

Veltan var mest á höfuðborgarsvæðinu og nam þar rúmlega 315 milljörðum króna, samanborið við rúmlega 257 milljarða á sama tímabili í fyrra. Fjöldi samninga í ár var 7.182 á tímabilinu og var því meðalverð á eign um 44 milljónir króna.

Utan höfuðborgarsvæðisins nam veltan um 100 milljörðum króna. Hún var mest á Norðurlandi þar sem hún nam 28 milljörðum króna, en fast á eftir fylgir Reykjanesið með 27 milljarða króna.

Sé landið skoðað í heild var langmest aukning í veltu á fyrstu ellefu mánuðum ársins á Reykjanesinu. Þar jókst veltan um 12 milljarða, eða 80 prósent á milli ára. Hún dróst mest saman á Austurlandi eða um tuttugu prósent.

Í Hagsjá Landsbankans sem byggir á gögnum frá Þjóðskrá kom fram í lok nóvember að fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hefði hækkað um 13,6 prósent á síðustu 12 mánuðum. Um var að ræða mestu hækkanir á fasteignaverði á einu ári frá 2007.

„Þessi aukning í veltu er rosalega mikil en þetta skýrist af vaxandi veltu og hækkandi fasteignaverði. Aukning veltu í krónutali er sambland af vaxandi veltu, fjölda samninga, hækkandi verði og kannski spilar inn í að verið sé að selja mismunandi gerðir íbúða. Kannski er meðalaldur íbúða lægri í ár eða þær eru örlítið stærri, þá kemur það fram í þessu þó að fermetraverð sé ekki að hækka eins mikið,“ segir Konráð S. Guðjónsson, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka.

Hann bendir á að verðhækkun á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega á svæðum eins og Breiðholti, hafi ýtt undir meiri veltu.

Að mati Konráðs verða áframhaldandi hækkanir á fasteignamarkaði. Greiningardeild Arion banka hefur spáð að verðið muni hækka um 11 prósent á næsta ári en eitthvað minna árið 2018. „Spár geta hins vegar verið sjálfsuppfyllandi, ef líkur eru á hækkunum er fólk tilbúið til að setja pening inn á markaðinn því það býst við að það sé trygg ávöxtun og það þýðir að hækkunin verði af sjálfu sér vegna væntinga,“ segir Konráð.

Að mati Konráðs er að mestu leyti innistæða fyrir hækkununum. „Ef maður horfir á markaðinn í heild sinni er þetta í takt við aukinn kaupmátt og verðrými.“ Hann bendir þó á að framboð á íbúðum sé að minnka og ef svo haldi áfram gæti það farið að koma niður á veltunni á næsta ári. **saeunn@frettabladid.is**

### Fasteignavelta á fyrstu 11 mánuðum

Heildarvelta í milljörðum króna / Fjöldi samninga

| Svæði | Heildarvelta í milljörðum króna | Fjöldi samninga |
| --- | --- | --- |
| HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ | 315,2 ↑ | 7.182 ↑ |
| NORÐURLAND | 28 ↑ | 1.033 ↑ |
| REYKJANES | 27 ↑ | 987 ↑ |
| VESTURLAND | 13,8 ↑ | 541 ↑ |
| SUÐURLAND | 24,5 ↑ | 1.022 ↑ |
| VESTFIRÐIR | 2,2 ↓ | 164 ↑ |
| AUSTURLAND | 4,9 ↓ | 249 ↓ |

**»Velta á Reykjanesi hefur aukist um 80 prósent á árinu.**

**Þetta skýrist af vaxandi veltu og hækkandi fasteignaverði.**

Konráð S. Guðjónsson hjá Arion banka.



## Á döfinni

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 21. desember**

**HAGSTOFU ÍSLANDS**
- Mánaðarleg launavísitala í nóvember 2016

**HAGSTOFU ÍSLANDS**
- Greiðslujöfnunarvísitala í janúar 2017

**HAGSTOFU ÍSLANDS**
- Vísitala kaupmáttar launa í nóvember 2016

**HAGSTOFU ÍSLANDS**
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í nóvember 2016

**HAGSTOFU ÍSLANDS**
- Vinnumarkaður í nóvember 2016

**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu

**Fimmtudagur 22. desember**

**HAGSTOFU ÍSLANDS**
- Nýskráningar og gjaldþrot hlutafélaga og einkahlutafélaga í nóvember 2016

Vísir Allar markaðsupplýsingar

# Ferðamannagjaldeyrir fer í 100 milljónir eftir komandi áramót

**Annar áfangi í afnámi gjaldeyrishafta tekur gildi um áramótin. Frá því að lög tóku gildi í október hefur verið heimilt að höndla með 30 milljónir króna í gjaldeyri án þess að sækja um leyfi. Um áramótin hækkar sú fjárhæð í 100 milljónir og gildir það jafnt um verðbréfakaup og ferðamannagjaldeyri.**

Annað skref í afnámi gjaldeyrishafta tekur gildi um áramót. Í fyrsta skrefi afnáms gjaldeyrishafta sem tók gildi við samþykkt nýrra laga fengust heimildir til að kaupa erlendan gjaldeyri fyrir allt að 30 milljónir króna. Nú um áramótin verður þessi heimild aukin í 100 milljónir króna. Gildir þetta jafnt um heimild til að millifæra á eigin gjaldeyrisreikninga hjá innlendum og erlendum bönkum.

Aðrar breytingar um áramót eru þær að ekki þarf að framvísa farseðli vegna ferðagjaldeyris. Þá falla niður skilyrði um innlenda vörslu erlendra verðbréfafjárfestinga. Að margra mati hafa skapast skilyrði til að stíga þau skref að losa að mestu leyti um öll gjaldeyrishöft, en ekkert liggur enn fyrir í þeim efnum.

Í greinargerð Seðlabankans um losun fjármagnshafta kemur fram að mikilvægt sé að losun fjármagnshafta sé skipulögð þannig að komið verði í veg fyrir óhóflegt álag

> **Fjárhæðarmörk á innstæðuflutninga og erlendar fjárfestingar þurfa því að taka mið af líklegu álagi á greiðslujöfnuð.**
>
> Greinargerð Seðlabankans

á lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja og greiðslujöfnuð. „Fjárhæðarmörk á innstæðuflutninga og erlendar fjárfestingar þurfa því að taka mið af líklegu álagi á greiðslujöfnuð og greiningu á mögulegum áhrifum á lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja. Innstæðuflutningur felur í sér að innlend fjármálafyrirtæki tapa fjármögnun og þurfa því að ganga á lausar eignir eða verða sér úti um aðra fjármögnun. Því er ráðlegt að hækka fjárhæðarmörkin í skrefum,“ segir í greinargerð Seðlabankans. **– hh**



Íslendingar geta eftir áramótin höndlað með allt að 100 milljónir króna í erlendum gjaldeyri, án þess að sækja um leyfi til Seðlabankans.

## Vaxtamunur gæti minnkað

Ef rétt verður haldið á spilunum mun vaxtastig lækka og vaxtamunur minnka milli Íslands og annarra landa á komandi árum. Þetta kemur fram í skuldabréfayfirliti Capacent.

Capacent spáði lækkun vaxta Seðlabankans í síðasta yfirliti sínu og reyndist hafa rétt fyrir sér í þeim efnum. Í bréfinu segir að mikið hafi verið rætt um ógagnsæi peningastefnu Seðlabankans. Þar segir að þurfi að hafa í huga að aðhaldsstig sé ekki meitlað í stein og eðlilegt að peningastefnan sé í sífelldri endurskoðun. Þá sé peningastefnunefnd fjölskipuð og ekki óeðlilegt að kosning þar sé ekki rússnesk. Þá er einnig á það bent að staðan sé óvenjuleg í íslensku hagkerfi og því þurfi að fara ótroðnar slóðir í peningastefnu.

„Hækkandi aldur þjóðarinnar, þróaðra fjármála- og atvinnulíf ætti að leiða til lækkandi vaxtastigs á Íslandi á næstu árum. Lykilforsenda fyrir því að slíkt sé hægt er skynsöm [svo] stjórn ríkisfjármála og peningamála. Ef svo er ekki, er viðbúið að gengisfellingar, hátt vaxtastig og verðbólga muni fylgja Íslendingum líkt og rigningin og skammdegið,“ segir í yfirliti Capacent. **– hh**

> **Hækkandi aldur þjóðarinnar, þróaðra fjármála- og atvinnulífs ætti að leiða til lækkandi vaxtastigs.**




# Bankastjóri Landsbankans

Bankaráð Landsbankans auglýsir starf bankastjóra laust til umsóknar.

Landsbankinn er stærsta fjármálafyrirtækið á Íslandi og veitir einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum um allt land trausta og alhliða fjármálaþjónustu sem byggir á langtíma viðskiptasamböndum.

Landsbankinn hefur á undanförnum árum skilað góðum arði til samfélagsins samhliða ábyrgum vexti. Landsbankinn er traustur samherji í fjármálum og sýn bankans er að vera til fyrirmyndar.

**Nánari upplýsingar**
Nánar um starfið á landsbankinn.is/mannaudur.
Allar frekari upplýsingar veita Hilmar Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

Umsókn og fylgigögn sendist á bankastjori@capacent.is merkt ***Bankastjóri*** og er umsóknarfrestur til og með 28. desember 2016. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og verður nafnalisti umsækjenda ekki birtur.

Jafnlaunaúttekt PwC



Hafliði Helgason
haflidi@frettabladid.is





Hekla Arnardóttir, Jenný Ruth Hrafnsdóttir og Helga Valfells yfirgefa skemmtilegt starf til að takast á við nýjar áskoranir í eigin sprotasjóði. FRÉTTABLAÐIÐ ANTON

# Hlaupa með fyrsta kyndilinn

**Framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs og tvær samstarfskonur hennar sögðu á dögunum upp störfum sínum til að stofna sjóð til að fjárfesta í sprotafyrirtækjum. Sjóðurinn, Crowberry Capital, stefnir að því að safna fimm milljörðum til að fjárfesta í nýjum tæknifyrirtækjum. Nýsköpun er grunnur framtíðarhagsældar og þær sjá mikil tækifæri í því að nýta reynslu sína og tengslanet til að byggja upp ný fyrirtæki.**

Eitt af því sem skiptir mestu máli fyrir efnahagslega framtíð þjóða er hvernig til tekst við að byggja upp öflug fyrirtæki til framtíðar. Mjór er mikils vísir og ekkert sprettur af engu. Talsverð gerjun er í starfsemi sprotafyrirtækja og áhugi á þeim vaxandi. Það vakti því athygli þegar þrír reynsluboltar úr stjórnendateymi Nýsköpunarsjóðs tilkynntu um stofnun nýs sjóðs sem ætlað er að fjárfesta í sprotafyrirtækjum og nýta þekkingu og reynslu til að koma þeim á legg.

„Þetta er allt gert í góðu samkomulagi við Nýsköpunarsjóð. Það vantar fjármagn á þennan stað og við viljum láta á það reyna hvort hægt er að koma öðrum fjárfestum en ríkinu í þetta verkefni með okkur," segir Helga Valfells, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs, en hún hefur ásamt fjárfestingarstjórunum Jenný Ruth Hrafnsdóttur og Heklu Arnardóttur stofnað sjóðinn Crowberry Capital til að fjárfesta í nýjum tækifærum í uppbyggingu íslensks atvinnulífs.

### Ríki fjárfesta í sjóðum

Þær segja hlutverk Nýsköpunarsjóðs hafa verið að breytast. Sjóðurinn var stofnaður 1997 og ramminn endurspeglar þann tíma. Lög um sjóðinn hafa ekki mikið breyst frá stofnun en miklar breytingar hafa orðið á umhverfinu. „Ef við horfum á það sem hefur verið að gerast í löndum sem hafa náð góðum árangri í nýsköpun, eins og Bandaríkin, Bretland, Norðurlöndin og Ísrael, þá hefur aðkoma ríkisins þróast í að vera í gegnum sjóðasjóði, þ.e. ríkið fjárfestir í sjóðum í stað þess að fjárfesta í einstaka fyrirtækjum. Þetta skapar faglega fjarlægð á milli ríkisins og markaðarins," segir Helga

Þær segja umhverfi nýsköpunar ekki endilega ríma við embættismannahugsun og nálgun Nýsköpunarsjóðs hafi ekki verið slík. „Við komum allar úr einkageiranum og hugsum fyrst og fremst um nýsköpun. Frá því við komum að sjóðnum hefur ekki komið nýtt fé frá ríkinu heldur hefur sjóðurinn fjármagnað sig á eigin hagnaði. Gallinn við það fyrirkomulag er að það verða talsverðar sveiflur. Sum árin höfum við selt með góðum hagnaði og getum þá fjárfest, en önnur ár hefur ekkert verið selt og möguleikar þar með minni til nýfjárfestinga," segir Helga.

### Nýsköpun er boðhlaup

Sjóður eins og Crowberry Capital sem safnar loforðum getur skilgreint fjárfestingartímabil og tímabil sölu fjárfestinga býður upp á miklu stöðugra fjármögnunarumhverfi. Í tilfelli Crowberry Capital er fjárfestingartímabilið fimm ár og líftími sjóðsins sjö til tíu ár.

Frá 2010 þegar þær komu að sjóðnum hefur sjóðurinn fjármagnað sig með eigin árangri. Ríkið hefur ekki lagt til nýja peninga. „Það er stundum talað um að fjárfesting í nýsköpun sé maraþonhlaup, en við lítum svo á að það sé boðhlaup og við ætlum að vera fyrsti kyndilberinn," segir Helga

Árangur af fjárfestingu kemur missnemma í ljós. Þetta þarf ekki alltaf að taka langan tíma. Íslenska hugbúnaðarfyrirtækið Clara var selt til bandarískra fjárfesta ári eftir að Nýsköpunarsjóður fjárfesti og við söluna þrefaldaðist sú fjárfesting.

### Stækka mengið

Þær segja nýja sjóðinn stefna að því að draga fleiri að. „Við höfum unnið mikið með erlendum fjárfestum og við ætlum okkur að gera það áfram. Við sjáum það fyrir okkur að það þurfi líka að stækka þetta mengi og aðkoma erlendra fjárfesta er þar með liður í því," segir Helga. Þær bæta því við að ótrúlega vel hafi gengið að fá erlenda fjárfesta inn í verkefni þrátt fyrir gjaldeyrishöft.

Þær segja mikilvægt að ná í öfluga samstarfsaðila í fjárfestingum. „Við förum þvert á greinar og viljum þá gjarnan vinna með sérhæfðum fjárfestum í viðkomandi grein. Sem dæmi er fjárfesting Nýsköpunarsjóðs í Sólfari unnin með finnskum leikjafjárfestum, Mint Solutions fékk til liðs við sig sérhæfða líftæknisjóði og Mentor fékk fjárfesta sem sérhæfa sig í tækni fyrir menntun. Okkar hlutverk væri þá að finna góð fyrirtæki á Íslandi og koma þeim af stað og vinna svo með fjárfestum sem hafa enn stærra tengslanet og sérþekkingu á viðkomandi grein," segir Hekla.

Jenný bætir því við að markmið Crowberry Capital samræmist markmiðum ríkisins varðandi uppbyggingu sprotafyrirtækja. „Með tilkomu svona sjóðs þá kemur vogarafl á eignina sem ríkið setur í eignaflokkinn. Ef ríkið setur 500 milljónir í fimm milljarða sjóð, sem annars hefði ekki orðið til, þá er í raun verið að tífalda fjármuni í eignaflokkinn. Hlutverk ríkisins getur svo líka verið að vera til staðar ef það yrði markaðsbrestur og einkasjóðir væru einhverra hluta vegna ekki að fjárfesta í slíkum verkefnum vegna utanaðkomandi aðstæðna."

### Þegar komin loforð

„Á hverjum tíma þarf að vera hæfilegt fjármagn til nýfjárfestinga til að góð fyrirtæki geti komist af stað. Ef of mikið fjármagn er í umferð þá hækkar verðmatið á fyrirtækjum og fjárfestar ná ekki að hagnast. Lykilatriði er að fjárfestar hafi hag af því að leggja fé í nýsköpun, því annars halda þeir ekki áfram að fjárfesta. Umhverfi nýsköpunar þarf að vera hagstætt til lengri tíma, þannig að bæði fjárfestar og frumkvöðlar hagnist," segir Hekla.

> **Aðalatriðið eins og við sjáum það er að fyrirtækin fái næga fjármuni til að geta orðið stór. Við vildum sjá fyrirtæki sambærileg við Spotify koma frá Íslandi. Það þarf verkfæri og stuðning til að svo megi verða.**
>
> Hekla Arnardóttir

Frá því að þær sendu út tilkynningu um stofnun sjóðsins segjast þær hafa fengið mikil og jákvæð viðbrögð úr frumkvöðlaheiminum. Þær segja að þótt þær séu rétt að byrja þá finni þær áhuga fjárfesta. „Við erum þegar búnar að fá fjárfestingarloforð, en vinnan við að safna

# DRÓNAR HENTA ÖLLUM HEIMILUM

**iStore kynnir** Drónar njóta sífellt meiri vinsælda hér á landi, bæði meðal fjölskyldna og fagfólks. Í verslun iStore í Kringlunni má finna úrval dróna í ólíkum verðflokkum. Meðal nýrra vara í verslun iStore á næstunni má nefna nýju MacBook Pro fartölvuna sem kemur milli jóla og nýárs en hún er hraðvirkari og betri á öllum sviðum en eldri týpur.

Drónar verða sífellt vinsælli á heimilum landsmanna enda bjóða þeir upp á stórkostlega möguleika við tökur mynda og myndbanda sem tíðkuðust ekki áður fyrr. iStore í Kringlunni er sérverslun með Apple-vörur en auk þess eini viðurkenndi dreifingar- og umboðsaðili DJI á Íslandi. DJI er að sögn Sigurðar Helgasonar, framkvæmdastjóra verslunarinnar, nk. „Apple" drónaheimsins enda með um 80% markaðshlutdeild á heimsvísu.

„Við seljum gott úrval dróna í ýmsum verðflokkum frá DJI, allt frá smærri og ódýrum drónum á 84.990 kr. og alveg upp í stærstu drónana sem kosta um 980 þúsund krónur en þeir eru helst ætlaðir fagfólki, t.d. í kvikmyndagerð. Verðið hjá okkur er mjög hagstætt, nánast hið sama og úti í heimi enda erum við í samkeppni við erlendar netverslanir. Okkur finnst mikilvægt að það komi fram í allri þessari neikvæðu umræðu um íslenska verslun. Einnig má nefna að munurinn á okkur og erlendum netverslunum er sá að viðskiptavinir okkar fá tveggja ára ábyrgð og ekki síður frábæra þjónustu."

## SKEMMTILEGT ÁHUGAMÁL

Phantom 4 dróninn kom til landsins í vor og hefur slegið í gegn að sögn Sigurðar. „Phantom 4 hentar bæði áhugamönnum og fagfólki. Auk fjölskyldufólks er hann t.d. notaður af arkitektum, ljósmyndurum, fasteignasölum, bændum og veiðivörðum svo nokkrar starfsstéttir séu taldar upp. Hann kostar 169.900 kr. en er á sérstöku jólatilboði þessa dagana á 149.990 kr."

Sem fyrr segir njóta drónar sívaxandi vinsælda hjá fjölskyldum landsins. „Fyrir marga eru þeir einfaldlega skemmtilegt áhugamál því með þeim er hægt að taka myndir og myndbönd frá sjónarhornum sem ekki voru möguleg áður, t.d. draumaskotið af fossinum eða öðrum náttúruperlum. Svo hefur mörg sófakartaflan breytt um lífsstíl, þar á meðal ég. Nú er ég úti öllum stundum, hvort sem það er innanbæjar eða úti í náttúrunni, og alltaf með drónann með mér í leit að góðu myndefni."

Nýjasti dróninn er svo Phantom 4 Pro. „Þetta er nýjasta tryllitækið frá DJI, með svakalega góðri myndavél sem er mjög ljósnæm með 60 ramma á sekúndu í 4K upplausn. Hann er einnig með árekstraskynjara allan hringinn þannig að maður þarf að vera verulega lélegur flugstjóri til að klessa hann."

## HRAÐARI OG BETRI

Það eru margar fleiri nýjar og spennandi vörur í iStore. „Milli jóla og nýárs fáum við í sölu nýju MacBook Pro fartölvuna sem er hraðvirkari og betri á öllum sviðum en eldri týpur. Hún er m.a. með svokallaðan „touch bar" sem er nokkurs konar snertiskjár, staðsettur þar sem F-takkarnir eru á öðrum lyklaborðum. Snertiskjárinn er notaður á mismunandi hátt eftir því hvaða forrit eru í notkun hverju sinni."

Þjónustan við þá sem kaupa tölvur hjá iStore er einstök að sögn Sigurðar. „Allar nauðsynlegar viðgerðir eru innifaldar í ábyrgðinni. Ef stýrikerfið hrynur þá rukka aðrir tölvusalar venjulega viðskiptavini sína, en ekki við. Auk þess erum við líklega eini tölvusalinn sem lánar viðskiptavinum tölvur samdægurs á meðan viðgerð stendur yfir. Það hentar flestum mjög vel, sérstaklega þeim sem vinna við tölvur og nemendum."

## RÉTTA HJÁLPARHÖND

Frá stofnun verslunarinnar hefur iStore kappkostað að láta gott af sér leiða. iBörn, samfélagssjóður iStore, hefur rétt hjálparhönd fjölmörgum fjölskyldum langveikra og hreyfihamlaðra barna með iPad-gjöfum. „Verkefnið byrjaði árið 2010 og frá þeim tíma höfum við gefið 51 spjaldtölvu til fjölskyldna. Markmið okkar er að reyna alltaf að bæta við einni fjölskyldu í hverjum mánuði. Þetta er okkar leið til að þakka fyrir viðskiptin og eru þessar gjafir okkar ábyggilega Íslandsmet miðað við stærð okkar."




**„Við seljum gott úrval dróna í ýmsum verðflokkum frá DJI, allt frá smærri og ódýrum drónum á 84.990 kr. og alveg upp í stærstu drónana sem kosta um 980 þúsund krónur en þeir eru helst ætlaðir fagfólki, t.d. í kvikmyndagerð. Verðið hjá okkur er mjög hagstætt," segir Sigurður Helgason, framkvæmdastjóri iStore.** MYND/GVA



**Úrvalið af drónum er mikið í verslun iStore í Kringlunni.** MYND/GVA



**Nýja MacBook Pro fartölvan er með svokallaðan „touch bar", nokkurs konar snertiskjá, þar sem F-takkarnir eru staðsettir á öðrum lyklaborðum.**

> Fyrir marga eru þeir einfaldlega skemmtilegt áhugamál því með þeim er hægt að taka myndir og myndbönd frá sjónarhornum sem ekki voru möguleg áður, t.d. draumaskotið af fossinum eða öðrum náttúruperlum.
>
> Sigurður Helgason

> Milli jóla og nýárs fáum við í sölu nýju MacBook Pro fartölvuna sem er hraðari og betri á öllum sviðum en eldri týpur. Hún er m.a. með svokallaðan „touch bar" sem er nokkurs konar snertiskjár, staðsettur þar sem F takkarnir eru á öðrum lyklaborðum.
>
> Sigurður Helgason

**Allar nánari upplýsingar um vörur iStore má finna á www.istore.is.**






Hjónin eru með upplýsta jólasveina og jólatré á við og dreif í kringum húsið. MYNDIR/JÓHANN WAAGE

> Þetta veitir okkur og öðrum svo mikla gleði. Það er það sem skiptir máli.
>
> Hrafnhildur Sigurðardóttir



Umhverfið bauð að sögn Hrafnhildar upp á mikið skraut.

# GERT TIL AÐ GLEÐJA

Í Borgarnesi taka menn hressilega til hendinni þegar kemur að jólaskreytingum. Hjónin Hrafnhildur Sigurðardóttir og Andrés Jóhannsson skreyta hvað mest í bænum og staðnæmast vegfarendur í stórum stíl fyrir utan húsið þeirra til að virða það fyrir sér og mynda.

**Vera Einarsdóttir**
vera@365.is



Hjónin Hrafnhildur Sigurðardóttir og Andrés Jóhannsson hafa búið í Borgarnesi síðan 1974. Þau byggðu hús að Kvíaholti árið 2006. Húsið blasir við öllum þeim sem aka Vesturlandsveginn en að sögn Hrafnhildar bauð umhverfið í kringum húsið, með grenitrjám, hólum og hæðum, einhvern veginn upp á mikið af seríum og skrauti. Hún segir Andrés eiga mestan heiður af því að koma skrautinu upp. Hann hefur starfað sem smiður í 35 ár og er handlaginn eftir því. „Hann byrjaði á þessu árið sem við fluttum inn en þá var ég nýkomin úr mikilli aðgerð og ég hugsa að hann hafi viljað gleðja mig. Hann hefur svo haft veg og vanda af þessu síðan."

Aðspurð segir hún þau hjónin ávallt tendra ljósin föstudaginn fyrir fyrsta í aðventu og að þau séu stundvíslega tekin niður á þrettándanum. Þau eru með Jósep, Maríu og Jesúbarnið á pallinum og jólasveina upp um hæðir og hóla í kring. Hrafnhildur segir þau miða við að bæta við eins og einu skrauti á ári. „Nágrannarnir hafa svo fylgt okkur eftir enda góð samstaða í götunni um að skreyta sem mest." Hún segir það líka eiga við á bæjarhátíðum eins og á Sauðamessu og Brákarhátíð og hefur gatan oftar en ekki hlotið viðurkenningar fyrir skreytingar. „Um jólin er gatan svo alveg lognandi falleg og verður upplýstari með hverju ári sem líður."



Þau Andrés og Hrafnhildur byrjuðu að safna skrauti á húsið árið 2006 og miða við að bæta við eins og einu á ári.



Jósep, María og Jesúbarnið eru á pallinum.

Hrafnhildur segir vegfarendur eiga það til að keyra upp að húsi þeirra hjóna, skoða það og mynda. „Ég hef bara gaman af því og finnst gott að fleiri njóti. Í þessum töluðu orðum eru þrír ferðamenn hérna fyrir utan," segir hún við blaðamann í símann um leið og hún veifar til þeirra. „Á aðfangadag í fyrra voru fimm bílar úti á plani hjá okkur rétt fyrir klukkan sex. Við ætluðum varla að komast út úr innkeyrslunni í mat til sonar okkar."

Hrafnhildur telur þetta þó ekki eiga eftir og spáir heldur ekkert í rafmagnsreikninginn. „Þetta veitir okkur og öðrum svo mikla gleði. Það er það sem skiptir máli."







Stærsta
bókabúðin
er á netinu!
Gleðileg jól
Úlfur og Edda
Dýrgripurinn
Kristín Ragna Gunnarsdóttir
31 % afsl.
3.290 kr.
4.790 kr.
Arnaldur Indriðason
Petsamo
30 % afsl.
4.890 kr.
6.990 kr.
Ég vil skoða dýrin
22 % afsl.
2.790 kr.
3.590 kr.
Kristín Marja Baldursdóttir
Svartalogn
30 % afsl.
4.890 kr.
6.990 kr.
Dauðinn í opna salnum
Guðrún Guðlaugsdóttir
21 % afsl.
2.690 kr.
3.390 kr.
Herdís Egilsdóttir
Það kemur saga út úr mér!
15 % afsl.
5.490 kr.
6.490 kr.
Henri og hetjurnar
Þorgrímur Þráinsson
26 % afsl.
3.490 kr.
4.690 kr.
Örnólfur Thorlacius
Flugsaga
33 % afsl.
4.990 kr.
7.490 kr.
Gullöld bílsins
29 % afsl.
4.590 kr.
6.490 kr.
Hermann Stefánsson
Bjargræði
28 % afsl.
4.290 kr.
5.990 kr.
Ásdís Thoroddsen
Utan þjónustusvæðis
20 % afsl.
4.790 kr.
5.990 kr.
» Stærsta íslenska vefverslunin.
» Frí heimsending ef verslað er fyrir 4.000 kr. eða meira.
» Afhendum samdægurs á höfuðborgarsvæðinu!
HEIMKAUP
Tilboðin gilda út 23. des.
www.heimkaup.is | Smáratorgi 3 | 201 Kóp. | S: 550-2700

# STEFNA Á HEIMSYFIRRÁÐ

Áttundu tónleikarnir í tónleikaröðinni KEX+KÍTÓN verða haldnir á KEX hosteli í kvöld. Fram koma hljómsveitirnar Samaris og Vök. Dagurinn í dag verður því annasamur hjá Margréti Rán Magnúsdóttur, forsprakka hljómsveitarinnar Vakar, en hún byrjar daginn á því að útskrifast úr námi í hljóðblöndun og halda veislu áður en hún stígur á svið á KEX.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Það verður frekar mikið að gera hjá mér, útskriftin er klukkan fjögur og svo er smá veisla. Svo reyni ég að fá bekkjarsystkinin til að mæta á tónleikana eftir útskrift en við í spilum á Kítón-tónleikum í kvöld á KEX,“ segir tónlistarkonan Margrét Rán Magnúsdóttir. „Kítón stendur fyrir konur í tónlist og þau hafa reglulega staðið fyrir tónleikum. Þetta er svo skemmtilegt konsept og við erum mjög spennt að spila með Samaris, þau hafa verið eitt af okkar uppáhaldsböndum,“ bætir hún við. Margrét er að ljúka námi í hljóðblöndun á vegum Tækniskólans hjá Stúdíói Sýrlandi sem hún segir stórskemmtilegt nám. Hún hafi aldrei farið í tónlistarskóla heldur kennt sjálfri sér á hin ýmsu hljóðfæri.

„Ég fór einhvern tíma á tveggja vikna gítarnámskeið en svo hef ég bara fiktað mig áfram í öllu sem viðkemur tónlist,“ segir hún. „Ég mæli aftur á móti heils hugar með hljóðblöndunarnáminu, það er ótrúlega skemmtilegt. Ég hvet stelpur sérstaklega til að fara í þetta nám, það voru alltaf bara strákar í þessu en nú eru fleiri og fleiri stelpur að læra hljóðblöndun.

> „Ég fór einhvern tíma á tveggja vikna gítarnámskeið en svo hef ég bara fiktað mig áfram í öllu sem viðkemur tónlist. *Margrét Rán Magnúsdóttir*

Við erum fjórar að útskrifast núna. Námið tekur eitt ár og stendur líka yfir sumarið,“ segir hún og vonast til þess að námið nýtist henni í tónlistarbransanum.

„Ég ætla mér auðvitað að vera í þessum bransa, halda áfram að semja fyrir Vök og er algerlega búin að finna mína hillu. Við gáfum út smáskífu í haust, Show Me, og við tökum hana á tónleikunum í kvöld. Við spilum líka nokkur lög af nýju plötunni okkar sem kemur út á næsta ári en við vonumst til að hún komi út í lok febrúar eða byrjun mars,“ segir Margrét

Vök vann Músíktilraunir árið 2013 og fór boltinn fljótlega að rúlla. Í vor fór hljómsveitin í mánaðarlangt tónleikaferðalag um Evrópu og spilaði einnig á þó nokkrum tónlistarhátíðum, meðal annars á Airwaves. „Það var frábær upplifun. Við spiluðum þar í fyrsta sinn á listasafni sem okkur fannst alveg geðveikt,“ segir Margrét. „Við tókum okkur svo smá hlé frá tónleikahaldi til að vinna að plötunni. Fengum breskan upptökustjóra til að vinna með okkur sem var mjög lærdómsríkt. Nú stefnum við bara á heimsyfirráð, koma plötunni út og fylgja henni eftir. Verðum meira að segja að spila í Ísrael um páskana, sem er mjög spennandi.“

Tónleikarnir í kvöld fara fram í bókahorninu á Sæmundi í sparifötunum og hefjast stundvíslega klukkan 20.00. Aðgangseyrir er enginn og tónleikarnir opnir á meðan húsrúm leyfir.



**Hljómsveitin Vök spilar á KEX í kvöld.** MYND/ROGIER BOOGAARD




FRÉTTABLAÐIÐ

# HEILSA

**Föstudaginn 30. desember mun sérblaðið Heilsa fylgja Fréttablaðinu.**
Fjallað er um allt sem viðkemur bættri heilsu.

Í blaðinu verða áhugaverð viðtöl og fróðleiksmolar sem unnið er af blaðamönnum Fréttablaðsins.

Boðið er upp á auglýsingapláss í blaðinu af öllum stærðum og gerðum.
Einnig er hægt að fá kynningarumfjöllun sem unnin er af blaðamanni Fréttablaðsins.

**Skilafrestur. Pantanir og skil á auglýsingum er til og með 29. desember.**
**Kynningarumfjallanir þarf að panta í síðasta lagi þriðjudaginn 27. desember.**

**Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:**

| Jón Ívar Vilhelmsson | Jóhann Waage | Atli Bergmann | Ólafur H. Hákonarson |
|---|---|---|---|
| Sími 512 5429 | Sími 512 5439 | Sími 512 5457 | Sími 512 5433 |
| jonivar@365.is | johannwaage@365.is | atlib@365.is | olafurh@365.is |




# PÚNS FYRIR ÁTTA

**3 bollar nýmjólk**
**1 bolli rjómi**
**3 kanilstangir**
**1 vanillustöng skorin í tvennt og fræin skafin úr**
**1 tsk. mulið múskat**
**5 egg og rauðurnar skildar frá hvítunni**
**⅔ bolli sykur**
**¾ bolli dökkt romm eða viskí**

Blandið mjólk, rjóma, kanilstöngum, vanillufræjum og múskati út í pott. Látið suðuna koma upp við meðalhita . Færið af hellunni þegar fer að sjóða og látið liggja í bleyti.

Þeytið eggjarauður og sykur í skál. Hrærið mjólkina rólega saman við og haldið áfram að hræra þar til blandan er orðin mjúk. Bætið þá rommi eða viskíi út í og hrærið vel.

Kælið í ísskáp yfir nótt eða allt að þrjá daga.

Áður en eggjapúnsið er borið fram skal stífþeyta eggjahvíturnar í stórri skál. Þeim er svo blandað ofurvarlega saman við púnsið. Hellið í falleg glær glös og skreytið með múskati.

**www.jamieoliver.com**

Umhverfisvottað
21. desember 2016
**KYNNINGARBLAÐ** Sérefni | Ajax

# Einfalt og traust umhverfismerki

**Svanurinn** er umhverfismerki sem íslensk fyrirtæki og vöruframleiðendur geta tekið upp að uppfylltum skilyrðum. Það var sett á fót fyrir um 20 árum en að því standa Norðurlöndin fimm. Svanurinn er að sögn Kristínar Lindu Árnadóttur, forstjóra Umhverfisstofnunar, dæmi um vel heppnaða samvinnu þar sem helstu sérfræðingar Norðurlandanna á sviði umhverfismála koma saman og búa til traust merki.



Umhverfismerki eru að sögn Kristínar Lindu gæðastimplar sem auðvelda neytendum að velja umhverfisvænsta kostinn. MYND/GVA

**Hvernig kom það til að þú fékkst áhuga á umhverfismerkjum?** „Þegar ég flutti að heiman og byrjaði að kaupa inn upp á eigin spýtur fór ég fyrst að skoða þvottaefni, sérstaklega þar sem ég og maðurinn minn erum bæði með mjög viðkvæma húð. Ég byrjaði að kaupa Svansmerkt þvottaefni og upp frá því hófst samband mitt við Svaninn sem er nú orðið langt og ánægjulegt,“ segir Kristín Linda Árnadóttir sem í dag gegnir því hlutverki að vera formaður norræna umhverfismerkisráðsins sem hún segir afar skemmtilegt.

**Hvað felur Svansvottun í sér?** „Svansvottun felur í sér að skoðaður er allur framleiðsluferill vörunnar eða þjónustunnar og vottað að fyrirtækið uppfylli kröfur sem miða að því að lágmarka umhverfisáhrif í öllum stigum virðiskeðjunnar. Kröfurnar eru sérsniðnar að hverjum vöru- og þjónustuflokki og taka því á þeim þáttum sem eru mikilvægir í hverjum flokki fyrir sig.“

**Af hverju ætti að velja Svansmerkt?** „Þegar ég sem neytandi vel Svansmerkta vöru get ég treyst því að ekki sé verið að selja mér ofnæmisvaldandi ilmefni, hormónaraskandi efni og míkróplast. Við höfum öll mikið að gera og þetta er einfalt og hugsast getur. Neytendur geta jafnframt treyst því að á bak við merkið séu einir fremstu sérfræðingar Norðurlandanna á þessu sviði sem leggja gríðarlega mikla áherslu á áreiðanleika og að standa undir trausti viðskiptavina.“

Umhverfismerki eins og Svanurinn og Blómið eru að sögn Kristínar Lindu gæðastimplar. „Svansmerkið hefur það markmið að auðvelda neytendum og fyrirtækjum að velja umhverfisvænsta kostinn og lofar neytendum því að merkið megi einungis finna á umhverfisvænstu vörum og þjónustu á markaðnum. Rekstur merkisins er gegnsær og auðvelt er að finna upplýsingar um hvaða kröfur vottaðar vörur og þjónusta þurfi að uppfylla. Merkið er tekið út af óháðum þriðja aðila og kröfurnar eru hertar reglulega.“

**Hvað skilyrði þurfa fyrirtæki/vörur að uppfylla til að hljóta vottun.** „Það fer eftir vöru- eða þjónustuflokknum, en yfirleitt er tekið til þátta eins og orkunotkunar, vatnsnotkunar, úrgangsmyndunar og efnanotkunar ásamt öðrum þáttum sem eru mikilvægir fyrir tiltekinn vöru- eða þjónustuflokk. Á sama tíma þarf umsóknaraðilinn að sýna fram á að hann uppfylli kröfur um gæðastjórnun, gott starfsumhverfi og virkni vörunnar.“

**Hvað eru mörg fyrirtæki með vottun hér á landi?** „Í dag eru 34 fyrirtæki með Svansvottun á Íslandi, 32 þjónustufyrirtæki og tvö framleiðslufyrirtæki. Þjónustufyrirtækin eru prentsmiðjur, ræstiþjónustur, hótel, veitingarekstur og ráðstefnurými. Framleiðslufyrirtækin eru annars vegar Undri sem er með vottaða penslasápu og SORPA bs. sem er með vottaða metangasframleiðslu.“

**Hversu margar Svansmerktar vörur eru í boði á Íslandi?** „Í dag eru um 6.000 Svansmerktar vörur og þjónusta skráðar til sölu á Íslandi. Á vefsíðunni svanurinn.is má fletta upp í glænýjum vörulista Svansins og sjá hvaða vörur fást á Íslandi.“

**Er merkið bara notað á Norðurlöndum.** „Merkið er einungis gefið út af skrifstofum Svansins á Norðurlöndunum en er þó nokkuð þekkt af neytendum í norðanverðri Evrópu. Nokkuð er um að fyrirtæki sem framleiða fyrir norrænan markað sæki um Svaninn þrátt fyrir að starfsemin sé utan Norðurlandanna.“

**Á heimasíðu Umhverfisstofnunar kemur fram að þjónustufyrirtæki séu duglegust að sækja um vottun hér á landi. Hafið þið skýringu á því?** „Þær eru líklega tvær. Önnur skýringin er sú að ríkið hefur aukið áherslu á vistvæn innkaup og sett sem skilyrði í viss útboð að þjónustufyrirtæki sem skipt sé við séu Svansvottuð. Það útskýrir til dæmis að miklu leyti fjölda prentsmiðja og ræstingarþjónustufyrirtækja sem eru vottuð. Hin ástæðan er sú að mikið af þeim vörum sem við neytum á Íslandi er innflutt og framleiðsla hérlendis á vörum sem gætu fengið Svansvottun er lítil.“

**Í hvaða landi er notkun merkisins útbreiddust?** „Flest leyfi eru gefin út í Svíþjóð, en þar er einnig fjölmennasta skrifstofa Svansins. Hins vegar er þekking á merkinu mjög útbreidd á Norðurlöndunum og sýna markaðsrannsóknir að yfir 90 prósent neytenda á Norðurlöndunum þekkja merkið.“

**Mættum við Íslendingar gera betur þegar kemur að framboði á vottuðum vörum?** „Úrval á vottuðum vörum, bæði Svansvottuðum og Blómsvottuðum, hefur aukist verulega á síðustu árum samhliða því að umhverfisvitund hefur aukist í samfélaginu og eftirspurn eftir umhverfisvænum kostum hefur aukist. Við hjá Umhverfisstofnun erum ótrúlega ánægð með þróunina á síðustu árum þó að sjálfsögðu megi alltaf gera betur.“

**Hversu áreiðanlegt er merkið?** „Það er vottað skv. ISO 14024 og er þar af leiðandi á meðal áreiðanlegustu merkja á markaðnum. Alls eru um 25 merki í heiminum sem flokkast sem viðurkennd merki samkvæmt Alþjóðlegu umhverfismerkjasamtökunum (GEN) og þar af eru örfá sem eru á markaði í Evrópu. Áreiðanleikinn er einnig tryggður með því að allar umsóknir eru yfirfarnar og samþykktar af óháðum þriðja aðila.“

**Hvernig er eftirliti með merkinu háttað?** „Umhverfisstofnun fer með eftirlit á leyfishöfum á Íslandi og eru úttektir gerðar árlega. Ásamt því þurfa þjónustufyrirtæki að skila ársskýrslum til Svansins þar sem teknar eru fram helstu lykiltölur svo sem orkunotkun, úrgangsmyndun, vatnsnotkun og efnanotkun. Starfsmenn Svansins hafa einnig leyfi til að koma í fyrirvaralausar úttektir sjái þeir ástæðu til.“









# Eiturefnalausar og vottaðar vörur

**Ajax** hreingerningavörur eru löngu orðnar vel þekktar hér á landi. Ajax er með virka formúlu sem fjarlægir óhreinindi með auðveldum hætti. Ajax vörur eru umhverfisvænar, sumar hafa Svansmerkingu en aðrar Evrópublómið. Vörurnar þurfa því að uppfylla strangar kröfur sem uppfærðar eru reglulega.

Birgitta Stefánsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, var spurð hvaða munur væri á þessum tveimur merkingum, Svaninum og Evrópublóminu. Hún segir merkin að mestu alveg sambærileg enda bæði vottuð umhverfismerki þar sem tekið er tillit til alls lífsferils vörunnar. „Evrópublómið er rekið af ESB og eru kröfur fyrir hvern vöruflokk settar með sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnar en Svanurinn var stofnaður af Norrænu ráðherranefndinni og er því samnorrænt verkefni. Bæði merkin þróa sérstök viðmið fyrir vöruflokka og Ajax fellur þar undir alhliða hreinsiefni. Það fer yfirleitt eftir því hvaða markaði fyrirtæki sækjast eftir hvort þau ákveða að sækja um Svaninn eða Blómið," útskýrir Birgitta.

Þegar hún er spurð hvað felist í slíkri merkingu, svarar hún: „Slík vottun þýðir að varan þarf að uppfylla strangar kröfur sem uppfærðar eru reglulega og ná til alls lífsferils vörunnar. Þannig er bæði hugað að efnanotkun, umbúðanotkun, áhrifum á heilsu manna og lífríki sjávar o.s.frv. Þegar kemur að hreinsiefnum er mest áhersla lögð á efnanotkun þar sem þar geta áhrifin á umhverfið og heilsuna verið nokkur, sérstaklega þegar um er að ræða vöru sem getur endað í hafinu eins og gólfhreinsiefni."

Birgitta segir að framleiðandinn þurfi að sanna að hann uppfylli kröfur um efnanotkun, umbúðanotkun, gæði, lágmarks orkunotkun í framleiðslu og flutningi og vinnuskilyrði svo eitthvað sé nefnt um þær kröfur sem gerðar eru til slíkra merkinga. „Eftir að framleiðandi hefur skilað öllum gögnum sem sýna fram á að hann uppfylli kröfurnar fara aðilar frá Svaninum/Blóminu í eftirlit til að tryggja að framleiðslan sé í samræmi við þau gögn sem hefur verið skilað," greinir hún frá og heldur áfram: „Eins og kom fram hér að ofan er mikil áhersla lögð á efnanotkun þegar um er að ræða vottun á hreinsiefnum, bæði með það í huga að efnin hafi ekki neikvæð áhrif á heilsu manna og að þau hafi ekki neikvæð áhrif á lífríkið. Bæði merkin banna því mörg skaðleg efni sem eru leyfileg í slíkum vörum innan ESB auk þess sem notkun annarra efna er lágmörkuð. Dæmi um efni sem eru lágmörkuð eru t.d. rotvarnarefni, litarefni og ilmefni þar sem sum þeirra geta verið skaðleg. Merktar vörur eru því eiturefnalausar. Það þýðir hins vegar ekkert endilega að aðrar óvottaðar vörur séu með eiturefnum, en maður getur allavega verið viss þegar maður velur þessi merki, þau eru þannig gæðastimplar," segir Birgitta.

**» Ajax hreinlætisvörur eru með umhverfisvottun, sumar með Svansvottun og aðrar með Evrópublómið.**

# Umhverfisvottanir tryggja gæði

**Sérefni** býður upp á breitt vöruúrval af málningarefnum, skrautefnum og verkfærum. Í umhverfisstefnu Sérefnis er lögð áhersla á umhverfisvænar vörur og hefur fyrirtækið einsett sér að vekja athygli á umhverfisvænum kostum í málningargeiranum.

„Sérefni hefur, ásamt öðrum áhugasömum fyrirtækjum, tekið virkan þátt í umhverfisverkefninu Svaninum í samvinnu við Umhverfisstofnun," segir Ómar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sérefnis. „Margar af okkar vörum bera viðurkenndar alþjóðlegar umhverfisvottanir, svo sem Svaninn, Evrópublómið og Bláa fuglinn sem er merki sænsku astma- og ofnæmissamtakanna," upplýsir Ómar.

Hann bendir einnig á að Sérefni sé aðili að Vistbyggðaráði en tilgangur þess sé að vera leiðandi vettvangur á sviði sjálfbærrar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi.



Ómar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sérefnis. MYND/AUÐUR ÓMARSDÓTTIR

### Í fararbroddi í umhverfismálum

Ómar segir markmið Sérefnis í umhverfismálum endurspeglast í valinu á vörumerkjum í versluninni. „Mörg þeirra, til dæmis Nordsjö, Sikkens og International, tilheyra málningar- og efnafyrirtækinu AkzoNobel sem verið hefur í fararbroddi efnafyrirtækja í umhverfismálum. Árum saman hefur það verið efst í sjálfbærnivísitölu DowJones, sem er fremsti mælikvarði í heimi fyrir sjálfbærni fyrirtækja," segir Ómar og útskýrir að til að komast á þann lista þurfi sífellt að huga að þróun efna til að bæta vistsporið og stuðla þannig að bjartari framtíð.

### Umhverfisvænt er ekki umhverfisvottað

Ómar segir æði algengt að söluaðilar og framleiðendur málningar auglýsi vöru sína sem umhverfisvæna án þess að þriðji aðili votti það. „Því hefur viðskiptavinurinn einungis orð framleiðandans fyrir því að varan uppfylli kröfur um umhverfisvæn efni. Hættan er að viðskiptavinurinn geri ekki greinarmun á fullyrðingum um umhverfisvæna vöru og alþjóðlegum umhverfisvottunum og vinni því jafnvel gegn markmiðum slíkra vottana," segir hann. Svansvottunin tryggi hins vegar margt fleira en minna leysiefnainnihald, því til að vinna sér inn og halda vottuninni þurfi framleiðandinn stöðugt að bæta vöruna í samræmi við hertar kröfur frá ári til árs.

„Sífellt minna leysiefnainnihald skiptir miklu máli en einnig þarf að gæta að gæðum til að öðlast umhverfisvottun, t.d. verður málning að þekja vel svo minna þurfi af henni, málningin þarf að endast vel svo ekki þurfi að mála oft og umbúðir verða að vera umfangslitlar og endurnýtanlegar. Svansvottunin og aðrar alþjóðlegar vottanir tryggja því bestu hugsanlegu gæði málningarinnar," útskýrir Ómar. Hann bendir á að umhverfisvottuð Nordsjö-málning hafi haft yfirburði í tveimur stórum samanburðarprófunum á Norðurlöndunum (Bäst i Test og STV Plus) á þessu ári.

### Vottað en ekki dýrara

Það er algengur misskilningur að umhverfisvottuð málning sé dýrari en önnur málning að sögn Ómars. „Þó svo að umhverfisvottun skili sér í yfirburða gæðum er verðið fullkomlega samkeppnishæft og sambærilegt við óvottaða málningu. Það er því alls engu að tapa með því að velja vottaða málningu."




Nordsjö málningin hlaut viðurkenninguna Bäst i test á þessu ári.

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Ólafur Hákonarson| olafurh@365.is | s. 512-5433
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson

# Hlutirnir gerast hægar en fólk vill

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson er formaður Ungra umhverfissinna, frjálsra félagasamtaka sem stofnuð voru árið 2013. Félagið var stofnað svo rödd unga fólksins fengi að heyrast í umræðunni um umhverfismál og heimsótti félagið framhaldsskóla landsins í haust og ræddi umhverfismál við nemendur. Félagið vinnur að aukinni þekkingu um umhverfismál, gegnsæi og breyttum verkferlum.

„Það fyrsta sem fólki dettur í hug þegar það heyrir orðið „umhverfissinni“ er einhver sem hlekkjar sig við krana hjá álfyrirtæki. Þetta orð hræðir fólk. Ungir umhverfissinnar snúast hins vegar ekki um neinar öfgar. Við gerum okkur grein fyrir því að við erum neytendur en spyrjum hins vegar hvernig við getum minnkað skaðann örlítið og haft minni áhrif á umhverfi okkar,“ segir Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson, formaður Ungra umhverfissinna. Hann segir að rödd unga fólksins verði að fá að heyrast í umræðunni um umhverfismál. Ungt fólk sé afar meðvitað um umhverfið og hlutirnir gerist of hægt.

„Í haust keyrðum við hringinn í kringum landið og heimsóttum alla framhaldsskóla og sveitarstjórnir og ræddum um umhverfismál á þeim svæðum. Það gekk mjög vel. Það er mikil umhverfisvitund, sérstaklega hjá ungu fólki, en það er eins og það vanti pólitískan vilja til að framkvæma það sem fólk er að hugsa. Hlutirnir gerast miklu hægar en fólkið vill. Við þurfum hins vegar að gera eitthvað strax því afleiðingarnar af því að gera ekki neitt geta orðið miklu dýrari,“ segir Bjartmar.

„Við heyrðum á framhaldsskólanemunum að þeim finnst þetta sjálfsagður hlutur og þeir skilja í raun ekki af hverju það er ekki verið að gera meira. Tæknin er til staðar og vandamálið er til staðar en enginn gerir neitt. Þetta er enda óþægileg umræða fyrir marga. Það spila miklir hagsmunir inn í alla umræðu um umhverfismál og stórfyrirtæki sem eiga allt undir, til dæmis því að allir noti olíu, eru gífurlega öflugur þrýstihópur. Við teljum að umhverfisráðherrar í síðustu stjórnum hafi ekki verið að stíga þau skref sem eru nauðsynleg. Samþykktin á leitinni á Drekasvæðinu er eitt dæmi. Ungir umhverfissinnar standa nú fyrir undirskriftasöfnun til að hvetja þau fyrirtæki sem vinna að olíuleit á Drekasvæðinu til þess að hætta því. Ef við sækjum þessa olíu erum við að þverbrjóta þá samninga sem Ísland skrifaði undir í París. Ungir umhverfissinnar eru þó ópólitísk samtök, enda hefur umhverfið enga pólitík. Við þurfum öll að lifa hvort sem við stöndum til hægri eða vinstri.“



Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson, formaður Ungra umhverfissinna, segir ungt fólk undrast að ekki sé meira gert hér á landi í umhverfismálum. MYND/ERNIR

Bjartmar segir Unga umhverfissinna vinna með félagasamtökum um umhverfismál um allan heim. Þá stefni félagið að því að geta veitt fyrirtækjum ókeypis ráðgjöf um hvað þau geti gert fyrir umhverfið. Félagið vilji vinna að aukinni þekkingu á umhverfismálum, til dæmis í grunnskólum, og að meira gegnsæi.

„Fólk veit til dæmis ekki í rauninni hvar hlutirnir sem það er að flokka, raftæki, pappi, plast og fleira, enda. Svo er auðveldara að vera slugsari og henda bara öllu í sömu tunnuna. Það er lítil hvatning til að endurvinna því sá sem vill gera það, þarf að gera sér ferð í grenndargám eða á endurvinnslustöð eða borga fyrir sérstakar tunnur við heimilið. En fólk vill flokka og kenna krökkunum sínum að fara vel með umhverfið og er hreinlega til í að borga fyrir það. Maður spyr sig af hverju þessu er ekki snúið við.“

**Nánar má forvitnast um félag Ungra umhverfissinna á www.umhverfissinnar.is**






HÓTEL RAUÐASKRIÐA

Hótel Fljótshlíð
www.smaratun.is

GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

UMSLAG

NAUTHÓLL

UNDRI

Hreint
RÆSTING

SVANSVOTTUN ER FRAMTÍÐIN

Við hjálpum þér að fá vottun
Við höfum reynsluna

- Vertu fyrirmynd
- Hugsaðu um náttúruna
- Svansvottun er samkeppnisforskot

vkg@simnet.is
S. 897 3400

VKG RÁÐGJÖF

## ELDHÚS OG MATSALIR LANDSPÍTALA ERU SVANSVOTTUÐ

Eldhús og matsalir Landspítala fengu Svansvottun fyrir rúmu einu og hálfu ári. Vottunin staðfestir að þjónustan uppfyllir strangar umhverfis- og gæðakröfur. Eldhúsið og matsalirnir tíu framleiða og selja 4.500 máltíðir á dag fyrir starfsmenn, gesti og sjúklinga spítalans.

Við það að fara í gegnum það ferli sem þurfti til að fá Svansvottunina náðist árangur sem skilar sér í betra umhverfi og auknum gæðum. Meðal annars hafði matarsóun stofnunarinnar minnkað um fjörutíu prósent frá árinu 2011 þar til Svansvottunin fékkst sem þýðir að tuttugu tonnum minna af mat var hent á ári hverju. Betur er farið með mat, skammtar aðlagaðir og innkaup vel skipulögð.


Matsalir og eldhús Landspítala eru með Svansvottun. MYND/VILHELM

Meira lífrænt ræktað hráefni er notað á spítalanum, boðið er upp á fjölbreyttan og hollan mat úr úrvals hráefni og framboð aukið af grænmeti. Minna plast og einnota vörur eru notaðar. Boðið er upp á margnota matarbox eða einnota pappabox og tréhnífapör fyrir gesti sem vilja taka með sér matinn. Plastílát heyra nánast sögunni til. Notaðar eru sífellt fleiri umhverfisvottaðar vörur. Yfir 95 prósent ræsti- og þvottaefna eru umhverfisvottuð og allur hreinlætispappír, skrifstofupappír og servíettur. Sífellt stærra hlutfall fer til endurvinnslu af því sem til fellur í starfseminni. Flokkunarstöðvar eru í öllum matsölum og í eldhúsinu er flokkað í sex úrgangsflokka sem fara til endurvinnslu.

# Flott fyrir jólin

# 20% afsl. af öllum vörum



Kjóll áður 11.990 kr.
nú 9.590 kr.



Kjóll áður 8.990 kr.
nú 6.990 kr.



Kjóll áður 11.990 kr.
nú 9.590 kr.



Toppur áður 9.990 kr.
nú 7.990 kr.

Buxur
5.000 kr.



Kjóll áður 11.990 kr.
nú 9.590 kr.



Kjóll áður 8.990 kr.
nú 6.990 kr.



Ponsjó
5.000 kr.

Opið til
kl 22 í kvöld

Fleiri myndir á Facebook

FLASH

**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**



Kápa áður 24.990 kr.
nú 12.490 kr.

# TÍSKAN Í HÁRI OG FÖRÐUN 2017

Vefsíða tískutímaritsins Elle, www.elleuk.com, fór nýlega yfir þær tískustefnur sem líklegt er að muni ráða ríkjum á næsta ári. Hér má sjá nokkrar þeirra.





**FLÉTTAÐIR HNÚTAR**
Fléttur voru áberandi á þessu ári og verða það áfram á því næsta. Þó má sjá einhverjar nýjungar. Til dæmis verða flétturnar settar upp í háa hnúta á hausnum. Þá eiga hnútarnir ekki að vera ballerínufínir heldur fremur tjásulegir.



**KOL ER NÝJASTA INNIHALDSEFNIÐ**
Kol verða heitasta innihaldsefnið í snyrtivörum árið 2017. Talið er að kolin virki sem hálfgerður segull á eiturefni og bindist vel óhreinindum og olíu sem síðan er hægt að skola burt. Þau verða notuð í vörur sem eiga að hreinsa og afeitra húðina, minnka svitaholur, minnka bólgur og hvítta tennur. Sannkallað undraefni ef marka má þetta.



**AUGABRÚNIR MEÐ „MICROBLADING“**
Varanleg förðun, eða microblading, á augabrúnum verður vinsæl á næsta ári. Þetta er til dæmis fínasta leið til að fá augabrúnir á borð við þær sem Cara Delevingne skartar. Aðferðin er nokkurs konar tattú en þykir gefa mjög náttúrulegt útlit þegar vel er að staðið.

**TREFLAR OG SLÆÐUR**
Meira mun sjást af treflum og slæðum í hári. Líklega eru margrar sem fagna því enda fljótleg og þægileg leið til að setja upp hárið.








**ENGINN HITI**
Hitinn frá sléttujárnum og álíka tækjum er úti þegar kemur að hárgreiðslum ársins 2017. Nú er það hið náttúrulega sem ræður ríkjum. Hárið á að fá að njóta sín í sínu náttúrulega formi.



**ASH BALAYAGE**
Balayage er leið sem er notuð til að lita hár þannig að það er dekkra efst við rótina en lýsist eftir því sem neðar dregur. Aðferðin hefur verið vinsæl undanfarið en á næsta ári munu gráir tónar eða „ash“ eflast að vinsældum.



**KRÓMNEGLUR**
Neglur í krómuðum litum verða vinsælar á næsta ári ef marka má Elle. Hægt er að kaupa sérstakt púður og blanda saman við grunnliti til að búa til krómaða áferð, en svo er líka gott að láta bara sérfræðingana um þetta.



**RÓSBERJAOLÍA**
Rósberjaolía eða Rosehip oil er hin nýja kókosolía. Hún er talin frábær gegn öldrun húðar og á að koma í veg fyrir bólur og útbrot. Í olíunni eru A- og C-vítamín sem örva kollagenframleiðslu, og innihalda einnig andoxunarefni.




# Jóladagská á Glerártorgi

Opið til kl. 22:00 öll kvöld fram að jólum. 23.des.opið til kl. 23:00 . 24. des. opið 12:00

## Miðvikudagur 21. desember

**16:00-17:00**
Jólasveinar koma í heimsókn á Glerártorg

**20:00**
jóla jazzband Krissa Edelstein Sérstakir gestir Rán Ringsted og Baldvin Ringsted

**21:00**
Stúlknakórinn Ísold

## Fimmtudagurinn 22. desember

**16:00-17:00**
Jólasveinar koma í heimsókn á Glerártorg

**20:30**
Karlakór Akureyrar - Geysir

**21:00**
Jóla jazzband Krissa Edelstein Sérstakir gestir Rán Ringsted og Baldvin Ringsted

## Föstudagurinn 23. desember

**13:00-14:00**
Jólasveinar koma í heimsókn á Glerártorg

**15:00**
Jólastrengir Tónlistarskólans á Akureyri jólalög í enn jólalegri búningi

**16:00**
Villi naglbítur ætlar að gera tilraunir og kynna nýju bókina sína Vísindabók Villa - skynjun og skynvillur

**16:00-18:00**
Jólasveinar koma í heimsókn á Glerártorg

**21:00**
Félagar úr Kór Akureyrarkirkju

**21:40**
Lára Sóley og Hjalti flytja lög af nýja disknum sínum Árbraut

**22:00**
Einar Höllu og Helgi Guðbergs með létta og þægilega jólatóna





**21. – 23. des**
milli kl. 16:00-20:00
**Jólaleikgarður Glerártorgs** opnar og verður öllum krökkum boðið að spreyta sig á leikjum eins og parís, sippa, snú-snú, mylla og tveir eins. Risa skákborð og hoppukastali

Við óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári!

## Mozart við kertaljós í 24 ár

Kammerhópurinn Camerarctica heldur sína árlegu kertaljósatónleika fyrir jólin en hópurinn hefur leikið ljúfa tónlist eftir Mozart við kertaljós í 24 ár.

Hópinn skipa að þessu sinni þau Ármann Helgason klarínettuleikari, Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari, Bryndís Pálsdóttir fiðluleikari, Svava Bernharðsdóttir víóluleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari. Á efnisskránni er Divertimento fyrir strengi, kvartett fyrir klarinettu og strengi og kvartett fyrir flautu og strengi.

Að venju lýkur tónleikunum á því að Camerarctica leikur jólasálminn góða, „Í dag er glatt í döprum hjörtum“, sem er úr Töfraflautunni eftir Mozart.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21 en þeir verða í Garðakirkju í kvöld og í Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudagskvöldið 22. desember.





## Einfalt ráð til að fægja silfur

Vafalaust ætla margir að fægja silfrið fyrir jólin. Allt á að vera fínt og fallegt. Sumum finnst skelfilega leiðinlegt að fægja silfur en það er sem betur fer hægt að gera sér þetta einfalt. Hér er gott, gamalt húsráð.

Leggið álpappír í stórt djúpt fat. Matta hliðin á að snúa upp. Því næst er silfrið lagt í fatið. Sjóðið vatn og kælið það smávegis. Setjið í skál með 2 matskeiðum af matarsóda og hrærið smá. Hellið blöndunni yfir silfrið og látið standa í minnsta kosti eina klukkustund. Skolið þá silfrið með kældu soðnu vatni og þurrkið vel. Gott er að geyma silfur í þéttum plastpoka en þá fellur ekki á það.

Svipaða aðferð er hægt að nota á kopar. Leggið hann í volgt vatn með smá þvottalegi og ediki. Látið liggja í smátíma en skolið þá og þurrkið vel.

Til eru margs konar aðferðir til að fægja silfur, alls kyns silfurlegir eða sérstakir hanskar. Líklegast er matarsódinn einfaldasta leiðin og oft árangursrík.

Ef fægja þarf messinghluti er notast við 1 lítra af soðnu vatni, 1 msk. sítrónusafa og smávegis uppþvottalög. Látið liggja í nokkrar mínútur í vökvanum, skolið og þurrkið. Þá ætti allt að vera skínandi fínt á jólaborðinu.

## LJÚFFENGAR SMÁKÖKUR

Ef einhverjir eiga enn eftir að baka smákökur fyrir jólin þá eru þessar tilvaldar til að skella í enda afar bragðgóðar.

**1 bolli kakó**
**1 ½ bolli sykur**
**½ bolli olía**
**4 egg**
**2 tsk. vanilludropar**
**2 bollar hveiti**
**2 tsk. lyftiduft**
**1 tsk. malað kaffi (ef vill)**
**½ tsk. salt**
**1 bolli flórsykur**

- Hrærið saman kakói, sykri og olíu. Bætið eggjum við, einu í einu og hrærið í um hálfa mínútu hvert egg. Bætið svo vanilludropunum við.
- Blandið saman í annarri skál hveiti, lyftidufti, salti og kaffi. Bætið svo við kakóblönduna og hrærið saman á lágum hraða, varist að hræra of mikið.
- Vefjið deigið í plastfilmu og látið standa í ísskáp í minnst fjóra klukkutíma eða yfir nótt.
- Hitið ofninn í 180°C. Rúllið kúlur úr deiginu, veltið þeim upp úr flórsykri og setjið á bökunarpappír á ofnplötu.
- Bakið í tíu til tólf mínútur.
- Leyfið kökunum að kólna í eina til tvær mínútur á plötunni og færið þær svo yfir á grind til að kólna alveg.








Frá 2010 hafa aðstandendur Crowberry Capital unnið fyrir Nýsköpunarsjóð með góðum árangri. Sjóðurinn hefur ekki fengið framlag frá ríkinu frá þeim tíma. Nýr sjóður vinnur í anda markmiða Nýsköpunarsjóðs sem eru að efla umhverfi sprotafyrirtækja og nýsköpunar. Þær finna fyrir miklum áhuga frumkvöðla og fjárfesta á nýjum sjóði og vonast til að geta stigið fyrstu skrefin í apríl á komandi ári. FRÉTTABLAÐIÐ ANTON

loforðum er nýhafin.“ Þær segja stefnuna setta á fimm milljarða sjóð.

Þær segjast hafa haft mikla ánægju af starfinu hjá Nýsköpunarsjóði, en þeim hafi fundist vanta sjóð eins og þennan og það hafi verið of spennandi til að sleppa því. „Við erum að taka persónulega áhættu með þessu. Við förum úr góðu, skemmtilegu og öruggu starfi til móts við óvissuna, auk þess að leggja fjármuni í verkefnið. Við erum eins og Thelma og Louise, komnar upp í blæjubílinn og ætlum okkur alla leið yfir gilið,“ segir Helga.

### Teymin skipta miklu

Lífeyrissjóðir víða um heim fjárfesta í þessum eignaflokki enda stuðlar það að áhættudreifingu þeirra. Nýsköpunarfjárfestingar sveiflast ekki endilega í takt við skráð félög. Fjárfestar hér hafa verið að fjárfesta í þessum eignaflokki, bæði stofnanafjárfestar og einstaklingar, þannig að áhuginn er fyrir hendi. „Með þessu erum við að leggja drög að skráðum félögum framtíðarinnar,“ segir Jenný

„Við trúum á þetta og við trúum því að það sé hægt að hagnast á nýsköpun, annars værum við ekki að þessu,“ bætir Helga við.

Það tekur tíma að byggja upp góð fyrirtæki, en Hekla bætir því við að það taki líka tíma að búa til góðan sjóð. „Reynsla og þekking þurfa að byggjast upp og við höfum verið svo heppnar að vinna í þessu frá 2010 og aflað okkur með því verðmætrar reynslu sem við nýtum svo áfram í nýjum sjóði.“

Þær segja að það gildi bæði um fyrirtækin og sjóðinn að samsetning teymisins skipti miklu. „Við vinnum afar vel saman sem teymi. Þegar ég var ráðin framkvæmdastjóri var ég mjög meðvituð um það að teymi þyrfti að vera sett saman af ólíku fólki með ólíkan bakgrunn. Við erum mjög ólíkar og nálgumst hlutina mjög ólíkt. Við höfum hins vegar sömu gildi sem er mikilvægt, þó bakgrunnur, menntun og persónuleiki sé ólíkur,“ segir Helga.

### Íslenskt Spotify

Fyrir utan ólík verkefni hafa þær unnið og menntað sig á ólíkum stöðum í heiminum. Þær segja að þetta skipti máli. „Menningarlæsi er mjög mikilvægt þegar verið er að þróa útflutningsfyrirtæki,“ segir Helga. „Það reynir líka á menningarlæsi þegar verið er að fá verkfræðinga og forritara til að vinna með sölu- og markaðsteymum,“ bætir Jenný við.

> **Við trúum á þetta og við trúum því að það sé hægt að hagnast á nýsköpun, annars værum við ekki að þessu.**
>
> Helga Valfells

**5**

**milljarðar er sú stærð á Crowberry Capital sem stefnt er að.**

> **Með þessu erum við að leggja drög að skráðum félögum framtíðarinnar**
>
> Jenný Ruth Hrafnsdóttir

Þær segjast ekki hafa sett sér nein sérstök markmið um lágmarkshlut í fyrirtækjum. „Aðalatriðið eins og við sjáum það er að fyrirtækin fái næga fjármuni til að geta orðið stór. Við vildum sjá fyrirtæki sambærileg við Spotify koma frá Íslandi. Það þarf verkfæri og stuðning til að svo megi verða. Þar myndu fleiri þurfa að koma að,“ segir Hekla.

Þær segja að það sé vel þekkt að sjóðir úr ýmsum áttum vinni saman að verkefnum. Bandarískir sjóðir vinni til dæmis með evrópskum sjóðum og öfugt. „Við viljum nýta okkur þetta og auka möguleikana.“

Ísland er lítið og sjaldnast möguleiki á mikilli sérhæfingu. Þær segja sjóðinn fyrst og fremst horfa á tækni, en hún geti verið í mismunandi greinum og af mismunandi toga. „Við horfum á góð teymi með djúpa þekkingu á tækni sem við viljum veðja á,“ segir Hekla.

„Það er náttúrlega tæknibylting í gangi og við viljum að Ísland sé hluti af henni. Það eru í raun öll fyrirtæki að verða tæknifyrirtæki í einhverjum skilningi. Tæknin hefur snertifleti við allt. Við höfum reynsluna af því að fjárfesta í og styðja íslensk tæknifyrirtæki og við viljum nýta hana áfram,“ segir Helga. Þær benda á að meðal þess sem áhugavert sé heilbrigðistækni þar sem talsverð þekking hefur orðið til í hér á landi.

### Raunhæfar hugmyndir

Frumkvöðlar hafa mikla trú á verkefnum sínum og hugmyndum, en fjárfestar horfa utan frá og sjá áhættu sem frumkvöðullinn sér ekki. „Það er reyndar þannig að þegar maður sest í stjórn í fyrirtæki þá fer maður fljótt að fá óbilandi trú á möguleikum þess,“ segir Hekla. Þær segja að þess vegna sé mikilvægt að hluti teymisins standi utan við til að halda fjarlægð. „Ástæðan fyrir því að við fjárfestum í tilteknu fyrirtæki er vegna þess að við höfum trú á því og það er mikilvægt til að geta stutt við það af heilum hug.“

Helga bætir því við að þær hafi hins vegar oft þurft að taka erfiða umræðu við frumkvöðla varðandi verðmat, þar sem hugmyndir geti verið ólíkar. „Við greinum þetta vel og við höfum sagt nei við spennandi tækifærum vegna þess að verðið var of hátt. Við verðum að hafa trú á því að við getum hagnast á þessu.“

Jenný segir að það skipti líka máli fyrir lífslíkur fyrirtækja hvers konar fjárfestir komi inn. „Það er afar mikilvægt að markmiðin séu þau sömu og frá byrjun liggi fyrir hvernig og í hvað eigi að nýta þá fjármuni sem koma inn í fyrirtækið. Við horfum á hvort frumkvöðlarnir eru með raunhæfar hugmyndir um fjárþörf.“

### Tækifærin liggja fyrir

Þær segja að algengast sé að koma með 50-100 milljónir í fyrsta skrefi. „Í litlu teymi sem er að fara af stað er hægt að gera talsvert mikið fyrir þá fjárhæð.“ Þær leggja áherslu á að það skipti máli að stíga skrefin í samræmi við þroska og möguleika fyrirtækisins. Alls ekki megi eins og oft gerist, að fjölga starfsfólki verulega áður en varan hefur sannað sig.

Frumkvöðlaumhverfi og menning sem ýtir undir frumkvöðlastarfsemi skiptir máli, en Ísland kemur vel út þegar horft er til áræðis og hugmynda, en síður þegar horft er á sölu- og markaðsmál og vöxt fyrirtækjanna. Það sé því mikilvægt að aðhald og stuðningur við veikleikana komi með fjárfestunum. Þær segja að sjóður eins og Crowberry Capital geti lagt þar mikið af mörkum.

Þær segja markmiðið vera að fara af stað í apríl. „Við viljum skilja vel við þau verkefni sem við höfum verið að vinna að hér, en við viljum auðvitað byrja eins fljótt og hægt er. Við erum með fjárfestingaráætlun og það er uppsöfnuð þörf, þannig að við teljum að nú þegar liggi fyrir ákjósanleg tækifæri fyrir svona sjóð.“


LAND ROVER APPROVED.

ABOVE & BEYOND




**Range Rover Vogue SDV8, 339hö**

Nýskr. 10. 2015, ekinn 17.000 km. Hlaðinn búnaði.

**Verð kr. 23.990.000**




**Range Rover Sport Autobiography SDV8, 339 hö**

Nýskr. 05. 2014, ekinn 22.000 km. Hlaðinn búnaði.

**Verð kr. 17.990.000**




**Range Rover Sport Autobiography SDV8, 339 hö**

Nýskr. 07. 2015, ekinn 10.000 km. Hlaðinn búnaði.

**Verð kr. 19.990.000**

Notaðir Land Rover bílar fara í gegnum APPROVED söluskoðun hjá Þjónustuverkstæði BL ehf. Bílar eru til sýnis hjá Bílaumboðinu BL ehf., Sævarhöfða 2. Nánari upplýsingar gefur Karl Óskarsson, sölustjóri Land Rover í síma 525 8000 - karl@bl.is

APPROVED

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

## Nýsköpun



**Ingi Björn Sigurðsson,** Stofandi LYST - Future of Food.

# Frumkvöðlar í matvælum

Matvælageirinn hefur verið að ganga í gegnum miklar breytingar á síðustu misserum. Stóru matvælafyrirtækin hafa verið að tapa markaðshlutdeild á meðan minni aðilar hafa verið að komast inn á markaðinn fyrr en áður. Neysla á vörum eins og Coca Cola hefur til að mynda ekki verið minni síðan 1985, svo dæmi sé tekin.

Ástæðan fyrir þessu eru neyslubreytingar, ásamt því þá hefur aldrei verið auðveldara fyrir ný vörumerki að hasla sér völl í matvælageiranum.

Síðustu áratugi hefur verið lögð mest áhersla á að framleiða mat með hámarks rekstrarhagkvæmni. En nýjar kynslóðir leggja meira upp úr gæðum, sjálfbærni og upplýsingum, neytendur eru að verða meira og meira meðvitaðir um hvað þeir kaupa.

Þessar breytingar þýða gríðarleg tækifæri fyrir matvælafrumkvöðla á Íslandi. Við Íslendingar erum matvælaþjóð.

Það er ekki bara að við séum að selja fisk og sjávarafurðir heldur hafa til að mynda opnast markaðir fyrir skyr og fleiri afurðir. En samkvæmt fréttum nýlega var markaður fyrir skyr metinn á átta milljarða Bandaríkjadala.

Þó að matvæli séu okkar helsta útflutningsvara, hefur innanlandsmarkaður fyrir matvæli vaxið gríðarlega í takt við fjölgun ferðamanna á Íslandi.

Auk þess hefur virði vörumerkisins Ísland verið að aukast gríðarlega á síðustu árum með tilkomu fleiri ferðamanna og aukinni vitneskju um landið.

Það eru ótrúleg tækifæri fyrir okkur á sviði matvæla; tækifæri sem segja má að útlendingar hafi stundum komið auga á fyrr en við sjálf. Með okkar litlu matvælafyrirtæki og hreinu afurðir eigum við að efla ímynd okkar sem fyrirmyndarþjóð í matvælaframleiðslu.

Á næstum misserum verður haldinn viðburður sem heitir LYST, sem undirritaður stendur fyrir ásamt Íslenska sjávarklasanum. Þar verður fjallað um þau gríðarlegu tækifæri sem matvælafrumkvöðlar standa frammi fyrir. Við munum leggja sérstaka áherslu á sérstöðu íslenskra matvæla og viðskipti með matvæli. Á LYST munum við fá til liðs við okkur einvalalið sérfræðinga í viðskiptum með matvæli.

Samhliða LYST munum við halda FoodHackathon þar sem við ætlum örva nýsköpun í matvælageiranum. Hugtakið Hackathon hefur hingað til verið tengt við tæknigeirann, en það er samsett orð úr orðunum, að hakka og marathon. Á slíkum viðburði kemur fólk saman með það að markmiði að leysa tiltekin vandamál á fyrirfram ákveðnum tíma. Okkar markmið er að skapa nýjar lausnir og búa til fleiri matvælafrumkvöðla.

# Appelsínusala á Indlandi dregst saman



Indverskir verkamenn handfjalla appelsínur í gær á markaði í Siliguri. Mikill fjöldi appelsína er fluttur frá svæðinu til næstu héraða á hverju ári. Appelsínusalan hefur hins vegar dregist saman frá því að tilkynnt var um breytingar á seðlum í umferð á Indlandi í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Höfum við ekki séð þetta áður?



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Ég vil taka það strax fram að ég hef ekki eins miklar áhyggjur núna og ég hafði 2006, en þróunin í íslenska hagkerfinu er áhyggjuefni og mér finnst sannarlega að við höfum séð þetta áður.

Það er erfitt að finna stjórnmálaflokk á Íslandi sem er ekki hlynntur slökun á stefnunni í ríkisfjármálum þrátt fyrir að ekki sé lengur samdráttur í hagkerfinu. Reyndar er mikill uppgangur í efnahagslífinu. Það ætti því að herða á stefnunni í ríkisfjármálum frekar en að slaka á henni.

En það er ekki í kortunum og það vita fjárfestar. Fjárfestar vita líka að ef stefnan í ríkisfjármálum er mjög slök verður Seðlabankinn að hafa meiri aðhaldsstefnu í peningamálum en hann annars þyrfti að hafa. Þetta endurspeglast í þeirri staðreynd að Ísland er með mjög háa raunvexti samanborið við næstum öll önnur þróuð hagkerfi í heiminum. Það kemur ekki á óvart að þetta skuli styrkja krónuna.

Þetta er greinilega áhyggjuefni fyrir Seðlabankann sem er fullkomlega meðvitaður um hina miklu aukningu á eftirspurn innanlands en hefur jafnframt áhyggjur af of mikilli styrkingu krónunnar. Starfið er ekki auðvelt fyrir Seðlabankann þegar stjórnmálamennirnir vilja gefa öllum jólagjafir og verkalýðsfélögin halda áfram að krefjast jafnvel enn meiri launahækkana. Og til að gera illt verra halda vissir hlutar fyrirtækjageirans áfram að þrýsta á Seðlabankann og krefjast lægri stýrivaxta.

**Takið upp nafnlaunamarkmið í stað verðbólgumarkmiða**

Í síðustu viku lét Seðlabankinn undan þrýstingnum og lækkaði stýrivexti. Ég held að í grundvallaratriðum hafi þessi ákvörðun verið misráðin – á meðan eftirspurn innanlands er á mikilli uppleið er þörf á hertari peningamálastefnu, ekki slakari. En ég skil þann þrýsting sem Seðlabankinn stendur frammi fyrir og Seðlabankinn fær hvorki stuðning frá stjórnmálamönnum, verkalýðsfélögum né samtökum atvinnurekenda.

> **Þegar krónan styrkist verður því innflutningsverð lægra og það þrýstir „neysluverðsvísitölunni“ niður. En það þýðir ekki að verðbólga muni haldast lág.**

Til að gera illt verra á Seðlabankinn í erfiðleikum með verðbólgumarkmið sín. Þversögnin er sú að á meðan mikill vöxtur er í efnahagslífinu hefur verðbólgan fallið langt niður fyrir 2,5% markmið Seðlabankans. Ástæða þessa er að verðbólgan á Íslandi segir afar lítið um verðbólguþrýsting innanlands þar sem flestar neysluvörur eru innfluttar. Þegar krónan styrkist verður því innflutningsverð lægra og það þrýstir „neysluverðsvísitölunni“ niður. En það þýðir ekki að verðbólga muni haldast lág. Raunar eru verðbólguvæntingar til meðallangs tíma áfram hærri og ef við lítum lengra en 2-3 ár fram í tímann þá vænta fjármálamarkaðirnir þess að verðbólgan verði vel yfir verðbólgumarkmiðinu. En það virðist erfitt fyrir Seðlabankann að útskýra þetta fyrir þeim hópum sem krefjast stýrivaxtalækkunar.

Ég held því að þörf sé á að Seðlabankinn skipti út verðbólgumarkmiði sínu fyrir nafnlaunamarkmið. Þannig tel ég að 5% nafnlaunamarkmið myndi gera mikið til að koma á jafnvægi í efnahagslífinu en einnig tryggja til meðallangs tíma að verðbólga yrði í kringum 2-3% (að því gefnu að framleiðniaukning væri 2-3%). Það væri þá einnig eðlilegt, eins og ég hefur áður lagt til í þessu ágæta blaði, að húsnæðislánakerfinu á Íslandi yrði breytt úr því að tengjast verðbólgu yfir í að tengjast nafnlaunahækkunum. Þetta myndi enn frekar stuðla að jafnvægi í hagkerfinu.

Að lokum: Íslenska hagkerfið hefur tilhneigingu til að rísa hratt og hrynja. Þessu þarf að breyta – ekki með harkalega hertri peningamálastefnu (þótt ég telji peningamálastefnuna of slaka), heldur með umbótum á stjórn peningamálastefnunnar, reglum um fjármálastefnu ríkisins og loks að gerðar verði ráðstafanir til að gera verkalýðsfélögin mun ábyrgari, ekki aðeins fyrir launaþróun, heldur einnig fyrir atvinnuþróun. Er þetta of mikið til að vonast eftir í jólagjöf?

# Að upplifa jól með hug byrjandans

## Hin hliðin



Ingrid Kuhlman,
framkvæmdastjóri
Þekkingarmiðlunar,
FKA-félagskona

Núvitund hefur verið að ryðja sér til rúms undanfarin ár og sífellt fleiri leggja áherslu á að þjálfa meðvitaða athygli og vera meira til staðar í eigin lífi. Ekki einungis stjórnendur og starfsfólk í fyrirtækjum á borð við Google, Maersk, eBay, Apple, Nike og Facebook leggja stund á núvitund heldur hafa skólar á öllum skólastigum tekið þetta upp. Nýlega var lýðheilsustefna fyrir landið allt samþykkt ásamt áætlun um aðgerðir sem eiga að stuðla að heilsueflandi samfélagi. Stefnt er að því að þjálfa 800 íslenska kennara í að kenna börnum í leik- og grunnskólum núvitund.

**Opinn og forvitinn hugur**

Eitt af því sem einkennir núvitund er að nálgast hlutina með hug byrjandans. Hugur byrjandans getur aðstoðað okkur við að sjá hluti í nýju ljósi frekar en að bregðast við þeim á sjálfstýringunni. Hugur byrjandans er opinn og gæddur forvitni og undrun, líkt og hjá ungu barni. Hann tekur þátt í upplifunum eins og um fyrsta skiptið sé að ræða og er laus við fyrirfram mótaðar skoðanir, væntingar, dóma og ályktanir. Hugur byrjandans er í núinu til að skanna, skoða og sjá hluti eins og þeir eru. Hann er frjáls, áhugasamur og vakandi vitund. Um leið og við ákveðum að við vitum allt og höfum upplifað allt áður, lokum við á eldmóðinn og forvitnina.

Góð leið til að þjálfa hug byrjandans er að ímynda sér að maður sé að upplifa eitthvað í fyrsta skipti. Ímyndaðu þér til dæmis að þetta séu þín fyrstu jól. Láttu koma þér á óvart. Horfðu undrandi á fegurð jólaljósanna, finndu lyktina af mandarínum, piparkökum og kanil og hlustaði á jólalögin sem óma. Taktu eftir öllu því stóra og smáa sem þú hefur tekið sem sjálfsögðum hlut.

Núvitund er einnig að veita matnum sem við borðum óskerta athygli. Virkjaðu öll skynfærin, finndu lyktina af kræsingunum, áferðina á tungunni, greindu í sundur mismunandi bragðtegundir í munninum, finndu hvert tungan fer þegar þú kyngir, o.s.frv. Vertu á staðnum, láttu koma þér á óvart og njóttu.

*Gleðileg jól!*

# JÓLATRÉ Á ÓTRÚLEGU VERÐI!

**Danskur normannsþinur – stór og falleg jólatré**

Athugið eingöngu í Iceland Engihjalla




**EITT VERÐ FYRIR ALLAR STÆRÐIR.**
Þú greiðir inni í Iceland, Engihjalla og velur svo draumatréð fyrir utan verslunina gegn framvísun kvittunar.

OPIÐ 24 TÍMA

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**
**ICELAND, ENGIHJALLA,**

Iceland

Jólareikningur Netgíró

**Þú borgar jólainnkaupin 1. febrúar 2017**

Netgíró
Kynntu þér jólareikning Netgíró á www.netgiro.is

Þú borgar aðeins 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald
(ef fjárhæð er yfir 3.000 kr., annars 0 kr.) og 3,95% lántökugjald.

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 21. desember 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1.712,24 -0,39%
(-1,54)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti




Swatch-úr hafa notið mikilla vinsælda. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Svissnesk úr í sögulegu lágmarki

Útlit er fyrir að um 20 milljón svissnesk úr verði seld úr landi á árinu, og hafa þau aldrei verið jafn fá síðan árið 1984.

Bloomberg greinir frá því að á fyrstu tíu mánuðum ársins hafi fjöldi útfluttra úra dregist saman um ellefu prósent samanborið við síðasta ár.

Ef fer sem horfir munu úrin ná sömu lægð og árið 1984 þegar tölvuúr voru í tísku.

Fjöldi úraframleiðenda, meðal annars Vacheron, Constantin, Cartier og Vulcain hafa fækkað starfsfólki undanfarið, en Swatch, einn þekktasti úraframleiðandi Sviss, hefur ekki tilkynnt um slíkt þó að kostnaður hafi aukist.

## Múlakaffi hagnast um 35 milljónir

Hagnaður Múlakaffis og dótturfélaga þess nam 35,2 milljónum króna árið 2015, en nam 62,9 milljónum króna árið áður.

Meginstarfsemi Múlakaffis og dótturfélaganna, GJ veitinga ehf., KH veitinga ehf. og T veitinga ehf., felst í mötuneytis- og veitingarekstri ásamt veisluþjónustu. Dótturfélagið Kvörnin ehf. er fasteignafélag.

Í árslok námu eignir samstæðunnar 870 milljónum króna og eigið fé 287 milljónum. Fjöldi ársverka á árinu 2015 var um 140.

Í árslok átti einn aðili, Jóhannes Stefánsson, allt hlutafé félagsins. Hann var jafnframt framkvæmdastjóri í árslok. Greiddur verður út arður að fjárhæð 50 milljónir vegna rekstrarársins 2015.

## Uber tapaði 250 milljörðum

Á fyrstu níu mánuðum ársins nam tap skutlþjónustunnar Uber yfir 2,2 milljörðum dollara, jafnvirði 252 milljarða íslenskra króna. Á þriðja ársfjórðungi tapaði Uber yfir 800 milljónum dollara, en starfsemin í Kína er ekki tekin þar með. Bloomberg greinir frá þessu.

Tapið er þó ekkert miðað við virði fyrirtækisins, en fyrirtækið er metið á 69 milljarða dollara sem er meira en General Motors og Twitter samanlagt. Nettótekjur fyrirtækisins hafa haldið áfram að aukast á árinu og námu 3,76 milljörðum dollara á fyrstu níu mánuðum ársins.


ÁSTRÍÐA

GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## 67% AUKNING

Erlend greiðslukortavelta nam 15,3 milljörðum króna í nóvember síðastliðnum en það er 67 prósenta aukning frá sama mánuði í fyrra samkvæmt tölum Rannsóknarseturs verslunarinnar. Nóvembermánuður er jafnan rólegur í ferðaþjónustu og er það til marks um mikinn vöxt greinarinnar að greiðslukortavelta síðasta mánaðar var svipuð og í júlí 2013.

## 2,7% MUNUR

Munur á grunnlaunum kvenna og karla var konum 2,7 prósent í vil hjá Seltjarnarnesbæ í febrúar síðastliðnum. Munur heildarlauna var 0,9 prósent konum í vil. PwC gerði jafnlaunaúttekt á sveitarfélaginu og fékk það í kjölfarið gullmerki úttektarinnar. Viðurkenningin er veitt ef bæði launamunur grunnlauna og heildarlauna er undir 3,5 prósentum.

**16.12.2016**



**Ég bara sé að allir flokkar eru að leggja sig fram af mikilli ábyrgð í vinnu í fjárlaganefndinni. Þetta eru sérstakar aðstæður og ég vil hrósa öllum flokkum fyrir hvernig þeir eru að nálgast þetta verkefni. Við höfum engar línur í flokkadráttum í þeirri vinnu allavega hingað til.**

Haraldur Benediktsson




## BÍLAR & FARARTÆKI

BORGARBÍLASALAN
580 8900 · borgarbilasalan.is



**4X4 SKYRGÁMUR!!!**
'03 SUBARU LEGACY WAGON. EK 176 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK...FER YFIR FJÖLL OG FIRNINDI. JÓLATILBOÐ 599 ÞÚS!!! #452086. S: 580 8900



**4X4 BJÚGNAKRÆKIR!!!**
'05 HYUNDAI TUCSON. EK 199 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK...KRÆKTU ÞÉR Í PENNAN Á TILBOÐI: 599 ÞÚS!!! #452086. S: 580 8900



**4X4 GLUGGAGÆGIR!!!**
'07 SUBARU FORESTER. EK 159 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK...GÆGIST ÞESSI TIL ÞÍN Á JÓLUM?? JÓLATILBOÐ 880 ÞÚS!!! #471566. S: 580 8900



**4X4 GÁTTAÞEFUR!!!**
'13 DACIA DUSTER. EK 134 Þ.KM, DÍSEL, BEINSK...ÞEFAÐU ÞENNAN UPPI!!! JÓLATILBOÐ 1.850 ÞÚS!!! #480021. S: 580 8900



**4X4 KETKRÓKUR!!!**
'05 JEEP GRAND CHEROKEE LTD. EK 94 Þ.KM, BENSÍN 5,7 HEMI, SJÁLFSK... ÞESSI ER MEÐ NÓG Á BEINUNUM!!! JÓLATILBOÐ 1750 ÞÚS!!! #471522. S: 580 8900



**2WD KERTASNÍKIR!!!**
'06 M.BENZ SPRINTER 316 CDI. EK 328 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK...SNÍKTU ÞESSUM TIL ÞÍN!!! JÓLATILBOÐ 599 ÞÚS!!! #452265. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

BÍLA GALLERÍ



**ENGIN GJAFABRÉF !**
KIA Sportage Premium Dísel, Leður, Glerþak,ofl. Árgerð 2016, ekinn 50 Þ.km, Tilboðsverð 4.650þ. Ásett 5.290þ Rnr.101008.



**EKKERT KONFEKT !**
TOYOTA Auris Terra Eco Dísel. Árgerð 2015, ekinn 43 Þ.KM, 5 dyra, 6 gíra. Tilboðsverð 2.250þ. Rnr.100840.



**EKKERT RUGL OG BULL !**
NISSAN Qashqai TEKNA 4x4 Dísel. Árgerð 2015, ekinn 66 Þ.KM, 6 gírar. Bakkmyndavél ofl. Tilboðsverð 3.490þ Rnr.110912.



**BARA GÓÐ VERÐ !**
MERCEDES-BENZ GlC 220 Dísel 4x4. Árgerð 2016, ekinn 19 Þ.km, Sjálfsk. Tilboðsverð 7.650þ Ásett 8.390þ Rnr.110940.

**Bílagallerí bílasala**
**Hagasmára 2-4 v.Smáralind, 201 Kópavogur**
**Sími: 554 6700**
**www.bílagallerí.is**

bíll.is
bestir í bílum...



SKODA Octavia. Árgerð 2016, ekinn 44 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 3.590.000. Rnr.270081

**Bíll.is**
**Malarhöfði 2, 110 Rvk.**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



**FLUGELDAJEPPAR!!**
Eigum gott úrval af JEEP GRAND CHEROKEE árg. 2000-2004, Verð frá 490-790.000 kr. 100% LÁN Í BOÐI - Öflugur árámótapakki fylgir hverjum bíl!

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

100 bílar.is bílasala




Malt & Appelsín kippa og pakki af Mackintosh Quality Street fyrir þá sem skrá bílinn sinn á sölu hjá okkur í desember. Mikil sala- vantar bíla á skrá.



Mazda 3 plus, 7/2008, ek 153 þús km, sjsk, bensín, ásett verð 990 þús, er á staðnum, raðnr 152607.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Tölvur

Tölvuviðgerðir og uppfærslur Mac & Windows. Sæki / sendi.Tölvukarlinn Sími 5671 919 & 666 1919

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com




STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

**Til hvers að auglýsa ?**

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Fornhagi 15 - 3ja herbergja íbúð**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Virkilega falleg 84,4 fm. íbúð á 2. hæð á þessum eftirsótta stað í vesturbænum að meðt. sér geymslu í kjallara. Ný eldhúsinnrétting og tæki eru í íbúðinni og nýtt vandað parket er á gólfum. Björt stofa með útgengi á svalir til suðurs. Stór sameiginleg lóð með tyrfðri flöt, afgirt að hluta og á sumrin með sameiginlegum leiktækjum fyrir börn. **Verð 40,9 millj.Frábær staðsetning þaðan sem stutt er í leikskóla, barnaskóla, Háskóla Íslands o.fl.**

**2 MARAÞON NOW**



HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN VIÐ HÖNDINA

Stöð 2 Maraþon NOW er ný streymisveita fyrir snjallsíma, spjaldtölvur, Apple TV og vefspilara.*

3 MÍN AÐ SKRÁ SIG
DAGAR FRÍTT

2.990 KR. Á MÁNUÐI

2now.is

365

*Þjónustan er einnig aðgengileg á myndlyklum Símans.

## KEYPT & SELT

### Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

**TIL SÖLU**

nýleg tæki til ostagerðar. Henta í lítinn rekstur. Fyrirspurnir sendist á: seloreo40@gmail.com.

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## HEILSA

### Nudd



Tælenskt heilsunudd Gjafabréf fyrir jól og nýár 2 nuddtímar á 20% afslætti. Joomjan Mimos nuddstofu, Suðurlandsbraut 16. Pantanir í síma 8923899

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**

Þarftu að laga til fyrir jólin. Stærðir 1,6-5,5 fm. Jólatilboð fyrir nýja viðskiptavini: Desembermánuður frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

## sköruveisla

**Skötuveisla**

á Cafe Catalinu

*Að venju verðum við með hið margrómaða vestfirska skötuhlaðborð á Þorláksmessu.*

Stórskata • saltfiskur
plokkfiskur • rófur
kartöflur • hamsatólg
hnoðmör • smjör • rúgbrauð
kaffi og konfekt.



**Hlaðborð í hádeginu frá kl. 11:30-14:00**
**og um kvöldið frá kl. 18:00-20:00**
**Húsið opnar kl. 11:00**

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

markhönnun ehf

netto

# JÓLABÓKIN FÆST HJÁ OKKUR




**PETSAMO**
**4.199 KR**




**AFLAUSN**
**3.989 KR**




**PABBI PRÓFESSOR**
**2.879 KR**




**ÞÍN EIGIN HROLLVEKJA**
**2.879 KR**




**HOLLT NESTI**
**MORGUNMATUR OG MILLOMÁL**
**2.599 KR**




**HEIÐA Á LJÓTARSTÖÐUM**
**4.549 KR**




**ÓMINNI**
**3.899 KR**




**VONDA FRÆNKAN**
**2.924 KR**




**LADDI**
**4.199 KR**




**GOTT RÉTTIRNIR OKKAR**
**3.249 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 21. - 24. desember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
21. DESEMBER 2016 MIÐVIKUDAGUR

**90 ára afmæli**

**Eva Marie Jost Magnússon**

Öllum ættingjum mínum og vinum þakka ég fyrir skemmtilegar gjafir og yndisleg blóm á níræðisafmæli mínu í sumar. Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

**Jólakveðjur Eva Marie Jost Magnússon.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,

**Árni Vigfússon**

húsasmíðameistari,
Hlaðbæ 20, Reykjavík,

lést föstudaginn 16. desember á Hrafnistu í Reykjavík.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ragnheiður Magnúsdóttir**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Marta Kristjánsdóttir**

frá Ólafsvík, hjúkrunarheimilinu Ísafold, Garðabæ,

er látin. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Vigdís Bjarnadóttir** | **Einar S. Sigurjónsson**
**Kristján S. Bjarnason** | **Steinunn Tryggvadóttir**
**Kristbjörg Bjarnadóttir**
**börn og barnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Kristínar Margrétar Guðjónsdóttur**

Hvassaleiti 56.

Sérstakar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks á bráðamóttöku og deild A-6 á Borgarspítalanum fyrir frábæra umönnun og hjúkrun síðastliðin ár.
Gleðilega hátíð.

**Ólafur Á. Sigurðsson**
**Björg Ólafsdóttir** | **Þröstur Guðmundsson**
**Sigurður Á. Ólafsson**
**Ólafur Kr. Ólafsson** | **Anna María Bjarnadóttir**
**barnabörn og langömmubarn.**



✝

Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

**Ólöf Ragnheiður Guðjónsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 18. desember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Kolfinna Ketilsdóttir** | **Þorsteinn Johansson**
**Birna Ketilsdóttir** | **Benedikt Svavarsson**
**Hjördís Ketilsdóttir**
**Kristín Ketilsdóttir** | **Ólafur Laufdal Jónsson**
**Guðjón Ketilsson** | **Ragnheiður Arnardóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Elskulegur faðir okkar, sonur og bróðir,

**Júlíus Sverrir Sverrisson**

Hverfisgötu 8, Hafnarfirði,

lést 11. desember. Útförin fer fram fimmtudaginn 22. desember kl. 13 frá Hafnarfjarðarkirkju.

**Guðmundur Bjartur Júlíusson**
**Ívan Jökull Pallé**
**Írena Hlín Júlíusdóttir**
**Sverrir Júlíusson**
**Brynja Árnadóttir** | **Stefán Benediktsson**
**systkini og fjölskyldur þeirra.**

# Fær hugmyndir að glæpasögum í baði

**Magnús Þór Helgason sendi frá sér sína fyrstu glæpasögu dögunum. Hann þurfti að hugsa nýtingu sína á tíma upp á nýtt til að ná að koma skrifunum að enda þriggja barna faðir í fullri vinnu. Magnús fær margar sinna bestu hugmynda í svokölluðu skáldbaði.**

„Ég byrjaði að fikta við þetta árið 2014, í janúar – þá var frekar lítið að gera hjá mér í vinnunni og ég var búinn að lesa allar jólabækurnar. Þá byrjaði þetta æfingatímabil eins og ég kalla það, maður þarf að skrifa og skrifa til að komast í gírinn. Ég var farinn að fá alls konar hugmyndir í lestinni á leiðinni í vinnuna og það var fyrir svona ári sem ég lét vaða og byrjaði að skrifa þessa bók,“ segir Magnús Þór Helgason tölvunarfræðingur sem sendi á dögunum frá sér sína fyrstu skáldsögu, spennusögu sem ber titilinn Bráð.

„Bókin fjallar um Svein sem er sænsk-íslenskur jarðfræðingur og stundar jarðfræðirannsóknir á Skarðsheiði. Þessi huggulega sveitadvöl hans breytist fljótlega í atburðarás sem ætlar engan enda að taka. Hann er fljótlega grunaður um morð sem er framið og þar sem lögreglan sinnir starfi sínu ekki sem skyldi verður Sveinn að afla sönnunargagna sjálfur.

Við fáum að fylgjast með Sveini í gegnum þessa ferð hans. Í söguni fléttast saman þessar skemmtilegu andstæður þar sem þú ert með þessa fallegu sveitarómantík þar sem allir eru góðir og hjálpsamir en síðan verður þessi hræðilegi atburður – mér fannst mjög gaman að stilla upp þessum andstæðum,“ segir Magnús sem þurfti að endurhugsa nýtingu sína á öllum dauðum tíma til að takast að klára bókina.

„Ég er fjölskyldumaður, á þrjú börn og hef ekki mikinn tíma. Ég hef notað tímann í lestinni mikið í þetta. Þetta er klukkutími í hvora átt, en ég reyni yfirleitt að nota tímann til að vinna, en þegar ég hef lausan tíma þá gríp ég í skrifin. Þetta getur verið allt að klukkutími á dag bara í lestinni. Síðan er það líka að á kvöldin þegar börnin eru sofnuð hef ég minnkað símanotkun mína, maður var farinn að hanga svolítið í símanum. Ég skipti öllum svona dauðum tíma út fyrir skrifin og get þannig sinnt þessu meira en ég bjóst við að geta.

Svo hef ég lagst í bað þegar það er laus stund – þann tíma nota ég til að hugsa út plott og karaktera. Þar fæ ég flestar hugmyndirnar. Það hefur meira að segja gengið svo langt heima hjá mér að við höfum stundum kallað þetta skáldbað. Ég gleymi oft að taka með mér pappír og penna og þarf að rjúka upp úr baðinu til að koma hugmyndunum á blað. Sumir hafa reyndar grínast með að kalla þetta hryllingsbað,“ segir Magnús sem nýtir greinilega tímann sinn í baði til að hugsa upp morð og annað það sem skrifað er um í spennusögum.

stefanthor@frettabladid.is



Magnús er búsettur í Svíþjóð og þarf að taka lestina til og frá vinnu, en það gefur honum auka vinnutíma. MYND/AÐSEND

> Ég var farinn að fá alls konar hugmyndir í lestinni á leiðinni í vinnuna og það var fyrir svona ári sem ég lét vaða og byrjaði að skrifa þessa bók.



✝

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýjan hug og stuðning við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa, langafa og bróður,

**Auðuns S. Hinrikssonar**

**Helga Halldórsdóttir**
**Margrét Auðunsdóttir** | **Birgir Haraldsson**
**Skúli Sigurðsson**
**Hinrik Auðunsson** | **Nuanchan Phiatchan**
**Hulda Karen Auðunsdóttir** | **Ríharður Traustason**
**Auðunn S. Auðunsson** | **Gerður Marísdóttir**
**Guðrún Hinriksdóttir** | **Haukur Hannesson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

Móðir okkar,

**Guðrún Valdimarsdóttir**

húsmóðir og verkakona, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 16. desember. Útför hennar verður gerð frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði á morgun, fimmtudaginn 22. desember, kl. 15.

**Svavar Gestsson**
**Sveinn Kjartan Gestsson**
**Helga Margrét Gestsdóttir**
**Málfríður Gestsdóttir**
**Valdimar Gestsson**
**Guðný Dóra Gestsdóttir**
**Kristín Guðrún Gestsdóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Huldu G. Sigurðardóttur**

kennara,
Hjallabraut 33.

Guð gefi ykkur gleðileg jól.

**Hafsteinn F. Aðalsteinsson** | **Birna Þórhallsdóttir**
**Finnbogi Aðalsteinsson** | **Elsa Jónsdóttir**
**Sigurður Aðalsteinsson** | **Margrét H. Guðmundsdóttir**
**Guðrún H. Aðalsteinsdóttir** | **Karl Jónsson**
**Ólöf Aðalsteinsdóttir** | **Rafn A. Sigurðsson**
**og ömmubörnin öll.**



✝

Elskuleg dóttir, eiginkona, móðir og amma okkar,

**Ólöf Guðrún Ketilsdóttir**

Laufásvegi 60, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum 15. desember sl. Útför hennar verður frá Laugarneskirkju þann 27. desember nk. klukkan 13.00.

**Margrét Ingunn Ólafsdóttir** | **Haraldur Ágúst Bjarnason**
**Hrafn Aðalsteinn Ágústsson** | **Joy Chang Ágústsson**
**Ólafur Ágúst Haraldsson** | **Elísabet Hulda Einarsdóttir**
**Atli Hrafn Ólafsson** | **Helena Dís Ólafsdóttir**




**UNITED 50LEDX17T2**
50" Full HD sjónvarp með 1920 x1080p upplausn. 3D Comb Filter. Stafrænn DVB-C, DVB-T2 móttakari. 1 x USB. 3 x HDMI. Scart, mini AV, mini Component, VGA & CI rauf. Digital coax út og heyrnatólatengi. USB upptökumöguleiki. Sérstök hótelstilling.

**VERÐ 59.990**

2 LITIR
tasco
**Tasco 168RB**
10x25 vasasjónauki með 10x stækkun. 25mm gler. Taska fylgir.
**VERÐ 3.990**

JBL
FJÖLDI LITA
**JBL GOBLACK**
Þráðlaus Bluetooth v4.1 hátalari með Lithium hleðslurafhlöðu (5 klst ending). Hægt er að taka við símtölum. USB kapall fylgir. (BxHxD): 68,3 x 82,7 x 30,8 mm.
**VERÐ 2.890**

Bluetooth
JBL
**JBL CLIP2BLACK**
Vatnsheldur Bluetooth hátalari v4.2. 3w hátalari, 1 x 40mm driver. Lithium hleðslurafhlaða. Wireless Daisy Chain - Getur tengt 2 x Clip2 saman þráðlaust. Hægt er að taka við símtölum. Aux inn. USB kapall fylgir.
**VERÐ 7.990**

JBL
**JBL REFMINIBTBLUE**
Bluetooth heyrnartólstappar með hljóðnema og fjarstýringu á snúrunni. Svitaþolin með endurskini. 2 sett af sport töppum og 2 sett af venjulegum fylgja.
**VERÐ 10.990**

Bluetooth
JBL
FJÖLDI LITA
**JBL E50BT**
Þráðlaus Bluetooth heyrnartól með innbyggðum hljóðnema og Echo Cancellation. Music sharing – nota má tvö E50BT frá sömu Bluetooth sendingunni. 18 klst hleðslurafhlaða. Samanbrjótanleg.
**VERÐ 14.490**

JBL
Bluetooth
**JBL PULSE2BLACK**
Veðurvarinn 2x8w þráðlaus Bluetooth v4.1 hátalari með ótrúlega flottum hljóm. JBL Prism - Notaðu linsuna á PULSE2 til fanga lit að þínu skapi. 10 klst hleðslurafhlaða. Innbyggður hljóðnemi.
**VERÐ 23.790**

JBL
Bluetooth
**JBL BOOSTTV**
Nett 30W SoundBar heimabíó með Bluetooth. JBL SoundShift. JBL Connect. Tengist 3 símum eða spjaldtölvum samtímis. Lærir á fjarstýringu. Optical og Aux tengi.
**VERÐ 29.990**

JBL
EISA AWARD Best Product 2015-2016 MOBILE SPEAKERS JBL Xtreme
Bluetooth
**JBL XTREME**
Veðurvarinn Bluetooth hátalari. 2 x 20 w magnari. USB. Lithium hleðslurafhlaða (15 klst ending). 2 x USB tengi fyrir hleðslu. Getur svarað símtölum. USB kapall og Ól fylgir.
**VERÐ 37.490**

Bluetooth
harman/kardon
**Harman Kardon ONYXSTUDIO3BLACK**
Bluetooth hátalalari með Social mode sem tengir 3 síma/spjaldtölvur. 4 x 15W magnari. Wireless Dual Sound sem tengir tvo hátalara þráðlaust. Innbyggður hljóðnemi. Noise & echo cancelling. Hleðslurafhlaða.
**VERÐ 44.990**

YAMAHA
**Yamaha MCR8020**
Nett og stílhrein hljómtækjasamstæða með Bluetooth og 30 W magnara. Geilsaspilari, MP3, WMA. USB. FM útvarp með 30 minnum. Heyrnartólatengi. 3,5mm Jack. Vekjari, Snooze, sleep.
**VERÐ 39.990**

**SOUNDBAR**
HEIMABÍÓKERFI
LG
**LG SH5**
320W Soundbar 2.1 heimabíó með Auto Sound Engine hljóðvinnslu. 4 x 30W Soundbarhátalarar. 200W þráðlaus bassahátalari. Adaptive Sound Control. Sound Sync Wireless. Dolby Digital / DTS. Bluetooth 4.0. HDMI, Optical, Audio in tengi. Hægt að festa á vegg.
**VERÐ 79.990**

**HEIMABÍÓ**SKJÁVARPI
EPSON
**Epson EBU04**
Heimabíóskjávarpi með 1920x1200p upplausn og 3000 ANSI Lumens. Full HD WUXGA upplausn, 1920x1200 með 3LCD tækni og PC-free möguleika. 16:10 hlutfall. Skerpa: 15.000:1. Myndstærð frá 30" (75cm) til 300" (750cm).
**TILBOÐ 149.990**

**OPIÐ TIL 22 ALLA DAGA TIL JÓLA**

SM.IS

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Breytileg átt, 3-10 og él, einkum um landið sunnanvert. Frost 0 til 8 stig, kaldast inn til landsins á Norðausturlandi.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 0° | -5° | -3° |
| ↗ 11 | ↗ 5 | ↗ 10 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -6° | -5° | -6° |
| ↑ 6 | → 5 | ↗ 11 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 0° | -6° | -5° |
| ↓ 9 | ↖ 2 | ↙ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | 1° | -7° |
| ↙ 11 | ↙ 18 | ↙ 11 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. dægurs
6. utan
8. missir
9. hvíld
11. gelt
12. gafl
14. fáni
16. tveir eins
17. hlaup
18. viður
20. kyrrð
21. tegund

**LÓÐRÉTT**
1. elds
3. strit
4. alger
5. fyrirboði
7. nýta
10. mál
13. námsgrein
15. ljóma
16. frændbálkur
19. pfn.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. dags, 6. án, 8. tap, 9. lot, 11. gá, 12. stafn, 14. flagg, 16. ææ, 17. gel, 18. tré, 20. ró, 21. tagi.

**LÓÐRÉTT:** 1. báls, 3. at, 4. gagnger, 5. spá, 7. not-færa, 10. tal, 13. fag, 15. glóa, 16. ætt, 19. ég.

### Skák Gunnar Björnsson

Wei Yi (2.706) vann glæsilegan sigur á David Navara (2.730) í níundu umferð Tata Steel-mótsins í Wijk aan Zee.



**Hvítur á leik**

**15. g5! fxg5 16. Rxg5! Rd4 17. Dd1 hxg5 18. Bxg5 Be7 19. Be3!** (miklu betra en 19. Bh6) **19. ... Bf6 20.h6 He7 21. hxg7 Hxg7 22. Dh5 Be6 23. Bh6 Bf7 24. Bxg7! Bxh5 25. Bxf6+ Kf8 26. Bxd8 Re2+ 27. Kb1 Rxg1 28.Bxc7!** og svartur gaf. Afar kraftmikil taflmennska.

**www.skak.is:** Ítarfrétt um London-mótið.






## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | | | | 9 | | | |
| 9 | 6 | 7 | | | | | | 5 |
| | | 3 | | | 7 | | 2 | |
| | 7 | | | 8 | 2 | 5 | | |
| 1 | | | 4 | | | 7 | | |
| 3 | | 4 | 7 | | | 8 | | |
| | | 1 | | 6 | 3 | 2 | | 7 |
| | | 8 | | 2 | | 4 | 5 | |
| | | | | | | 3 | 9 | 1 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | 2 | | 1 | | | 6 | 5 |
| 7 | | 4 | | 5 | | | 1 | |
| | | 6 | 8 | | | | | 2 |
| | | | 9 | 4 | | | | 1 |
| | 6 | | | | 5 | | | 4 |
| | | | | 3 | 8 | | 2 | |
| 8 | | | 3 | | | | 5 | |
| | 2 | | | | 7 | | | |
| | 4 | 9 | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 1 | | | 9 | | 8 | |
| | | | 8 | | | 7 | 9 | |
| | | | | | | | | |
| 3 | | 7 | 4 | 9 | | | 1 | |
| | | 2 | | | | | | 9 |
| | | | 3 | | 7 | | | |
| | | 4 | | 6 | 8 | | | |
| | | | 2 | 3 | | 8 | | |
| | 7 | | 9 | | 5 | | | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 1 | 3 |
| 9 | 4 | 1 | 7 | 3 | 2 | 5 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 9 | 7 | 4 |
| 1 | 5 | 7 | 4 | 2 | 8 | 3 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 4 | 2 |
| 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 7 |
| 5 | 8 | 4 | 2 | 9 | 7 | 6 | 3 | 1 |
| 6 | 9 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 6 | 5 | 4 | 2 |
| 2 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 7 | 9 | 6 |
| 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 9 |
| 5 | 9 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 7 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 8 |
| 8 | 5 | 2 | 6 | 9 | 7 | 3 | 1 | 4 |
| 1 | 4 | 9 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 2 | 7 | 8 | 3 | 1 | 6 | 5 |
| 3 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 4 | 2 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 5 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 | 2 | 7 | 9 |
| 2 | 3 | 4 | 9 | 5 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 4 | 5 | 3 | 1 | 6 | 8 | 7 | 9 | 2 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 | 5 | 4 |
| 8 | 2 | 9 | 4 | 7 | 5 | 3 | 1 | 6 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Gildir á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um villur og verðbreytingar. Önnur afsláttarkjör gilda ekki með jólatilboðum.

## NINTENDO 3DS LEIKIR



MarioParty-Star Rush | Pokemon-MOON | Pokemon-SUN

## Wii U LEIKIR



Color Splash | Zelda -twilight princess | Just Dance - 2017



Flottur pakki með vinsælum Mario Kart 8 tölvuleik.

**kr. 59.900,-**

**Leikir frá kr. 4.490,-**

## new NINTENDO 3DS XL



Nýja 3DS tölvan er með nýrri 3D tækni sem eltir augun og nýjum stjórnpinnum. Nú er hægt að færa efni þráðlaust á SDHC kort í tölvunni beint af tölvu í gegnum þráðlaust net.

**kr. 39.900,-**

## TEAC
### Plötuspilari TN-300



Vandaður plötuspilari með USB tengingu. Stöðugur platti úr áli. Reimdrifinn með 2 hröðum: 33-1/3, 45 Nýlega þróuð snælda sem gefur stöðugari snúningshraða. Beinn tónarmur. Kemur með MM-type AT95E nál frá Audio Technica.

**kr. 59.900,-**

# ORMSSON
# Jóla dagar

## TEAC
### Magnari A-R650



**kr. 64.900,-**

## Pioneer
XW-BTSP70-K/S



Magnaður Bluetooth hátalari.

**kr. 29.900,-**

## Gleðilegar og gagnlegar vörur á góðu verði

## muse
Útvarpsvekjari



**kr. 9.990,-**

## veho



Ótrúlegur hljómur í þessum Bluetooth hátalara frá Veho

**kr. 19.900,-**

## Pioneer
### Hljómtækjastæða



PIX-EM-12 - 2 X 30W - CD MP3 og WMA afspilun - FM Útvarp m. 30 stöðva minni - RDS stuðningur - Tengi: USB, Audio-In, Loftnet

**kr. 22.900,-**

## veho
### Sportmyndavélar



*NPNG útgáfa - 1080@60fps og 720p@120fps - Innbyggð WiFi tenging - Snjallforrit fyrir Android og Apple iOS - 16MP ljósmyndir - LCD Skjár og losanleg 1500mAh rafhlaða - Vatnshelt hylki á 100m fylgir - Festingar og 8GB kort fylgja - Kemur í með flottri tösku.*

**kr. 37.900,-**

## Pioneer
### Hljómtækjastæða

*X-HM21BT-K/S*
*Bluetooth stæða*
*Til í svörtu og silfur.*
*Áður kr. 45.900,-*



*Jólatilboð* **kr. 36.900,-**

## SAMSUNG
K5505




LED • 1920X1080 • 400 PQI • Nýtt Smart viðmót

**32“ kr. 64.900.- / 40“ kr. 89.900.- / 49“ kr. 119.900,- / 55“ kr. 149.900.-**

## SAMSUNG
KU6405/6475




UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

**43“ kr. 119.900.- / 49“ kr. 149.900.- / 55“ kr. 179.900.- / 65“ kr. 309.900.-**

## SAMSUNG
KU6655/6505




UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1600 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

**43“ kr. 129.900.- / 49“ kr. 159.900.- / 55“ kr. 189.900.- / 65“ kr. 309.900.-**

Tefal 25 ÁR HJÁ ORMSSON

# Tefal
Pottar og pönnur

20% afsláttur

UNOLD
POPPVÉL
kr. 4.990,-

OBH NORDICA
Sterk keramik húð, sem rispast ekki. Þolir háan hita. Góð handföng. Auðvelt að þrífa að utan og innan. Líka í uppþvottavél.
Verð frá 5.990,-

bodum
Pressukönnur
í góðu úrvali.
Verð frá 5.990,-

NIVONA
Alsjálfvirk, afkastamikil og endingagóð kaffivél til heimilisnota.
5 ára reynsla á Íslandi
kr. 79.900,-

brabantia
Þrifalegu ruslafötunnar vinsælu eru til í mörgum stærðum, gerðum og litum.

ROMMELSBACHER
Samlokugrill
kr. 6.990,-

staub en France

bodum
Góð skurðarbretti í fjórugum litum.

OBH NORDICA
Smoothie Twister
kr. 7.990,-

AEG
Töfrasproti
kr. 13.990,-

VOLTA
Lilly
m/hleðslurafhlöðu
kr. 3.990,-

ZWILLING vörurnar eru lofaðar af fagmönnum um allan heim.

BRAUN Hárblásarar 20% afsláttur
BRAUN Rakvélar 20% afsláttur
BRAUN Tannburstar

| Vara | Gerð | Verð |
|---|---|---|
| Braun bartskeri | bt7050 | Kr. 14.900,- |
| Braun hárblásari | hd550 | Kr. 7.990,- |
| Braun skeggsnyrtir | cruz-6 | Kr. 13.900,- |
| Braun rakvél Sport | 197-1 | Kr. 12.900,- |
| Braun hárblásari | HD350 | Kr. 5.490,- |
| Braun Oral-B | Vitality Plus | Kr. 4.990,- |
| Braun Oral-B | Advanced Power | Kr. 2.190,- |
| Braun - OralB | Disney rafmagnstannbursti | Kr. 1.290,- |

NÝR VEFUR
Netverslun
ORMSSON.IS

Opnunartímar:
21. des. og 22. des kl. 10-19
Þorláksmessa kl. 10-21
Aðfangadagur kl. 10-12

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
# ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# Ákveðin í því allan tímann að skrifa kerlingabók

**Guðrúna Eva Mínervudóttir er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir Skegg Raspútíns. Þar fjallar hún um vináttu og samhljóm á milli sín og vinkonu sinnar Ljúbu í heimabæ þeirra, Hveragerði.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Guðrún Eva á heimili sínu í Hveragerði en bærinn er einmitt sögusvið bókarinnar Skegg Raspútíns. MYND/VERA PÁLSDÓTTIR

Nei, Ljúba er aðalpersónan en ekki ég," segir rithöfundurinn Guðrún Eva Mínervudóttir aðspurð hvað valdi því að nýjasta bók hennar, Skegg Raspútíns, sé eyrnamerkt sem skáldsaga þrátt fyrir að höfundur sé aðalpersóna sögunnar. Ljúba er vinkona Guðrúnar Evu í Hveragerði og skáldsagan Skegg Raspútíns hverfist að miklu leyti um samtöl þeirra tveggja og vináttu.

Guðrún Eva segir jafnframt að henni hafi fundist mikilvægt að merkja verkið sem skáldsögu þar sem hún væri ekki að öllu leyti trú atburðum. „Þó að margt af þessu sé sannleikanum samkvæmt þá breyti ég stundum tímaröð, þjappa á tímaásnum og svo er þarna ýmislegt sem er aðeins breytt til að vernda persónur. Svo er sumt hreinlega skáldað eins og það að ég hef aldrei prófað að taka stóran skammt af múskati en það hefur víst í för með sér umtalsverð ofskynjunaráhrif. Mér fannst það magnað þegar ég frétti að múskat gæti haft þessi áhrif. Þessi bók er um húsmæður og fannst mér tilhugsunin um að þær færu í kryddhilluna til þess að ná sér í eitthvað krassandi mjög við hæfi. Enda eru þær ekki með nein tengsl við undirheima Hveragerðis, hvað þá borgarinnar. Ástæða þess að kryddið er ekki bannað er sú að trippið er svo slæmt að það tekur því ekki að banna þetta," segir Guðrún Eva og hlær við tilhugsunina.

## Frelsi skáldsögunnar

Það er forvitnilegt að Guðrún Eva fari svo stíft þá leið að tala um skáldsögu, ekki síst í ljósi þess að margir höfundar, þá einkum karlmenn, hafa verið að fara inn á þessi mörk skáldskapar og ævisagna og hafa þá jafnvel brugðið fyrir sig hugtökum á borð við skáldævisaga. „Það er náttúrlega skiljanlegt að þekktar persónur fjalli um sig og skrifi ævisögu sína. En ég sem skáldsagnahöfundur er meira á bak við tjöldin og engin sérstök ástæða fyrir mig að gefa út ævisögu mína. Einnig má segja að með því að halda í skáldsagnaformið þá er ég miklu frjálsari.

Af því að ef ég væri að skrifa ævisögu mína eða aðra „sanna" sögu þá mundi ég taka það mjög alvarlega. Allt yrði að vera nákvæmt og sannleikanum samkvæmt eftir minni bestu samvisku en þarna get ég leikið mér meira. En ástæðan fyrir því að ég nota okkar eigin nöfn var að vera ekki að vekja upp spurningar heldur leyfa þessu að vera uppi á borðinu, fremur en að fólk þyrfti að vera að giska á það og fletta ofan af mér. Ég vildi ekki að vangaveltur um það hvort þetta væri ævisögulegt eða ekki þvældust fyrir sjálfri sögunni."

Í skáldsögunni er samband Guðrúnar Evu og Ljúbu kjarni verksins en skyldi vinkonan vera að öllu leyti sátt við þessa nálgun? „Já, mjög svo. Ég mundi aldrei gera þetta annars. Þessi bók er skrifuð af fullkominni virðingu fyrir viðfangsefninu og samband okkar er mjög svo hlýtt og náið. Hún er ákaflega örlát manneskja og skildi strax um hvað málið snerist og hafði jafn gaman af því og ég að blanda saman þessum bókmenntaformum, ævisögu og skáldskap. Og það ríkir fullkomið traust okkar á milli.

> **ÉG VAR LÍKA STOLT AF AÐ HAFA KJARK TIL ÞESS AÐ SKIFA BÓK SEM FJALLAÐI AÐ MESTU UM TVÆR HÚSMÆÐUR SEM RÆÐA SAMAN INNI Í ELDHÚSI OG MATREIÐA OG AÐ ÞAÐ VÆRI SAMT SPENNANDI BÓK.**

Ég svona grófþýddi fyrir hana eins mikið og við komumst yfir, við erum náttúrulega uppteknar konur eins og kemur fram í bókinni, og þá sagði ég bara: Hér er samtal sem við áttum og hér er samtal sem við hefðum getað átt og hún hafði jafn gaman af hvoru tveggja."

## Andlegur skyldleiki

Á tímapunkti í skáldsögunni, án þess að maður vilji vera að segja of mikið, þá áttar Guðrún Eva sig á ákveðinni speglun á milli lífs hennar og sinnar nýju vinkonu. En skyldi hún hafa fundið þennan samhljóm í lífi þeirri í raun og veru? „Já, og bókin fjallar líka mikið til um það hvað maður á sameiginlegt með fólki. Áherslan er þar, frekar en á hvað er ólíkt með okkur, eins og að hún er útlendingur og kemur frá allt öðrum menningarheimi og það er nánast eins og hún komi frá öðrum tíma. En þegar maður kynnist náið þá verður áherslan miklu frekar á það sem er sameiginlegt. Svo er það engin tilviljun að við verðum vinkonur því það er einhver andlegur skyldleiki á milli okkar tveggja."

En svo er líka einhver skyldleiki á milli þessara bæja, heimabæjar Ljúbu þar sem fólk er alltaf í gufubaði og Hveragerðis þar sem fólk gengur um í hveraþoku. „Já, það er rétt. Bókin er að svo miklu leyti líka um þorpið sem samnefnara og á hlýlegan hátt. Ekki þannig að allir séu með nefið ofan í hvers manns koppi heldur frekar að ef fólk er að fylgjast með eða skipta sér af þá er það af umhyggju. Ég hef alltaf búið í litlum þorpum, er alin upp hér og þar um landið, og ég hef alltaf upplifað miklu sterkar þessa góðu nærveru fólksins. Þar sem fólk gætir hvað annars og samkenndin er mikil."

## Krísa karla

Aðspurð hvort hún hafi sótt í einhvern ákveðinn bókmenntalegan grunn þegar hún skrifaði Skegg Raspútíns, og þá til að mynda kvenhöfunda sérstaklega, þá segir Guðrún Eva að hún hafi alla tíð lesið karl- og kvenhöfunda til jafns. „En þegar ég hugsa um svona „blueprint" fyrir þessa bók þá hugsa ég, kannski meira í gamni en alvöru, um kvikmyndina Steiktir grænir tómatar sem eina af mörgum mögulegum tilvísunum. En hins vegar var ég harðákveðin í því að allan tímann að ég væri að skrifa kerlingabók. Ég var ánægð með það og meinti það í besta mögulega skilningi og fegurstu merkingu orðsins. Það er löngu kominn tími til að endurheimta orðið kerling og fylla það af krafti og gleði.

Ég var líka stolt af að hafa kjark til þess að skrifa bók sem fjallaði að mestu um tvær húsmæður sem ræða saman inni í eldhúsi og matreiða og að það væri samt spennandi bók. Ég hef fengið mjög góðar viðtökur en það sem hefur komið hvað mest á óvart er að sterkustu og áköfustu jákvæðu viðbrögðin hafa komið frá ungum karlmönnum. Það var síðasti hópurinn sem ég bjóst við að mundi falla fyrir þessari bók."

En hvað gæti valdið þessu? „Það getur verið vegna þess, og þetta er eitthvað sem ég hef ekki rætt mikið varðandi þessa bók en held að sé raunin, að hún fjallar að einhverju leyti um krísu karla út frá sjónarhóli kvenna. Ég hef í mörg ár verið undrandi á þeirri gagnrýni að margar bækur fjalli um krísu karla og hef alltaf hugsað: Já, það er vegna þess að karlar eru í krísu. Það bitnar svo auðvitað bæði á þeim og konunum í kringum þá. Þarna er ég að takast á við þetta en engu að síður algjörlega út frá sjónarhóli kvenna. Auðvitað er þetta ekki bók sem fjallar bara um þetta en þetta er eitt af stóru málunum, jafnvel drifkraftur sögunnar; konur að lifa af krísu karla. Við Ljúba fjöllum aðeins um þetta og leyfum okkur að tala um allt. Líka þetta viðkvæma málefni sem kynin eru."

---

Við þögðum og horfðum á pallbíl silast eftir götunni með tröllvaxnar rætur undan stóru tré aftan á pallinum. Moldin af rótunum sáldraðist á malbikið.

Það er erfitt að vera karl, sagði hún allt í einu.

Sannarlega, svaraði ég. Þeir ráða engu heima hjá sér og þeir ráða engu í vinnunni, samt er þeim sagt að þeir ráði öllu og óréttlætið í heiminum sé þeim persónulega að kenna. Forréttindum þeirra er fórnað á altari hins rísandi kyns.

Hún leit undrandi á mig: Það er líka erfitt að vera kona.

Já, Ljúba, ég veit. Við erum að sligast undan ábyrgð og tvöföldu álagi. Og vitum ekki hvað við viljum. Hafa karlinn undirgefinn eða dóminerandi? Eiga börnin einar eða skikka pabbann til að taka ábyrgð? Hvernig eigum við að geta áttað okkur á eigin flóknu hvötum?

Hún hrukkaði ennið: Það eina sem fólk vill er virðing.

Já, sagði ég. Afsakið. Fólk er auðvitað bara fólk. Þetta átti að vera fyndið. En samt ekki. Alhæfingar eru til þess að dreifa huganum frá því sem er raunverulegt.

Hvað finnst þér þá raunverulega? spurði hún og hnyklaði brúnir.

Ég hætti mótþróanum og leyfði heimsdepurðinni að líða yfir eins og skýjabakka: Ég held að karlar hafi verið vanfeðraðir í margar kynslóðir. Þeir eru hálft lífið að læra að beina agressjón sinni í góðan farveg. Þangað til beinist hún í allar áttir og mest gegn þeim sjálfum.

*Skegg Raspútíns*
*eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur*
*bls. 108-109*

# STRÍÐIÐ MIKLA 1914–1918



## Íslendingar og heimsstyrjöldin fyrri

Heimsstyrjöldin fyrri – „stríðið mikla“ – hafði margvísleg áhrif á líf og lífskjör Íslendinga. Nærri 400 hermenn fæddir hér á landi börðust í skotgröfum stríðsins, og vegna kafbátahernaðar vofði siglingateppa yfir – um tíma óttaðist fólk hungursneyð á Íslandi. Þessi magnaða saga er rakin í lifandi texta og einstæðum ljósmyndum. Útkoman er áleitin svipmynd af hryllingi ófriðarins og íslensku þjóðlífi í aðdraganda fullveldis.




















**480 BLAÐSÍÐUR í stóru broti**

**540 LJÓSMYNDIR**

**LYKILL að nútímanum**

**„Þetta er afrek … bætir miklu við fyrir okkur sem lásum fyrri útgáfuna … óvenju vel unnin bók.“**

ÓÐINN JÓNSSON

★★★★★

**„… verðmætin felast þó fyrst og fremst í íslenska vinklinum sem varla hafa verið gerð jafn góð skil …“**

VALUR GUNNARSSON / DV

**„… afbragðsgott yfirlit yfir sögusvið stríðsins, í senn fræðandi og vekjandi.“**

JÓN ÓLAFSSON / HUGRAS.IS

**„… áhugaverð innsýn í tilveru Íslendinga á ófriðartímum fyrir 100 árum …“**

TINNA EIRÍKSDÓTTIR / SIRKÚSTJALDIÐ

### ÞEGAR SIÐMENNINGIN FÓR FJANDANS TIL

Bókin kom út fyrir jólin 2015 og hlaut mjög góðar viðtökur, fékk m.a. **Íslensku bókmenntaverðlaunin**. Þetta vandaða og læsilega rit birtist hér í nýjum búningi, aukið að efni og ríkulega myndskreytt.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



**Þorgrímur Kári beinir sviðsljósinu að aukapersónum í norrænni goðafræði og býr til sögu kringum þær.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

# Ákvað **síðast** hver yrði aðalpersónan

**Þorgrímur Kári Snævarr er með yngstu rithöfundum á Íslandi í dag. Sagan hans, Skögla – Helreið Nýráðs til Jötunheima, er ætluð unglingum. Hugmyndin er sótt í norræna goðafræði en samt er róið á ný mið.**


Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is




Nýráður, Angurboða, Ganglöt, Böðvildur, Skinnnefja, Véseti, Ráðbarður, Reginleif og Glumra. Allt eru þetta nöfn sem koma fyrir í nýrri unglingasögu eftir Þorgrím Kára Snævarr. Skögla – helreið Nýráðs til Jötunheima – nefnist bókin og í lok hennar er upptalning á tugum fornra sagna, kvæða og handrita sem höfundurinn notaði til innblásturs.

Þorgrímur Kári er nýorðinn 23 ára. Hann lauk í sumar BA-prófi í teiknimyndasagnagerð frá ESA Saint-Luc í Belgíu, einum virtasta skóla sinnar tegundar í Evrópu. En í nýju bókinni beitir hann ekki teiknihæfileikunum heldur lætur bókstafina um að segja frá. Hann kveðst hafa byrjað á sögunni fyrir fimm árum þegar hann var nýbúinn með annað árið sitt í MR. Var hann þá strax kominn með grind að henni í hugann?

„Ég vissi svona lauslega hvað mundi gerast, þó ég væri ekki búinn að ákveða alveg allt fyrirfram. Mig langaði að búa til goðsögulega bók byggða á norrænni goðafræði, eftir að hafa lesið Snorra Eddu og Völuspá í MR. En í stað þess að vera með Óðin og Þór í aðalhlutverki vildi ég beina athyglinni á nýja staði. Síðan fór ég að hugsa um söguþráðinn og það síðasta sem ég ákvað var hver yrði aðalpersónan. Ég valdi dverg sem heitir Nýráður og er bara minnst á í dvergatalinu í Völuspá. Skögul er líka bara í nafnatali. Slíkt gildir um margar persónur í bókinni að þær eru bara nefndar á einum stað í hinum fornu ritum og það gaf mér svigrúm til að búa til mínar eigin persónur í kringum nöfnin."

**ÉG HEF ALLTAF VERIÐ MIKIÐ Í ÞVÍ AÐ GERA SÖGUR OG VAR MEST Í MYNDASÖGUGERÐ ÞEGAR ÉG VAR YNGRI.**

Án þess að afhjúpa alltof mikið um söguþráðinn þá eru aðalpersónurnar Nýráður og fósturdóttir hans Skögul á ferð til konungsríkis í Svíþjóð sem nefnist Næríki en missa sjónar hvort á öðru. Sagan fjallar mest um leit þeirra hvors að öðru á ný en á þeirri leið mæta þau ýmsum karakterum og lenda í hættum og ævintýrum.

Spurður hvort hann hafi strax verið ákveðinn í því sem barn að leggja skriftir og teikningar fyrir sig svarar Þorgrímur Kári: „Ég hef alltaf verið mikið í því að gera sögur og var mest í myndasögugerð þegar ég var yngri. En þetta er fyrsta bókin mín og það var dálítið átak að búa hana til."

Þorgrímur hefur farið í hina ýmsu skóla að undanförnu og lesið upp, einkum fyrir krakka í 6. til 8. bekk. Hann segir þá áhugasama og hafa þurft að spyrja ótal spurninga.

# Í tímavél aftur um 2000 ár

**GEISLADISKUR**

**Gyða Valtýsdóttir: Epicycle**

★★★☆☆

Smekkleysa




Mikið væri nú gaman ef hægt væri að ferðast aftur í tímann og heyra tónlist eins og hún hljómaði hjá Forngrikkjum sem voru svo þróaðir í músíkinni. En þó tímavélar séu ekki til, fékk ég nýlega í hendurnar grip sem fór engu að síður með mig í tímaferðalag. Þetta var geisladiskur Gyðu Valtýsdóttur, sem er hámenntaður sellóleikari. Hann spannar ákaflega vítt svið. Þarna eru þekkt verk eftir Schumann, Messiaen, Crumb og Schubert, en svo er líka farið miklu lengra. Á diskinum er að finna elsta skráða tónverk sögunnar, hina svokölluðu Grafskrift Seikilosar. Hún er um 2000 ára gömul og samanstendur af söngtexta og þeirra tíma nótum.

Eins og grafskriftin birtist manni í nútíma nótnaletri, þá er hún átta taktar og er talið upp að sex í hverjum þeirra. Það er töluvert, meira en bara einhver hending. Lagið er frábært hér, Gyða leikur undir eigin söng sem er fínlegur en fullur af innlifun. Einnig koma sekkjapípur, flautur, rafmagnsgítar og slagverk við sögu. Það er flott, sköpuð er tímalaus stemning sem er svo lokkandi að maður hreinlega hverfur inn í aðra veröld.

Annað ótrúlega seiðandi verk er Ancient Mode II sem er eftir tónskáldið Harry Partch (1901-1974). Þetta er hugleiðing um fornan tónstiga sem líkt og áðurnefnt lag er ættaður frá Forngrikkjum. Gyða spilar af andakt á sellóið, en undir hljómar óljóst marimba, slagverk og kíþara heyrist mér, sem er strengjahljóðfæri, einskonar forfaðir gítarsins. Útkoman er sjaldheyrður unaður.

Langflest annað á diskinum er býsna þekkt úr heimi klassískrar tónlistar. En umgjörðin er allt öðru vísi en maður á að venjast. Segja má að hvert lag sé rímix, persónuleg túlkun Gyðu sem er afar frjálsleg. Því miður heppnast það nokkuð misjafnlega.

Hægi kaflinn í Es-dúr píanótríóinu op. 100 eftir Schubert kemur t.d. ekki vel út. Hans eigin útgáfa, fyrir píanó, selló og fiðlu er svo fögur að útsetning Gyðu bliknar í samanburðinum. Gyða setur rafgítar í forgrunninn sem er hjáróma og trommaður hergöngutaktur er hreint út sagt kjánalegur.

Lofsöngur um eilífð Jesú úr Kvartett um endalok tímans eftir Messiaen er ekki heldur viðunandi. Kaflinn er upphaflega fyrir selló og píanó, en á diskinum er spilað á rafgítar í stað píanósins. Af hverju í ósköpunum? Það vantar fyllingu píanósins í rafgítarinn, hljómurinn er holur og óekta.

Ákveðinn nýaldarkeimur er á diskinum sem hentar lögunum misvel. Sönglag Schumanns er t.d. ekki gott. Þó það sé vissulega draumkennt í upprunalegri gerð, er sú stemning ýkt út í það óendanlega svo útkoman er hálfgerð skrumskæling. Svipaða sögu er að segja um eitt af Visions fugitives eftir Prokofiev. Þetta er mikil synd. En annað er betra, eins og t.d. God-Music eftir Crumb og Ave Generosa eftir Hildegard Von Bingen. Það er transtónlist í sjálfu sér sem rímar við andrúmsloftið á geisladiskinum. Og lögin sem minnst var á í upphafi eru óneitanlega mögnuð.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Heildarútkoman er ójöfn, sumt er framúrskarandi, en annað alls ekki.

# JÓLAGJAFIR

acer

## FHD SKJÁR OG SSD

Vinsæl jólagjöf. Ótrúlegt verð fyrir 15,6“ fartölvu með FHD háskerpuskjá og hraðvirkum SSD diski. Traustur Intel örgjörvi og 8GB vinnsluminni. Virkilega góð kaup.

ACE-NXGCEED042




**69.995**
HÁSKERPUSKJÁR



ÓTRÚLEGT JÓLATILBOÐ

**12.995**
Í JÓLAPAKKANN

## MIKIÐ ÚRVAL JÓLAGJAFA

Verslanir okkar um allt land eru stútfullar af skemmtilegum jólagjöfum í öllum verðflokkum. Hvort sem þig vantar gjöf fyrir vin þinn, maka eða börn þá getum við hjálpað þér að finna skemmtilega gjöf við hæfi.



**32.995**
ÁÐUR 36.995

nextbook NEX-NX785QC8G

## 8” SPJALDTÖLVA Í JÓLAPAKKANN

Vinsæl 8” spjaldtölva fyrir börnin sem geta valið úr þúsundum ókeypis leikja í Google Playstore . Ótrúlegt verð.

ASUS ASU-VX248H

## 24” FULLHD Á JÓLATILBOÐI

Glæsilegur Asus UltraSlim háskerpuskjár sem getur tengst við flest öll tæki. HDMI og innbyggðir hátalarar.

**11.995**
LEIKJAMÚS



RAZER RAZ-RZ0101210100R3G1

### RAZER DEATHADDER CHROMA

Sérstaklega vinsæl og næm leikjamús. 10.000 DPI optískur skynjari og Chroma lýsing með 16,8 milljónum lita.

**8.995**
STÝRIPINNI



Microsoft MS-52A00005

### STÝRIPINNI FYRIR XBOX OG PC

Vinsæll og vandaður USB stýripinni fyrir XBOX 360 og PC tölvur frá Microsoft.

**9.995**
ÁÐUR 11.995



ÓTRÚLEGT VERÐ

EPSON EPS-XP235

### ÞRÁÐLAUS HEIMILISPRENTARI

Ótrúlegt jólatilboð á þessum fjölnota heimilisprentara sem prentar, skannar og ljósritar. Einfaldur í notkun.

**9.995**
ÁÐUR 11.995



TOSHIBA TOS-HDTB310EK3AA

### TRAUSTUR 1TB VASAFLAKKARI

Traustur og handhægur 1TB Toshiba Canvio vasaflakkari á jólatilboði. Háhraða USB 3.0 og fær rafmagn í gegnum USB snúruna.

**59.995**
NÝTT GTX1060



ASUS ASU-STRIXGTX106006G

### GTX1060 LEIKJASKJÁKORT

6GB Asus Strix GTX1060 með þremur viftum og þriggja ára ábyrgð. VR Ready og hljóðlátt.

# TÖLVULISTINN

OPIÐ TIL 22

REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS AKRANES

Jólareikningur
EINGREIÐSLA 2. FEBRÚAR
0% vextir, 2% lántökugjald og 199 kr. uppgjörsgjald.

markhönnun ehf

# netto

## Gott og ódýrt fyrir jólin...

**Hátíðarlambalæri**
Hátíðarlambalæri marinerað - Goði
**1.594 KR/KG**
Áður: 1.898 kr/kg

GOÐI



22%



**Lambahryggur**
frosinn heill
**1.778 KR/KG**
Áður: 2.279 kr/kg

GOÐI

20%



**Goði Pítubuff**
með 6 brauðum
**1.278 KR/PK**
Áður: 1.598 kr/pk

NÝTT Í netto



HUMARSALAN

**Hátíðarsúpa Humarsölunnar,**
850 ml
**1.298 KR/PK**

## Humar er ómissandi á veisluborðið!






**Humar VIP**
millistærð 800 gr.
